**JÓHANN GUNNAR EINARSSON**

*Er strax byrjaður að æfa fyrir komandi leiktíð*

Heilsa

allt Í MIÐJU BLAÐSINS



**EINAR ÁGÚSTSSON**

*Ódýrari ferðir úr miðbænum*

Nýtt fyrirtæki skutlar fólki heim í úthverfin af djamminu fyrir 500 krónur

FÓLK 36



Garðlausna-bæklingur MEST fylgir blaðinu í dag

mest



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

23. maí 2006 — 137. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

# Hleranir stjórnvalda verði rannsakaðar

**Samstaða er meðal flokksformanna stjórnarandstöðunnar um að Alþingi beiti sér fyrir rannsókn á símhlerunum stjórnvalda sem viðgengust á tímum kalda stríðsins. Varaformaður Framsóknarflokksins vill að málið verði upplýst.**

**STJÓRNSÝSLA** Flokksformenn stjórnarandstöðuflokkanna eru sammála um að Alþingi beiti sér fyrir rannsókn á símhlerunum sem íslensk stjórnvöld létu gera hjá stjórnmálaflokkum, fjölmiðlum, félagasamtökum og einstaklingum í sex tilvikum á árabilinu 1949 til 1968, og kemur fram í niðurstöðum Guðna Th. Jóhannessonar sagnfræðings. Alþingi kemur saman á þriðjudag í næstu viku.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, talar um atlögu að lýðræðinu. „Það eru dómsmálaráðherrar Sjálfstæðisflokksins sem ákváðu að beita hlerunum gagnvart einstaklingum og samtökum sem voru þeim pólitískt ekki að skapi.“

Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri hreyfingarinnar - græns framboðs, segir þetta vera meiriháttar hneyksli og ekki komi annað til greina en að fram fari opinber rannsókn. „Það er sérstaklega alvarlegt ef svona heimildir eru misnotaðar í pólitísku skyni eins og hér virðist því miður hafa verið tilfellið og rosalegt að menn hafi lagt í að hlera pólitíska andstæðinga sína.“

Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins, segir þetta koma á óvart. „Ég átti ekki von á því að það hefðu verið stundaðar símahleranir hjá fólki á Íslandi og allra síst að þær hefðu verið stundaðar hjá þingmönnum.“ Guðjón segir nú búið að upplýsa að þetta hafi átt sér stað og ekkert annað hægt en að krefjast þess að málið verði rannsakað í kjölinn.

Guðni Ágústsson, varaformaður Framsóknarflokksins, telur að samræma þurfi umræðuna og upplýsa málið. „Eðlilega koma þessar upplýsingar mörgum á óvart og auðvitað er langheiðarlegast að málið sé opnað og skoðað þannig að allt sem að því snýr sé upplýst. Ég sé enga ástæðu fyrir stjórnmálamenn dagsins að fara að standa gegn því.“

Ekki náðist í formann eða varaformann Sjálfstæðisflokksins vegna málsins. Arnbjörg Sveinsdóttir, þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins, sagði að farið yrði yfir málið innan flokksins. „Við eigum eftir að fara yfir hvernig best er að bregðast við þessu. Það þarf að kanna í hvaða farveg svona mál fara en á þessari stundu veit ég ekki hvað við munum leggja til í því.“ **- sdg /sjá síðu 2**



**MÓTMÆLA NIÐURRIFI FÁTÆKRAHVERFANNA** Þessir íbúar fátækrahverfa í Nýju-Delí á Indlandi mótmæltu í gær harðlega áformum borgaryfirvalda um að rífa fátækrahverfin. Tilgangurinn með niðurrifinu er að fegra borgina áður en samveldisleikarnir verða haldnir þar árið 2010.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Áætlað er að um miðjan júlí verði varnarliðsmenn í Keflavík innan við 500:

# Flutningar ganga hratt fyrir sig

**VARNARLIÐIÐ** Flutningur bandaríska varnarliðsins frá Keflavíkurstöðinni gengur hratt fyrir sig. Áætlað er að fyrir miðjan júlí verði innan við 500 manns eftir í stöðinni. Frá þessu er greint á fréttavef Stars & Stripes, dagblaði Bandaríkjahers.

2.500 manns bjuggu í stöðinni er tilkynnt var um miðjan mars að liðið yrði kallað á brott héðan fyrir septemberlok. Samkvæmt brottflutningsáætluninni verða stórir hópar Keflavíkurstöðvarbúa, hermanna og fjölskyldna þeirra, fluttir á brott á næstu vikum. Fyrir miðjan júní eiga innan við 1.250 manns að vera eftir og mánuði síðar innan við 500, að því er Stars & Stripes hefur eftir Mark Laughton flotaforingja, yfirmanni herstöðvarinnar.



**HERMENN Í KEFLAVÍKURSTÖÐINNI** Aðeins sárafáir verða eftir um mitt sumar.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Eftir miðjan júlí verða þeir einir eftir í stöðinni sem taldir eru ómissandi fyrir algera lágmarksstarfsemi. Er þar sérstaklega um að ræða öryggisgæsluliðið og þá sem koma að rekstri flugvallarins sjálfs.

Eftir Laughton er enn fremur haft að enn liggi ekki fyrir nákvæmlega hvort eða hvaða liði Bandaríkjaher muni halda til frambúðar á Íslandi; pólitískar viðræður um það standi enn yfir. **- aa**



**LÖGREGLUSTÖÐIN VIÐ HVERFISGÖTU** Hlerunarbúnaður lögregluembættanna á Íslandi er íslensk smíði.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Lögregluembættin hérlendis:

# Nota íslenskan hlerunarbúnað

**LÖGREGLA** Hlerunarbúnaður lögreglunnar í Reykjavík er staðsettur á fjórðu hæð lögreglustöðvarinnar við Hverfisgötu. Hann er hönnun og smíði íslenskra lögregluþjóna og var tekinn í notkun árið 2002 eftir að norskum hlerunarbúnaði var skipt út eftir þrálátar bilanir.

Sérstakir starfsmenn lögreglunnar í Reykjavík sjá um hleranirnar og skiptir þá ekki máli hvaða lögregluembætti landsins á í hlut. Ingimundur Einarsson varalögreglustjóri segir búnaðinn langmest notaðan til eftirlits vegna fíkniefnamála og aldrei án þess að dómsúrskurður liggi fyrir. **- shá**

Úrvalsvísitala lækkar:

# Háir vextir bíta í fjárfesta

**VIÐSKIPTI** Úrvalsvísitalan lækkaði um 2,5 prósent í gær og stendur í 5.436 stigum. Heldur dró úr lækkunum þegar leið á daginn en mesta dagslækkun varð á bréfum í Landsbankanum (-4,1%), KB banka (-3%) og Straumi-Burðarási (-3%).

Að sögn verðbréfamiðlara er tvennt sem skýrir þessa lækkun. Annars vegar eru vextir í sögulegu hámarki sem veldur því að fjármagnskostnaður vegna hlutabréfakaupa verður hærri. Hins vegar urðu í gær miklar lækkanir á erlendum hlutabréfamörkuðum, svo sem í norrænu kauphöllunum, sem hefur áhrif á verðmæti íslenskra félaga. **- eþa**

Stórlækkum fasteignagjöld aldraðra!

FRJÁLSLYNDIR OG ÓHÁÐIR

xF

www.xf.is
www.f-listinn.is

## Allt nema Svanavatnið



Jazzballetskóli Báru fagnar fjörutíu ára starfsafmæli um þessar mundir. Margt nýtt er á döfinni í skólanum.

TÍMAMÓT 26

## Hamingjusprengja á Nasa



Páll Óskar hélt frábært Eurovision-partí um helgina.

FÓLK 36

## Nú skal kosið



„Ég hlýt að viðurkenna að það tók mig svolitla stund að skilja ummæli Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar á föstudaginn um innanmein og klofning í R-listanum,“ segir Valgerður Bjarnadóttir sem vonar að Vilhjálmur viti að R-listinn býður ekki fram í ár.

Í DAG 22

## Ætti að hugsa um liðið sitt



Gunnlaugur Jónsson, fyrirliði KR, segir að fyrrum þjálfari sinn hjá ÍA, Ólafur Þórðarson, eigi frekar að hugsa um leik síns liðs en að velta sér upp úr því hvort hann eigi að fá rautt spjald eður ei.

ÍÞRÓTTIR 40

## VEÐRIÐ Í DAG





**HVASSVIÐRI** - Í dag verður norðan hvassviðri á norðvestanverðu landinu og allhvasst vestan til. Mun hægari fyrir austan og suðaustan. Snjókoma eða slydda á norðurhluta landsins en úrkomulítið syðra. Hiti 0-8 stig, mildast syðst.

VEÐUR 4

Drögum á morgun

Átt þú miða?

HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS
vænlegast til vinnings





## SPURNING DAGSINS?

*Una María, ætluðu sjálfstæðismenn að plata þig?*

Satt og logið, sitt er hvað sönnu er best að trúa. Framsóknarmenn þekkja það þegar verið er að ljúga.

Una María Óskarsdóttir, þriðji maður á lista Framsóknarflokksins í Kópavogi, fékk hringingu frá skrifstofu Sjálfstæðisflokksins þar sem verk bæjarstjórnar voru eignuð þeim flokki þó að Framsóknarflokkur sé einnig hluti að meirihlutanum.

Danskir hjúkrunarfræðingar fá 60 prósentum hærri laun en þeir íslensku:

# Búa frítt og fá ýmis fríðindi

**HEILBRIGÐISMÁL** Dönsku hjúkrunarfræðingarnir sem áætlað er að komi til starfa hjá Landspítalanum í sumarafleysingum munu fá allt að 60 prósentum hærri laun en íslenskir starfsbræður þeirra, segir Elsa B. Friðfinnsdóttir, formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga.

Auk þess munu dönsku hjúkrunarfræðingarnir njóta fríðinda sem íslenskum starfsbræðrum þeirra standa ekki til boða, eins og til dæmis fríar ferðir, frítt húsnæði og vikulegar skemmtiferðir.

Ráðning dönsku hjúkrunarfræðinganna er liður í því að mæta manneklu sem hefur verið viðvarandi á Landspítalanum um nokkurt skeið. Þeir munu koma á vegum dönsku starfsmannaleigunnar Ethnic Care og því spurði Fréttablaðið Elsu hvort nokkuð væri til fyrirstöðu að íslensku hjúkrunarfræðingarnir létu ráða sig þar einnig.

„Það væri jafnvel nokkuð sterkur leikur þó að ég hafi ekki hugleitt það svo gaumgæfilega," svarar hún. Hún segir að á undanförnum árum hafi fjölmargir hjúkrunarfræðingar horfið til annarra starfa vegna mikils álags. Nær væri að yfirvöld reyndu að lokka þá aftur til starfa frekar en að borga svo erlendum hjúkrunarfræðingum svo há laun. **- jse**



**FUNDUR UM LAUNAKJÖR** Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga boðaði til fundar um launakjör erlendra hjúkrunarfræðinga í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Könnun Gallup fyrir RÚV:

# D-listi fengi átta fulltrúa

**KOSNINGAR** Sjálfstæðisflokkurinn fengi átta manns kjörna og hreinan meirihluta í borgarstjórn samkvæmt raðkönnun Gallup sem Ríkisútvarpið birti í gær. Flokkurinn fengi 45 prósent en hafði 43 í fyrradag, Samfylkingin fengi 27 prósent en hafði 32, VG fengi 15 prósenta fylgi en hafði 11 og Frjálslyndir liðlega átta prósent en höfðu um 10 prósent í fyrradag. Framsóknarflokkurinn fengi 4,2 prósent en hafði 3,9 í fyrri könnun Gallup. VG fengi samkvæmt þessu tvo menn kjörna en Samfylkingin tapar einum og fengi fjóra fulltrúa. Frjálslyndir ná manni inn í borgarstjórn en Framsóknarflokkurinn ekki. **- jh**

Pétur Þorvarðarson:

# Fannst látinn eftir mikla leit

Pétur Þorvarðarson, 17 ára piltur sem saknað hefur verið frá aðfaranótt 14. maí, fannst látinn í fyrrakvöld.

Á laugardag fundust fótspor skammt frá upptökum Selár í Vopnafirði sem líklegt þótti að væru eftir Pétur. Það er mjög langt frá alfaraleið og í öfuga átt við þá sem leitinni hafði verið stýrt í. Pétur fannst svo um 35 kílómetra frá Grímsstöðum, þaðan sem hann hélt rúmri viku fyrr.



**PÉTUR ÞORVARÐARSON**

Mikill fjöldi björgunarmanna, þyrlur og hundar tóku þátt í leitinni og lögreglustjórinn á Húsavík vill koma á framfæri þökkum til allra sem aðstoðað hafa. **- sh**

Árekstur á Reykjanesbraut:

# Níu á slysadeild eftir árekstur

**LÖGREGLA** Níu manns voru fluttir á slysadeild eftir harðan árekstur á Reykjanesbraut laust eftir hádegi í gær. Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni í Keflavík ók fólksbíll á hlið stórs níu sæta fólksbíls þegar sá stærri beygði í veg fyrir hinn við afleggjarann inn að Stekk.

Átta voru í stærri bílnum og voru þeir allir fluttir á slysadeild. Þrennt var í þeim minni og var einn úr honum fluttur á slysadeild. Meiðsl eru ekki talin alvarleg. Báðir bílarnir eru mikið skemmdir og voru fjarlægðir af dráttarbíl. **- sh**

## SLÖKKVILIÐ

**Eldur í Álafossi** Allt tiltækt slökkvilið var kallað að gömlu Álafossverksmiðjunni í gærmorgun þar sem kviknað hafði í þaki hússins. Eldurinn hafði verið slökktur áður en slökkvilið kom á vettvang og var þá stærstur hluti liðsins kallaður til baka.

# Uppgjör við stjórnmál kalda stríðsins

**Dómsmálaráðherra er þeirrar skoðunar að rannsaka þurfi sögu íslenskra stjórnmála á tímum kalda stríðsins. Það verði ekki gert án ítarlegrar rannsóknar. Fyrrverandi þingmaður segir að um „toppinn á ísjakanum" sé að ræða.**

**STJÓRNSÝSLA** Björn Bjarnason, dóms- og kirkjumálaráðherra, segist hafa verið málsvari þess lengi að gert verði upp við kalda stríðið í íslenskum stjórnmálum og slíkt verði ekki gert án ítarlegrar rannsóknar. Til þess verði að rannsaka fleiri þætti en þá sem snúa að hlerunum. Þetta voru viðbrögð hans þegar hann var inntur eftir því hvort hann sem dómsmálaráðherra muni beita sér fyrir því að hleranir stjórnvalda á tímum kalda stríðsins verði rannsakaðar sérstaklega, jafnvel með opinberri rannsókn.



**LYNDON B. JOHNSON Í REYKJAVÍK 1963** Við komu varaforseta Bandaríkjanna ákváðu herstöðvarandstæðingar að mótmæla erlendri hersetu á Íslandi. Autt svæði átti að vera á milli varaforsetans og mótmælenda en það gekk ekki eftir.

Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur greindi frá því í fyrirlestri á Söguþingi Íslands 2006 á sunnudag að íslensk stjórnvöld hleruðu síma hjá fjölda fólks í að minnsta kosti sex tilvikum á árunum 1949 til 1968. Þar á meðal voru hleraðir símar hjá fjórum alþingismönnum. Nöfn þeirra hefur Guðni ekki gefið upp enda segir hann aðgengi sitt hafa verið bundið þeim skilyrðum að hann greindi ekki frá nöfnum þeirra sem skrifaðir voru fyrir þeim símum sem hleraðir voru. „Ég fékk aðgang að vissum gögnum gegn ákveðnum skilyrðum og ég vil ekki rjúfa þann trúnað sem ég lofaði að sýna. Frekar vil ég vera of orðvar en hitt," segir Guðni og jafnframt að það sé annarra að greina frá slíku þar sem leynd hvíli á þeim gögnum sem um ræðir.



**BJÖRN BJARNASON**



**GUÐNI TH. JÓHANNESSON**



**RAGNAR ARNALDS**

Dómsmálaráðherra segist ekki hafa séð þau gögn um hleranir sem Guðni byggir rannsókn sína á en segist hafa talið það víst að úrskurðir af þessu tagi væru til og skráðir í dómabækur.

Ragnar Arnalds, fyrrverandi alþingismaður, segir að í tveimur tilfellum af sex sem Guðni tilnefnir geti ekki verið átt við neinn annan en hann. „Ég lít svo á að símhleranir séu persónunjósnir af versta tagi og þær eigi ekki að þekkjast í landi sem býr við þingræði og lýðræði. Ekki síst að hlera síma þingmanna sem samkvæmt stjórnarskrá njóta sérstakrar friðhelgi." Ragnar segir að ætlast sé til að dómstólar trufli ekki störf þingmanna en svo sannist að símhlerunum var beitt gegn þingmönnum stjórnarandstöðu. „Þetta er auðvitað ótrúleg saga og forkastanleg aðferð gegn pólitískum andstæðingum." Ragnar segist gruna að það sem nú er komið fram í dagsljósið sé aðeins toppurinn á ísjakanum og hleranir hafi verið miklu víðtækari en kemur fram í rannsókn Guðna.

svavar@frettabladid.is

### HLERANIR STJÓRNVALDA 1949-1968

**1949: Inngangan í Atlantshafsbandalagið**
Mikil pólitísk spenna og átök þegar lagt var til að Ísland gengi í Atlantshafsbandalagið. Miklar óeirðir urðu á Austurvelli þann 30. mars þetta ár. Alls voru 16 símanúmer hleruð. Þau tilheyrðu Sósíalistaflokknum, Þjóðviljanum en önnur númer voru í heimahúsum og þar af á heimilum þriggja alþingismanna.

**1951: Heimsókn Dwights Eisenhower**
Þjóðviljinn mótmælti harðlega komu hershöfðingjans, síðar forseta Bandaríkjanna, og sagði að óvild þjóðarinnar myndi umlykja hann. Hleruð voru fimmtán símanúmer. Hjá Þjóðviljanum, Sósíalistaflokknum og Dagsbrún. Símar ellefu einstaklinga voru hleraðir þar af hjá tveimur Alþingismönnum.

**1951: Koma Bandaríkjahers til Íslands**
Lögreglan í Reykjavík taldi að raunveruleg hætta væri á að friði og reglu væri ógnað af andstæðingum „aðgerða í öryggismála landsins". Þetta var byggt á ályktun fulltrúaráðs Sósíalistafélags Reykjavíkur um að gera 1. maí að „stórum degi." Koma hersins var sett í samhengi við þessa ályktun og samþykkt að hlera alls 25 símanúmer. Þau voru hjá Sósíalistaflokknum, Þjóðviljanum og Verkamannfélaginu Dagsbrún. Sextán heimasímar voru hleraðir, þar af hjá fjórum alþingismönnum.

**1961: Landhelgissamningur við Breta**
Samkomulag í landhelgisdeilunni lá fyrir en ráðamenn óttuðust viðbrögð almennings. Óttast var að tilraunir yrðu gerðar til að trufla starfsfrið Alþingis og hleranir samþykktar á fjórtán símanúmerum. Þau tengdust Alþýðubandalaginu, Dagsbrún og Alþýðusambands Íslands. Einnig sími hjá Dagfara, tímriti Samtaka herstöðvarandstæðinga.

**1963: Varaforseti BNA til Íslands**
Herstöðvarandstæðingar nota tækifærið til að mótmæla hersetunni hér á landi við Háskólabíó þar sem Lyndon B. Johnson hélt fund. Alltaf var ætlunin að þau mótmæli færu friðsamlega fram en um það efuðust stjórnvöld. Samþykktar voru sex hleranir; hjá Sósíalistaflokknum og félagi flokksins í Reykjavík, sími Dagfara og hernámsandstæðinga. Sími tveggja einstaklinga var hleraður og annar þeirra var alþingismaður.

**1968: Ráðherrafundur Atlantshafsbandalagsins**
Samtök hernámsandstæðinga boðuðu til mótmæla vegna fundarhaldanna og töldu stjórnvöld brýna nauðsyn fyrir almannaöryggis að hlera símanúmer.Sautján númer voru hleruð, tvö hjá Sósíalistaflokknum og eitt hjá Dagsbrún, einnig Dagfara, Þjóðviljanum, Æskulýðsfylkingunni og MÍR, menningartengslum Íslands og ráðstjórnarríkjanna. Tíu heimasímar voru hleraðir, þar af tveir á heimilum alþingismanna.






Forseti Alþingis stendur gegn hvers konar brotum á friðhelgi alþingismanna:

# Telur hleranir ekki pólitískar

**HLERANIR** Sólveig Pétursdóttir, forseti Alþingis, segir ýmsar leiðir færar til að rannsaka símhleranir sem átt sér stað í kalda stríðinu og komi fram tillaga á þingi um að rannsaka þessi mál muni hún fá þinglega meðferð. „Hægt er að stofna sérstaka rannsóknarnefnd á vegum þingsins sem yrði skipuð þingmönnum. Einnig gætu flokkar komið sér saman um að skipa sérstaka rannsóknarnefnd einstaklinga sem sitja utan þings sem myndu skila skýrslu til þings." Sólveig segir misjafnar leiðir hafa verið notaðar á Norðurlöndunum við rannsókn á símhlerunum.

„Viðamikil rannsókn var gerð í Noregi á vegum þingskipaðrar nefndar árið 1996 og í Svíþjóð var nefnd undir stjórn ríkismarskálks sem skilaði niðurstöðu árið 2002. Í Danmörku var nefnd á vegum dómsmálaráðuneytisins, skipuð utanaðkomandi aðilum, sem rannsakaði hleranir."

Sólveig segist, sem forseti Alþingis, auðvitað standa gegn hvers konar símhlerunum eða öðrum brotum á friðhelgi alþingismanna í pólitískum tilgangi. „En ég hef ekki ástæðu til að ætla að slíku hafi verið beitt né að það verði gert í framtíðinni." Það eru lagaheimildir fyrir símhlerunum við rannsókn sakamála, sem sé neyðarúrræði lögreglu, og stjórnarskrá setur það skilyrði að dómsúrskurður verði að liggja fyrir símhlerunum. Frumkvæði að hlerunum kemur alltaf frá lögreglu að sögn Sólveigar. „En pólitískar símhleranir eru auðvitað lögbrot og stjórnarskrárbrot. Ég er viss um að slíkt tíðkast ekki nú né hafi tíðkast." **- sdg**



**SÓLVEIG PÉTURSDÓTTIR** Segir ýmsar leiðir færar til að rannsaka símhleranir á tímum kalda stríðsins.



# TÍMI TIL AÐ FRAMKVÆMA

Við höfum metnaðarfulla framtíðarsýn og ætlum í samvinnu við Reykvíkinga að búa til betri borg. Í skipulags- og samgöngumálum eigum við að horfa lengra og hugsa stórt með það að markmiði að auka lífsgæðin í borginni, fjölga íbúum og tryggja að allir sem hér vilja búa eigi þess kost.

## FJÖLBREYTTAR LÓÐIR FYRIR ALLA

Allir sem vilja búa og byggja í Reykjavík eiga að hafa kost á fjölbreyttu húsnæði og lóðum. Lóðauppboð verður afnumið og lóðagjöld lækkuð.

## FLUGVÖLLUR VERÐI ÁFRAM Í REYKJAVÍK

Innanlandsflugið verður ekki flutt til Keflavíkur. Að lokinni athugun sérfræðinga á mögulegum flugvallarstæðum verður tekin ákvörðun um framtíðarlegu flugvallarins, þar sem öryggissjónarmið ráða úrslitum.

## SUNDABRAUT OG MISLÆG GATNAMÓT

Sundabrautin verði lögð fjögurra akreina í einum áfanga alla leið upp á Kjalarnes og mislæg gatnamót byggð á mótum Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar.

www.betriborg.is

XD
SJÁLFSTÆÐISFLOKKURINN

## GENGIÐ

**GENGI GJALDMIÐLA 19.05.2006**

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 71,51 | 71,85 |
| Sterlingspund | 134,21 | 134,87 |
| Evra | 91,35 | 87,91 |
| Dönsk króna | 12,254 | 12,326 |
| Norsk króna | 11,704 | 11,772 |
| Sænsk króna | 9,766 | 9,824 |
| Japanskt jen | 0,6357 | 0,6395 |
| SDR | 106,42 | 107,06 |

*Gengisvísitala krónunnar*
**126,5205**

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Alþingi kemur saman á þriðjudag strax að loknum sveitarstjórnarkosningum:

# Heitt sumarþing eftir helgi

**ALÞINGI** Engar breytingatillögur hafa borist iðnaðarnefnd Alþingis frá Valgerði Sverrisdóttur iðnaðarráðherra við lagafrumvarp hennar um stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og byggðaþróun. Fundur hefur ekki heldur verið boðaður í nefndinni.

Valgerður kvaðst í síðustu viku ætla að gera breytingar á frumvarpinu til þess að freista þess að fá það afgreitt á sumarþinginu.

Alþingi kemur saman til fundar næstkomandi þriðjudag að loknum sveitarstjórnarkosningum. Auk þess sem stjórnarliðar leggja áherslu á að afgreiða nýsköpunarfrumvarpið er ætlunin að afgreiða lagafrumvarp menntamálaráðherra um rekstrarform Ríkisútvarpsins.

Að auki bíður afgreiðslu frumvarp um að olíugjald haldist óbreytt en það var lækkað tímabundið í fyrra með lögum. Frumvarp um skattalega meðferð fyrirtækja á gengishagnaði bíður einnig afgreiðslu sem og frumvarp um réttindi samkynhneigðra.

Stjórnarandstaðan ætlar að krefjast umfjöllunar um nýjar upplýsingar um símhlerun á undanförnum áratugum meðal þingmanna og fleiri. Jafnframt má búast við umræðum um verðbólguhorfur og efnahagsmál. - jh



**ALÞINGI** Stjórnarandstaðan ætlar að krefjast umfjöllunar um símhleranir.

Bjarnarárás í Finnlandi:

## Kona hrakti birnu á brott

**FINNLAND** Ungri konu, sem var í gönguferð í skóginum í Mið-Finnlandi, tókst að hrekja birnu og húna hennar á flótta með því að sparka í trýnið á birninum á sunnudagskvöldið. Björninn hafði slegið konuna í vinstra lærið með hramminum, að sögn vefútgáfu Aftonbladet, og bitið hana.

Konan var á kvöldgöngu í skóginum við bæinn Niemisjärvi og var um kílómetra frá byggð þegar hún mætti birnunni. Björninn sló til hennar svo hún féll og beit hana í lærið áður en henni tókst að sparka í trýnið á henni. Birnan lagði þá á flótta. Konan dvelst á sjúkrahúsi. - ghs



**THAKSIN SHINAWATRA** Fyrrverandi forsætisráðherra Taílands. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Taílensk stjórnmál:

## Thaksin íhugar endurkomu

**TAÍLAND, AP** Thaksin Shinawatra, fyrrverandi forsætisráðherra Taílands, endurheimti töluvert af fyrri störfum sínum í gær. Að sögn talsmanns ríkisstjórnarinnar íhugar hann að taka aftur við störfum sem forsætisráðherra, en hann sagði af sér í síðasta mánuði í kjölfar gríðarlegra mótmæla landsmanna gegn honum og eftir að stjórnlagadómstóll ógilti þingkosningar sem fram fóru í landinu 2. apríl.

Thaksin gaf fréttamönnum þá skýringu að of langt væri þar til kosningar gætu verið haldnar á ný, og því yrði hann að taka völd að nýju. - smk

Eftirlýstur maður handtekinn:

## Ölvaður og réttindalaus

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan í Reykjavík stöðvaði ölvaðan ökumann við reglubundið eftirlit í vesturbæ Reykjavíkur aðfaranótt mánudags. Í ljós kom að maðurinn var einnig réttindalaus vegna fyrri ölvunaraksturs.

Bíllinn sem maðurinn ók var þar að auki ótryggður og maðurinn eftirlýstur af lögreglu um allt land vegna afbrota sem hann hafði verið dæmdur fyrir. Honum hafði tekist að fara huldu höfði fram að handtökunni. Maðurinn var fluttur rakleiðis í fangageymslur og bíður hans nú nokkurra mánaða afplánun. - sh

# Svartfellingar kjósa sjálfstæði frá Serbíu

**Íbúar Svartfjallalands hafa valið að slíta sambandssamningnum við Serbíu og verða sjálfstætt ríki. Serbar eru mótfallnir aðskilnaðinum, en fá lítt að gert.**

**SERBÍA-SVARTFJALLALAND, AP** Mikil gleði ríkti á götum Svartfjallalands í gær eftir að kosningaefnd landsins tilkynnti að Svartfellingar hefðu kosið sjálfstæði frá Serbíu í þjóðaratkvæðagreiðslu á sunnudag.

Samkvæmt tölum nefndarinnar kusu 55,4 prósent aðskilnaði í vil, en 44,6 prósent voru mótfallin. Evrópusambandið hafði áður sagt að minnst 55 prósent kjósenda yrðu að velja sjálfstæði svo að sambandsslitin yrðu talin bindandi.

Niðurstöðurnar staðfesta aðskilnað Serbíu og Svartfjallalands, en ríkjasamband þeirra er hið síðasta sem eftir er af gömlu Júgóslavíu.

Javier Solana, utanríkis- og öryggismálastjóri Evrópusambandsins, lýsti því yfir í gærmorgun að Evrópusambandið myndi virða niðurstöður þjóðaratkvæðagreiðslunnar í Svartfjallalandi.

Aðskilnaðarsinnar byrjuðu að fagna á sunnudagskvöldið áður en lokatölur fengust staðfestar, þó að sameiningarsinnar neituðu að viðurkenna ósigur fyrr en lokatölur bærust. Þegar það gerðist, heyrðist lítið frá þeim.

Þúsundir kátra aðskilnaðarsinna flykktust út á götur höfuðborgarinnar, Podgorica, og annarra borga, til að fagna sjálfstæði eftir að hafa tilheyrt öðru ríki í 88 ár. Fólk dansaði á götum úti, veifaði rauðum og gullnum fána Svartfjallalands, hleypti af byssuskotum og þeytti bílflautur.

„Þetta er mikilvægasti dagur Svartfjallalands hin síðari ár,“ sagði Milo Djukanovic, forsætisráðherra Svartfellinga.



**GLATT Á HJALLA** Mikil gleði ríkti meðal Svartfellinga í gær eftir niðurstöður kosninga sem fram fóru þar í landi á sunnudag. Slíta skyldi ríkjasambandinu við Serbíu og gera Svartfjallaland að sjálfstæðu ríki. NORDICPHOTOS/AFP

Íbúar Svartfjallalands eru 620.000. Nær 87 prósent kjósenda tóku þátt í kosningunni á sunnudag, sem er hæsta kosningaþátttaka í nokkrum kosningum sem haldnar hafa verið í landinu.

Svartfjallaland var sjálfstætt konungsríki þar til eftir fyrri heimsstyrjöldina, þegar það var gert hluti af sameiginlegu konungdæmi Serba, Króata og Slóvena sem síðar fékk nafnið Júgóslavía. Margir voru óánægðir með þá skipan mála og var gerð uppreisn sem var kæfð árið 1924. Ríkjasambandi Serbíu og Svartfjallalands var komið á fót árið 2002 en bæði löndin gátu sagt sambandssamningnum upp þremur árum síðar. Svartfjallaland er nú þegar að miklu leyti sjálfstætt ríki og hafa landsmenn eigin löggjöf og efnahag, og nota jafnframt aðra mynt en Serbía.

Flestir Serbar eru andsnúnir aðskilnaðinum, og segja Svartfellinga of fámenna til að geta staðið sig sem sjálfstæð þjóð. Sambandsslitin þýða jafnframt að Serbar missa aðgang að sjó, því allar núverandi hafnir Serbíu eru í Svartfjallalandi. smk@frettabladid.is

Útskrift Símenntunar:

## 25 talsmenn stéttarfélaga

**ÚTSKRIFT** Símenntun Háskólans á Akureyri hefur brautskráð 25 nemendur sem lokið hafa rekstrar- og stjórnunarnámi sem talsmenn stéttarfélaga. Þetta kemur fram á fréttavef ASÍ.

Félagsmálaskóli alþýðu og Símenntun Háskólans á Akureyri hófu samstarf árið 2004 um fjögurra missera rekstrar- og stjórnunarnám fyrir talsmenn ASÍ og BSRB. Námið var sérstaklega skipulagt í samstarfi við viðskiptadeild háskólans. ■

O ehf. og Vesturbyggð:

## Flytja út vatn frá Patreksfirði

**ATVINNA** Guðmundur Guðlaugsson, bæjarstjóri Vesturbyggðar, og Sverris Kaaber, framkvæmdastjóri O ehf., hafa undirritað viljayfirlýsingu um átöppun og útflutning á vatni frá Patreksfirði.

Sverrir segir að samningar um sölu hafi náðst í Bandaríkjunum og Evrópu en þó eru nokkrir endar lausir í viðræðum við fjárfesta. Fyrirhugað er að átöppunarverksmiðjan rísi á næsta ári og að framleiðsla hefjist sama ár. Vatnið verður fengið úr vatnsuppsprettu í Mikladal við Patreksfjörð. Sverrir segir að ef allt gangi eftir muni 20 til 30 manns vinna við framleiðsluna og útflutninginn. - jse

## LEIÐRÉTTING

Í grein um húsverndunarstyrki sem birtist á laugardag var rangt farið með nafn á íbúa við Laufásveg 4. Brúðuleikarinn Helga Þ. Steffensen býr ekki í húsinu. Íbúar hússins eru Stefanía Adolfsdóttir og Sigurður Halldórsson. Beðist er velvirðingar á mistökunum.

Í blaðinu í gær var Helga Sigurðardóttir, fyrrum skólastýra Húsmæðrakennaraskóla Íslands, sögð Jónsdóttir. Beðist er velvirðingar á þessum mistökum.


Samfylkingin | Reykjavík 2006 | Borgarstjórnarkosningar 27. maí

Atkvæðið þitt skiptir máli

Verður þú heima 27. maí nk.?

Hægt er að kjósa alla daga í Laugardalshöll frá kl. 10-22.

*Nánari upplýsingar, frekari aðstoð og akstur á kjörstað er hægt að nálgast í síma 8243363.*

*Samfylkingin*

Reykjavík er frábær — allir með


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**HLÝNAR NOKKUÐ Á FÖSTUDAG**

Það er sannkallað norðan áhlaup á landinu. Vetrarríki sem setur margt úr skorðum. Má þar nefna sauðburðinn, enda þola lömbin mjög illa kulda og vosbúð. Þetta getur haft áhrif á framgöngu varpsins og ekki síst getur þetta seinkað vexti gróðursins. Í öllu falli getum við eflaust fallist á að þetta sé of mikið af hinu „góða“. Sem betur fer lægir á morgun og hlýnar ákveðið á föstudag.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI**

Norðan 8-13 m/s. Skýjað að mestu. Hiti 3-6 stig.

*um hádegi »*



*» á morgun*



10-18 m/s en mun hægari austan og suðaustan til.

*» miðvikudagur*



5-10 m/s norðaustan til, annars hægari.

*um hádegi »*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 12°C skúrir | London | 14°C skúrir | Alicante | 24°C hálfskýjað |
| Billund | 12°C skúrir | París | 16°C skúrir | Mallorca | 20°C léttskýjað |
| Osló | 11°C skúrir | Frankfurt | 17°C skúrir | Algarve | 22°C heiðskírt |
| Stokkhólmur | 16°C rigning | Friedrichshafen | 14°C skúrir | Krít | 26°C heiðskírt |
| Gautaborg | 13°C skúrir | Berlín | 17°C rigning | Las Palmas | 20°C hálfskýjað |

* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.

Samfylkingin | Reykjavík 2006 | Borgarstjórnarkosningar 27. maí

# Þetta munum við gera

1. Komum á **þjónustutryggingu fyrir aldraða.** Ef aldraðir fá ekki þá þjónustu sem þeir eiga rétt á fá þeir greiðslur.
2. Ljúkum við að gera **leikskólana gjaldfrjálsa**.
3. Tryggjum byggingu a.m.k. **200 hjúkrunarrýma** fyrir eldri borgara.
4. Hefjum **uppbyggingu í Vatnsmýri** á grundvelli niðurstaðna úr alþjóðlegri hugmyndasamkeppni.
5. Ráðumst í metnaðarfulla **endurgerð Lækjartorgs** samhliða byggingu Tónlistar- og ráðstefnuhúss.
6. Setjum **Sundabraut alla leið** og Öskjuhlíðargöng í forgang og útfærum Miklubraut í stokk.
7. Kryddum borgarlífið með **kaffihúsi í Hljómskálagarði**, afþreyingarsvæði unglinga í Gufunesi og fjölda annarra skemmtilegra hugmynda.
8. Tryggjum byggingu **800 stúdentaíbúða** við Hlemm, í Skuggahverfi, Vatnsmýri og í nýju bryggjuhverfi á Slippasvæðinu og komum á öflugum leigumarkaði.
9. Bjóðum **200 sérbýlishúsalóðir** í grónum hverfum til viðbótar við lóðaframboð í Úlfarsárdal og Vatnsmýri.
10. Skerum upp herör gegn rusli, fegrum borgina með skipulagningu 10 hverfatorga, **aukum gróðursetningu** og eflum hverfabækistöðvar.
11. Eflum útivist og hreyfingu með gerð 20 sparkvalla og 20 körfuboltavalla um alla borg, **fjölgum hjólreiðastígum** og endurgerum 15 leikvelli.
12. Ráðumst í stórfellda **uppbyggingu skólalóða** og grænna svæða.
13. Samhæfum íþrótta-, lista- og tómstundastarf við starf grunnskólanna.
14. Byggjum **menntaskemmtigarð** og **sjávardýrasafn** í Laugardalnum.
15. **Útrýmum kynbundnum launamun** hjá Reykjavíkurborg.
16. Setjum borgarfulltrúum siðareglur.
17. **Birtum þennan lista fyrir næstu kosningar með yfirliti yfir efndir.**

**Dagur B. Eggertsson**
borgarstjóraefni Samfylkingarinnar

## Framtíðin er hér





## KJÖRKASSINN

*Ertu ánægð(ur) með úrslitin í Eurovision?*

| | |
|---|---|
| Já | 82,5 |
| Nei | 17,5 |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Viltu opinbera rannsókn vegna upplýsinga um símhleranir?*

Segðu þína skoðun á visir.is

vísir

Leiðrétting vegna fréttar um könnun í Hafnarfirði í Fréttablaðinu í gær:

# Samfylking með aukinn meirihluta

**SKOÐANAKÖNNUN** Rangar tölur voru í grafi sem sýndu fylgi stjórnmálaflokka í Hafnarfirði samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins sem tekin var 20. maí. Réttar tölur birtust hins vegar í megintexta.

Rétt er að Samfylking hefur nú 56,9 prósent fylgi, sem er 6,7 prósentustigum meira en flokkurinn fékk í kosningunum 2002. Samkvæmt því fengi flokkurinn sjö menn kjörna. Sjálfstæðisflokkur hefur nú 34,3 prósent fylgi, 6,3 prósentustigum minna í síðustu kosningum og fengi fjóra menn kjörna. Vinstri græn hafa nú 6,6 prósenta fylgi, sem er 3,7 prósentustigum hærra en hlutfall atkvæða í síðustu kosningum. Framsóknarflokkurinn hefur nú 2,2 prósent fylgi og hefur því tapað 4,1 prósentustigum frá síðustu kosningum. Hvorki Vinstri græn né Framsóknarflokkur fengju bæjarfulltrúa kjörinn.

Einnig var ranghermt í fréttinni í gær að kosið yrði um stækkun álversins í Straumsvík samhliða kosningum á laugardag. Hið rétta er að Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri Hafnarfjarðar, hefur sagt að ekki verði af stækkun álvers í Straumsvík, án þess að Hafnfirðingar kjósi um það, hins vegar hafa forsvarsmenn álversins ekki tekið ákvörðun um stækkun og ekki verður kosið fyrr en þeir hafa gert það. **- ss**




LYFJA
- Lifið heil

FERSKARI LÍKAMI "DETOX" TVENNA




Þú kaupir eitt glas af Vega Champignon og færð eitt glas af Vega Milk Thistle í kaupauka.
Champignon +FOS og Spirulina- inniheldur mikið af æskilegum vítamínum og næringarefnum, léttir undir með hreinsunarferli líkamans, hefur jákvæð áhrif á þarmaflóruna og dregur úr líkamslykt.
Milk Thistle léttir undir með hreinsunarferli líkamans og gefur ferskara útlit.

Garðatorgi - Grindavík - Keflavík - Lágmúla - Laugavegi - Setbergi - Smáralind - Smáratorgi - Spönginni - Egilsstöðum - Höfn - Fáskrúðsfirði - Seyðisfirði - Neskaupsstað - Eskifirði - Reyðarfirði - Ísafirði - Bolungarvík - Patreksfirði - Borgarnesi - Grundarfirði - Stykkishólmi - Búðardal - Húsavík - Kópaskeri - Raufarhöfn - Þórshöfn - Sauðárkróki - Blönduósi - Hvammstanga - Skagaströnd - Selfossi - Laugarási

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS LYF 32029 05/2006



RÁÐHÚS REYKJAVÍKUR Framsóknarflokkurinn kæmi ekki manni að í borgarstjórn samkvæmt niðurstöðum þriggja nýrra kannana.

# Alvarleg vísbending

**Framsóknarflokkurinn einn kemur ekki manni að í borgarstjórn samkvæmt niðurstöðum þriggja skoðanakannana helgina fyrir kosningar. Vísbendingarnar þarf að taka alvarlega, segja tveir þingmenn Framsóknarflokksins.**

**STJÓRNMÁL** Framsóknarflokkurinn kemur ekki manni að í borgarstjórn, en samkvæmt Gallup-könnun sem Ríkisútvarpið birti í gær fengi hann 4,2 prósent atkvæða. Í tveimur öðrum nýjum könnunum hefur Framsóknarflokkurinn aðeins mælst með 3,9 prósenta fylgi.

„Það hefur alltaf verið þægilegra að sparka í þann sem er minni, hvaða nafni sem flokkurinn ber í stjórnarsamstarfi," segir Hjálmar Árnason, þingflokksformaður Framsóknarflokksins.Hann segir málið verða rætt innan flokksins en hann hafi ekki svör við því hvers vegna kjósendur láti mögulega óánægju sína með ríkisstjórnina bitna á Framsóknarflokknum en ekki Sjálfstæðisflokknum. „Björn Ingi Hrafnsson var með vangaveltur. Ég lít ekki á ummæli hans sem hótun," segir Hjálmar og vísar til ummæla oddvita framsóknarmanna í Reykjavík um að fylgishrun gæti haft afleiðingar í ríkisstjórnarsamstarfinu.

„Slæm útkoma hlýtur að leiða til umræðu innan flokksins um breyttar áherslur eða jafnvel að gera þurfi breytingar í forystusveitinni. En það er innanflokksmál og ekki hægt að skella skuldinni á ríkisstjórnarsamstarfið. Full ástæða er til þess að taka vísbendingarnar alvarlega," segir Kristinn H. Gunnarsson Framsóknarflokki.



HJÁLMAR ÁRNASON



KRISTINN H. GUNNARSSON



INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR



EINAR ODDUR KRISTJÁNSSON

„Ef Framsóknarflokkurinn fer svo illa sem flest bendir til nú hlýtur hann að taka samstarf sitt við Sjálfstæðisflokkinn til endurmats. Það var kannsi það sem Björn Ingi var að reyna að segja þótt honum hafi farist það heldur óhönduglega," segir Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar. „Naflaskoðun innan Framsóknarflokksins verður órjúfanlega tengd stjórnarsamstarfinu við Sjálfstæðisflokkinn. Ójöfnuður hefur verið að aukast hraðfara í samfélaginu. það þola kjósendur Framsóknarflokksins miklu verr en kjósendur Sjálfstæðisflokksins. Auk þess tekst Sjálfstæðisflokknum afar vel að fara í feluliti þegar kemur að kosningum. Þetta er kænska sem kemur flokknum vel en almenningi illa," segir Ingibjörg Sólrún.

Einar Oddur Kristjánsson, Sjálfstæðisflokki, kveðst reikna með því að framsóknarmenn geri upp úrslitin eftir kosningarnar líkt og aðrir. **johannh@frettabladid.is**

Aðgengi
Þátttaka
Lýðræði

Aðgengi er forsenda þátttöku og þátttaka er forsenda lýðræðis

**Vinstri-græn vilja tryggja aðgengi, þátttöku og lýðræði í Reykjavík.**

Samfélag fyrir alla

VINSTRIHREYFINGIN grænt framboð




BÍLL DAGSINS
NISSAN DOUBLE CAB 4WD
Nýskr 09.03 - Beinskiptur - Ekinn 49 þús km. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason NOTAÐIR BÍLAR
Opið: Alla virka daga kl. 9:00 -18:00 og laugardaga kl. 12:00 -16:00.

Heilbrigðisráðuneytið, Reykjavíkurborg og Seltjarnarnesbær gera samning:

# Hjúkrunarheimili rís á Lýsislóð

**ÖLDRUNARMÁL** Undirritaður var í gær samningur um byggingu nýs hjúkrunarheimilis sem rísa mun á svokallaðri Lýsislóð við Grandaveg og Eiðsgranda.

Það voru Siv Friðleifsdóttir heilbrigðisráðherra, Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri og Jónmundur Guðmarsson, bæjarstjóri Seltjarnarnesbæjar, sem undirrituðu samninginn.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið mun greiða 70 prósent við að reisa hjúkrunarheimilið, Reykjavíkurborg 20 prósent og Seltjarnarnesbær 10 prósent og verður það í eigu þessara þriggja í sömu hlutföllum.

Gert er ráð fyrir því að heildarkostnaður við heimilið, sem rúma mun allt að 90 einstaklinga, verði um 1,2 til 1,4 milljarðar og að um 500 milljónir króna þurfi til rekstursins á ári. Áætlað er að byrjað verði að byggja í byrjun árs 2008 og það verði tilbúið eigi síðar en um áramót 2009 og 2010.



BYGGING SEM RIFIN VERÐUR FYRIR HJÚKRUNARHEIMILIÐ Þarna á Lýsislóðinni svokallaðri mun hjúkrunarheimilið rísa en það mun rúma um 90 manns og stefnt er að því að það verði tilbúið áramótin 2009-2010. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR

Seltjarnarnesbær leggur til lóðina sem byggt verður á en Reykjavíkurborg hefur keypt nærliggjandi eign til að liðka fyrir uppbyggingaráformunum. Heilbrigðisráðuneytið mun nú í framhaldinu auglýsa eftir rekstraraðilum fyrir hjúkrunarheimilið. **- jse**

# Blómamarkaður
## 18. - 28. maí



**490,-**

**DALÍA** sumarblóm, ýmsir litir



**CACTACEAE** kaktusar
3 stk. í pk. **295,-**



**490,-**

**PETÚNÍA** sumarblóm
ýmsir litir



**VÅJÖN** blómastandur
rauðbrúnt/galvaníserað
47x27x81 cm **2.990,-**



**RÖNÖ** garðskraut
36 cm **290,-**



**BETA** garðkanna
galvaníseruð 2,7 l **590,-**



**ODLA** bakki og þrír pottar
30x10x7 cm **295,-**



**BLEKESKÄR** blómakassi
36x36x48 cm **1.990,-**



**BÅLSÖ** blómapottur
Ø50 cm **3.490,-**

**BÅLSÖ** blómapottur
Ø39 cm **1.690,-**



**BETA** hengipottur
Ø20 H32 cm **490,-**



**490,-**

**SOMMAR** blómapottur
Ø18 H18 cm



**HULTET** blómapottur
Ø30 H32 cm **790,-**
**HULTET** blómapottur
Ø20 H24 cm **390,-**



**290,-**

**SKATÖN** skraut
ýmsar tegundir



Grilluð
pylsa
og gos
um helgina
**150,-**
IKEA Restaurant

IKEA®

Laugardaga kl. 10:00 - 18:00 | Sunnudaga kl. 12:00 - 18:00 | Mánudaga - föstudaga kl. 10:00 - **20:00** | www.IKEA.is

© Inter IKEA Systems B.V. 2006



## VEISTU SVARIÐ

1 *Hvað heitir sagnfræðingurinn sem hefur aflað gagna um símhleranir á árunum fyrir 1968?*

2 *Forseti Argentínu kennir George W. Bush um slæmt efnahagsástand í landinu? Hvað heitir forsetinn?*

3 *Vinstri bakvörður FH innsiglaði 2-0 sigur FH-inga gegn Val. Hvað heitir bakvörðurinn knái?*

SVÖR Á BLS. 46

Mótmælendum og kaþólskum á Norður-Írlandi tekst ekki að mynda stjórn:

# Paisley hafnar boði Adams

**BELFAST, AP** Illa gengur að koma saman heimastjórn fyrir Norður-Írland. Ian Paisley, helsti leiðtogi sambandssinna, hafnaði í gær boði frá Gerry Adams, helsta leiðtoga kaþólskra aðskilnaðarsinna, um að verða forsætisráðherra í væntanlegri tólf manna stjórn.

Paisley ítrekaði afstöðu flokks síns um að engin samvinna við Sinn Fein kæmi til greina fyrr en Írski lýðveldisherinn yrði leystur upp og léti af ofbeldisverkum.

Adams, sem er leiðtogi Sinn Fein, hafði gert það að tillögu sinni að Paisley yrði forsætisráðherra en Martin McGuinness frá Sinn Fein yrði aðstoðarforsætisráðherra.

„Svo sannarlega ekki, frú," sagði Paisley þegar Eileen Bell þingforseti spurði hinn áttræða Paisley hvort hann féllist á útnefningu sína sem forsætisráðherra. „Og ég tel ekki þörf á að taka fram að ástæðurnar séu vel þekktar í þessu héraði, og þær hafa verið staðfestar af meirihluta sambandssinnaðra kjósenda."

Stjórnvöld í Bretlandi hafa gefið þingmönnum hálfs árs frest til þess að mynda stjórn, sem skipuð verði fulltrúum helstu flokka bæði úr röðum sambandssinna og aðskilnaðarsinna. **- gb**




**IAN PAISLEY** Einn helsti leiðtogi sambandssinna á Norður-Írlandi. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Bæklunarlæknir bótaskyldur:

# Mætti ekki til skýrslugjafar

**DÓMSMÁL** Bæklunarlæknir var í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær dæmdur skaðabótaskyldur vegna skurðaðgerðar sem hann gerði á liðböndum í ökkla konu. Skyntaug skaddaðist í aðgerðinni.

Læknirinn mætti ekki fyrir dóm til skýrslugjafar og lagði hvorki fram sjúkraskrár né aðgerðalýsingar sem óskað hafði verið eftir. Hann þykir ekki hafa fært sönnur að því að hann hafi gert aðgerðina án mistaka. Læknirinn keypti ekki heldur sjúkratryggingu sem honum var skylt að gera samkvæmt lögum. Réttur konunnar til skaðabóta er viðurkenndur. **- sh**

Átaksverkefni ASÍ:

# Hafa heimsótt veitingahús

**VINNUMARKAÐUR** Fulltrúar átaksverkefnisins Einn réttur ekkert svindl hefur farið með fulltrúum verkalýðsfélaganna undanfarið í heimsóknir á veitingastaði, bakarí, fiskbúðir til að ræða við starfsfólk.

Á næstunni verður ástandið skoðað í öðrum atvinnugreinum, til dæmis hjá hreingerningarfyrirtækjum. Stefnt er að því að kalla fólk á fund þar sem farið verður yfir málin. Aðgengi að launaupplýsingum hefur góðfúslega verið veitt. **- ghs**

## FRAKKLAND

**Viðvörun á bensíndælur** Fjármálaráðherra Frakklands vill láta setja viðvörunarspjöld á allar bensíndælur í landinu til þess að hvetja ökumenn til að nota bensínið sparlega. Merkingarnar yrðu hliðstæðar viðvörunum á tóbakspökkum.

Átján erlendar starfsmannaleigur eru með 480 starfsmenn:

# Litháísku leigurnar stærstar

**VINNUMARKAÐUR** Alls hafa 26 starfsmannaleigur skráð starfsemi hér á landi, þar af eru 18 leigur með samtals tæplega 480 starfsmenn. Tvær starfsmannaleigur eru langstærstar með alls 266 starfsmenn og báðar eru þær frá Portúgal.

Stærsta starfsmannaleigan á Íslandi í dag er Select Servicos-I, hún er með 143 starfsmenn hér á landi. Næststærsta leigan er Epalmo Europa Lda. Hún er með 123 starfsmenn. Saman eru þessar leigur því með ríflega helming af þeim starfsmönnum sem starfa hér á vegum starfsmannaleigna.

Kleopas Minelga er framkvæmdastjóri litháísku starfsmannaleigunnar Euroelite en hún var í fréttum í vor þar sem hægt gekk að fá upplýsingar um hana. Euroelite hefur aldrei verið skráð á Íslandi.

Minelga hefur hins vegar skráð litháíska starfsmannaleigu undir nafninu Kleomis hérlendis. Þessi leiga er nú með tíu starfsmenn á sínum snærum hérlendis, samkvæmt upplýsingum á vef Vinnumálastofnunar.

Átta starfsmannaleigur sem eru skráðar með starfsemi hér á landi hafa enn sem komið er skráð neina starfsmenn.

Þrjár af þessum starfsmannaleigum eru erlendar og fimm íslenskar. Erlendu leigurnar eru frá Portúgal, Bretlandi og Póllandi. **- ghs**



**ERLENDIR VERKAMENN VIÐ STÖRF** Á þriðja tug starfsmannaleigna eru með skráða starfsemi hérlendis. Rétt tæplega fimm hundruð manns starfa á vegum þessara fyrirtækja.

**FIMM STÆRSTU STARFSMANNALEIGURNAR**

| | |
|---|---|
| Select Servicos-I | 143 |
| Epalmo Europa Lda | 123 |
| Connway | 31 |
| F.H Verk | 28 |
| RAIS Vinnumiðlun | 25 |

## HUNGUR

**760 þúsund manns** Meira en 760 þúsund manns tóku þátt í mótmælagöngum gegn hungri í heiminum á sunnudaginn. Göngurnar voru haldnar í 118 löndum, meðal annars í flóttamannabúðum í Úganda þar sem 100 þúsund manns tóku þátt.

## SLÖKKVILIÐ

**Mikið um sinu** Talsvert var um sinubruna á höfuðborgarsvæðinu í fyrrinótt og erill hjá slökkviliði eftir því. Eldar voru meðal annars slökktir í Breiðholti, Öskjuhlíð, Kópavogi og Mosfellsbæ og er talið að um íkveikjur hafi verið að ræða í öllum tilvikum.






Heilbrigðismál:

# Manneldisráð Íslands gefur út leiðbeiningar um mataræði



Í nýlegum ráðleggingum um mataræði frá Manneldisráði Íslands kemur fram að hæfilegt sé að prótín veiti að minnsta kosti 10% heildarorku. Hæfilegt er að um 30% orkunnar komi úr fitu þar af komi ekki meira en 10% orkunnar úr harðri fitu. (M[illegible] harðri fitu er átt við bæ[illegible] mettaðar fitusýrur og trans-ómettaðar fitusýrur). Hæfilegt er að úr kolvetnum fáist 55-60% af orkunni, þar af ekki meira en 10% úr viðbættum sykri. Af öðrum ráðleggingum má nefna að æskilegt er að fæðutrefjar séu að minnsta kosti 25 grömm á dag miðað við 10 MJ fæði (um það bil 2400 kcal). Æskilegt er að saltneysla sé ekki meiri en 5 grömm á dag. Í stuttu máli byggja mataræðisráðleggingar á því að fjölbreyttrar fæðu sé neytt úr öllum fæðuflokkum og jafnframt að hófsemi sé gætt í neyslu.

Þessar ráðleggingar eru endurskoðuð útgáfa fyrri manneldismarkmiða, þar sem tekið er mið af nýjum vísindarannsóknum á sviði næringar og heilsu og niðurstöðum nýjustu könnunar á mataræði Íslendinga frá árinu 2[illegible] hvað va[illegible] orkuefna, en einhver [illegible]rávik eru, til dæmis varðandi ráðlagða dagskammta sumra vítamína og steinefna í ákveðnum aldurshópum, en það má að einhverju leyti rekja til mismunandi aðstæðna og hefða í löndunum.

Rétt er þó að stundum virðist sem ráðleggingar um mataræði séu misvísandi og síbreytilegar, en þegar betur er að gáð hafa hinar almennu ráðleggingar frá heilbrigðisyfirvöldum hérlendis og víðast hvar annars staðar í raun verið mjög svipaðar frá einum tíma til annars. Hins vegar eru skoðanir skiptar meðal almennings og oft eiga ýmiss konar töfralausnir frekar upp á pallborðið en hinar skynsömu (og að sumra mati leiðinlegu) ráðleggingar um fjölbreytni og hófsemi í mataræði. Einnig getur komið fyrir að niðurstöður einstakra vísindarannsókna séu að

einhverju leyti á skjön við almennar hugmyndir um hollt mataræði og fái mikla athygli fyrir vikið og séu jafnvel einar og sér taldar kollvarpa fyrri hugmyndum, þrátt fyrir að fjöldi annarra rannsókna hafi sýnt fram á hið gagnstæða og vegi þar af leiðandi mun þyngra á metunum.
Í nýjum samnorrænum ráðleggingum er ráðlagt að úr prótínum komi 10-20% orkunnar, og víða annars staðar er mælt með að prótíninntaka fari ekki yfir 20% mörkin af orkuinntöku.
Iprótínhlutfallið var 18% orkunnar, sem er í hærra lagi. Í nýjum samnorrænum ráðleggingum er ráðlagt að úr prótínum
10-20% orkunnar, og ... rs
staðar er mælt með að
prótíninntaka fari ekki yfir 20%
mörkin af orkuinntöku. Meðal
helstu ókosta mikillar prótín-
neyslu má nefna mikið álag á nýru
við að losa umfram köfnu
úr líkamanum og h
neikvæð áhrif á kal
líkamanum sem get
losun þess úr
þannig þátt
beinþynni
er þó
ýms
pr

... u n
... ð.

... frá Ba
... ð
15
reglu
um fjór
neitt. Þar h
250 þúsund dauðs
rekja til lítillar hreyfi
Ekki væri fjarri lagi a
aðstæður væru svipaða
tvö- til þrjúhundruð
árlega hér á landi mæt
hins sama.

Rannsóknin sem
benti til að reglub
minnki líkur á kr
mum, háþrýstingi,
krabbameini í ristli
mjóbaksverk, kvíða
Reglubundin l
dregur einnig
dánartíðni án tillit
Þekkt er rannsókn s
rúmlega 17.000 karl
útskrifast höfðu
háskóla og þeim
1962 til 1988.
hreyfingar (>6 M
hreyfingar (<6 M
Í ljós kom að þv
karlarnir eydd
... mun læg ... l
... til
... var
... rku
... þeirra

Einnig hefur komið fram að gildi hreyfingar er einnig verulegt þótt fólk sé komið á efri ári og byrji seint. Til dæmis var 9.700 konum, sem allar voru eldri en 65 ára, fylgt eftir í tæplega átta ár. Konur sem hreyfðu sig í meðallagi eða mikið reyndust í um 40% minni áhættu á mjaðmabroti og um 30% minni áhættu að fá samfallsbrot á hrygg.

Gagn líkamsþjálfunar virðist vera í hlutfalli við þjálfun alls eða heildartíma sem til þjálfunar er varið hvort sem það er mælt sem kaloríunotkun eða tíma þjálfunar. Til dæmis hafa rannsóknir leitt í ljós að dánartíðni úr kransæðasjúkdómum er mun lægri meðal fólks sem hreyfir sig að meðaltali um 45 mínútur á dag en þeirra sem hreyfa sig einungis í 15 mínútur alls á dag. Samskonar munur kemur í ljós hjá körlum sem eyða u.þ.b. 2000 kaloríum eða meira á




REYKJAVÍKUR
MARAÞON
GLITNIS
19. ÁGÚST

BYRJAÐU NÚNA!

Reykjavíkurmaraþon Glitnis er einstakur íþróttaviðburður þar sem þúsundir manna hlaupa sér til skemmtunar og heilsubótar.

NÚNA ER RÉTTI TÍMINN TIL AÐ BYRJA AÐ ÆFA

Skráning í hlaupið fer fram á www.glitnir.is en þar er einnig hægt að skrá sig í hlaupahóp, fá leiðsögn þjálfara, hlaupahandbók og æfingaáætlun.

GLITNIR HEITIR Á STARFSMENN AÐ HLAUPA Í ÞÁGU GÓÐGERÐAMÁLA

Glitnir hefur ákveðið að nota tækifærið í þágu góðra málefna og gefa þrjú þúsund krónur á hvern kílómetra sem starfsmenn bankans hlaupa. Upphæðinni verður ánafnað góðgerðafélagi sem starfsmennirnir velja.

ALLIR GETA TEKIÐ ÞÁTT OG HEITIÐ Á STARFSMENN BANKANS OG MÁLEFNI

Auk þess geta allir aðrir heitið á starfsmenn Glitnis ákveðinni upphæð sem gefin verður til þess málefnis sem starfsmaðurinn hleypur fyrir, á vefslóðinni www.glitnir.is/Marathon.

**ÞÍN VELGENGNI – OKKAR ÁSKORUN**

GLITNIR

## Breytt útgáfa íslenskra vegabréfa

**Í dag, 23. maí, verða breytingar á íslenskum vegabréfum, umsóknum og afhendingu þeirra.**

Engin gild vegabréf falla úr gildi þótt farið verði að framleiða nýja gerð vegabréfa.

Afgreiðsla vegabréfa í Reykjavík verður framvegis hjá Lögreglunni í Reykjavík, Borgartúni 7b , en ekki hjá Útlendingastofnun. Aðalafgreiðsla höfuðborgarsvæðisins er hjá sýslumanninum í Kópavogi, Dalvegi 18.

Sýslumenn utan Reykjavíkur og Lögreglan í Reykjavík taka við umsóknum um vegabréf.

Umsækjendur eru ekki bundir af því að skila umsókn í sama umdæmi og lögheimili þeirra er.

Myndataka fyrir vegabréfaumsókn telst til öryggisatriða nýju vegabréfanna og fer hún því fram á sama á stað og á sama tíma og sótt er um og fylgir því ekki aukakostnaður. Koma má með eigin myndir á rafrænu formi.

Verð vegabréfa helst óbreytt.

**Dóms- og kirkjumálaráðuneytið**

Frekari upplýsingar má finna á www.vegabref.is



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



Minni aðsókn hjá Ráðgjafarstofu heimilanna í fyrra:

# 600 fengu úrlausn

**FJÁRMÁL** Tæplega 600 umsóknir einstaklinga og fjölskyldna um ráðgjöf vegna greiðsluerfiðleika voru afgreiddar hjá Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna í fyrra auk þess sem nokkur þúsund manns hringdu og fengu ráð í gegnum síma.

Ásta Sigrún Helgadóttir, forstöðumaður Ráðgjafarstofunnar, segir í ársskýrslu stofunnar að greinileg fylgni hafi verið milli minni aðsóknar og tilkomu íbúðalána viðskiptabankanna.

„Þar gafst fasteignaeigendum kostur á að endurfjármagna eldri og óhagstæðari lán. Það er því ákveðinn hópur sem hefur fengið úrlausn sinna mála, að minnsta kosti tímabundið,“ segir hún.

Ásta segir að vaxandi skuldaaukning heimilanna og verðbólga séu áhyggjuefni. Heildarskuldir heimilanna hafi verið yfir eitt þúsund milljarðar um áramót og aukist um 23,4 prósent á síðasta ári.

Helstu ástæður fjárhagserfiðleika eru veikindi og offjárfesting, einnig minni tekjur, sambúðarslit og vankunnátta í fjármálum.

Einstæðar mæður lenda nú oftar í fjárhagserfiðleikum en áður og sömuleiðis einhleypir karlmenn og einstæðir feður. **- ghs**

**FJÖLSKYLDUR Í FJÁRHAGSERFIÐLEIKUM**

| FJÖLSKYLDUR | 2005 | 2004 | 2003 |
|---|---|---|---|
| Einhleyp kona | 12,1 | 10,8 | 14,6 |
| Einstæð móðir | 34,2 | 33,8 | 32,3 |
| Einhleypur karl | 24 | 22,8 | 21,1 |
| Einstæður faðir | 3 | 1,3 | 1,7 |
| Barnlaus hjón | 7,7 | 4,7 | 5,5 |
| Hjón með börn | 19 | 26,6 | 24,8 |

**ÁSTÆÐUR FJÁRHAGSERFIÐLEIKA 2005**

| | |
|---|---|
| Atvinnuleysi | 12% |
| Ábyrgðir | 8,4% |
| Minni tekjur | 12,2% |
| Offjárfesting | 19,8% |
| Skilnaður/sambúðarslit | 9,7% |
| Spilafíkn | 0,2% |
| Vankunnátta í fjármálum | 10% |
| Veikindi | 24,6% |
| Annað | 3,1% |

# Kaldasta nótt í 100 ár

**Kuldinn hefur slæm áhrif á fuglalífið en skemmdir á gróðri eru óverulegar. Trausti Jónsson veðurfræðingur telur líklega að veður geti farið enn kólnandi næstu daga, einkum ef það hættir að snjóa og léttir til.**

**VEÐRIÐ** Undanfarna daga hefur verið óvenju kalt veður eftir hlýindaskeið í byrjun maí. Hitastigið klukkan níu í gærmorgun mældist tæp ein gráða í Reykjavík og á Akureyri var lítilsháttar frost. Snjóað hefur norðan- og austanlands og samkvæmt upplýsingum frá Veðurstofu Íslands má búast við að það fari ekki að hlýna fyrr en um helgina.

Þórólfur Jónsson, talsmaður Veðurklúbbsins á Dalvík, segir að umhleypingarnar muni verða fram að hvítasunnu en veðrið verði misslæmt. Að hans sögn er mikill krapi og bleyta á Norðurlandi og ekki hægt að setja sauðfé út í slíku veðri. Þær séu sérstaklega viðkvæmar fyrir bleytu núna þegar nýbúið að rýja þær eins og gert er á vorin.

„Ef þetta verður ekki langvarandi þá stöndum við þetta vel af okkur,“ segir Borgþór Magnússon, plöntuvistfræðingur á Náttúrufræðistofnun Íslands. Hann telur að kuldinn muni ekki valda miklum skemmdum á gróðri en að vorið komi seinna en ella. Erling Ólafsson skordýrafræðingur segir að erfitt sé að spá fyrir um hvaða áhrif þetta hret hafi á skordýrin en líklegt sé að það hafi slæm áhrif frekar en góð. Kristinn Haukur Skarphéðinsson segir að áhrif á fuglalífið komi ekki fram fyrr en seinna í sumar en þau fara að einhverju leyti eftir því hvað kuldakastið stendur lengi. „Það má gera ráð fyrir því að það muni seinka og misfarast varp hjá mörgum tegundum ef þessu fer ekki að létta.“ Sumar tegundir verpa tvisvar til þrisvar yfir sumarið en stærri fuglar, til dæmis fálkinn, verpir aðeins einu sinni.


**AKUREYRI Í GÆR** Talsmaður Veðurklúbbsins á Dalvík spáir umhleypingum fram að hvítasunnu.

Trausti Jónsson veðurfræðingur segir að aðfaranótt sunnudags hafi verið ein sú kaldasta svona seint í maí í meira en hundrað ár í Reykjavík eða 6,9 stig undir meðallágmarki. Reyndar var enn kaldara þann 19. maí 1979 eða 8,3 stig undir meðal lágmarki. Á Akureyri hefur oft verið kaldara á þessum árstíma en Trausti telur að það geti breyst þegar hættir að snjóa. Það má því búast við meiri kulda þar á næstu dögum ef það léttir til. Á Sprengisandi var 10,7 stiga frost en það hefur aldrei mælst svo mikið eftir 20. maí. **gudrun@frettabladid**


LEGACY SUBARU

240.000 kr. kaupauki



STAÐALBÚNAÐUR: 2.0 LÍTRAR - 165 HESTÖFL, SÍTENGT FJÓRHJÓLADRIF, 17" ÁLFELGUR, HRAÐASTILLIR, TÖLVUSTÝRÐ LOFTKÆLING, KASTARAR Í STUÐARA OG MARGT FLEIRA.

Beinskiptur Sedan **2.390.000,-** Sjálfskiptur Sedan **2.590.000,-** Beinskiptur Wagon **2.590.000,-** Sjálfskiptur Wagon **2.740.000,-**

**Ingvar Helgason** Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is Opið: Mánudaga - föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00

| Umboðsmenn um land allt | Akureyri 461-2960 | Selfossi 482-3100 | Njarðvík 421-8808 | Höfn í Hornafirði 478-1990 | Reyðarfirði 474-1453 |
|---|---|---|---|---|---|

HJÓLANDI GOTT TILBOÐ



- Tvö vönduð Mongoose fjallahjól að eigin vali
- Thule hjólafesting á kúlu fyrir þrjú fjallahjól
- Dráttarbeisli og uppsetning
- Vönduð heilsársdekk
- Takmarkað magn í boði

www.xb.is/kopavogur

exbé



## Kópavogsbúar

# Tryggjum Samúel Erni sæti í bæjarstjórn

**Samúel Örn Erlingsson kemur ferskur inn i stjórnmálin í Kópavogi. Hann starfar nú sem forstöðumaður íþróttadeildar Ríkisútvarpsins og hefur einnig komið víða að í félagsmálum með góðum árangri. Samúel mun reynast Kópavogsbúum vel.**

XB

**Höldum** áfram



KIBBA KIBBA Um eitt þúsund ær og geitur voru reknar í gegnum borgarhlið Moerns-heim í Suður-Þýskalandi á sunnudag, á leið þeirra í sumarhagana. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# HAFNARFJÖRÐUR

Hafnarfjarðarkaupstaður er þriðja fjölmennasta sveitarfélag landsins. Bærinn hefur verið útgerðar- og verslunarstaður frá aldaöðli og fékk kaupstaðarréttindi 1. júní, 1908. Þá bjuggu 1.469 manns í bænum.

**ÚRSLIT KOSNINGANNA 2002:**
**Fjöldi íbúa á kjörskrá:** 13.989
**Fjöldi greiddra atkvæða:** 11.393 (81,4%)

**Listi Framsóknarflokksins (B)**
695 atkvæði - 0 fulltrúa
**Listi Sjálfstæðisflokksins (D)**
4.481 atkvæði - 5 fulltrúar
**Listi Samfylkingarinnar (S)**
5.550 atkvæði - 6 fulltrúar
**Listi Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs (U)**
320 atkvæði - 0 fulltr.

**Bæjarfulltrúar D-lista:**
Magnús Gunnarsson
Valgerður Sigurðardóttir
Haraldur Þór Ólason
Steinunn Guðnadóttir
Gissur Guðmundsson

**Bæjarfulltrúar S-lista:**
Lúðvík Geirsson
Gunnar Svavarsson
Ellý Erlingsdóttir
Jóna Dóra Karlsdóttir
Guðmundur Rúnar Árnason
Hafrún Dóra Júlíusdóttir

**KOSNINGAR 2006:**
**Fjöldi íbúa á kjörskrá:** 15.973

**Efstu menn B-lista:**
1. Sigurður Eyþórsson, framkvæmdastjóri
2. Guðbjörg Fjóla Halldórsd., verslunarm.
3. Ingvar Kristinsson, verkfræðingur
4. Óskar H. Gunnarsson, matreiðslum.
5. Hildur Helga Gísladóttir, búfræðingur
6. Sigurgeir Sigmundsson, lögreglufulltrúi

**Efstu menn D-lista:**
1. Haraldur Þór Ólason, frkvstj. og bæjarfulltrúi
2. Rósa Guðbjartsdóttir, framkvæmdastjóri
3. Almar Grímsson, lyfjafræðingur
4. María Kristín Gylfadóttir, stjórnmálafr.
5. Bergur Ólafsson, forstöðumaður
6. Skarphéðinn Orri Björnsson, sérfræðingur

**Efstu menn S-lista:**
1. Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri
2. Ellý Erlingsdóttir, bæjarfulltrúi
3. Guðmundur Rúnar Árnason, bæjarfulltrúi og upplýsingafulltrúi ASÍ
4. Margrét Gauja Magnúsdóttir, kennari
5. Guðfinna Guðmundsdóttir, matreiðslumaður
6. Gunnar Svavarsson, bæjarfulltrúi og framkvæmdastjóri

**Efstu menn V-lista:**
1. Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, forvarnarfulltrúi
2. Jón Páll Hallgrímsson, ráðgjafi
3. Margrét Pétursdóttir, verkakona
4. Gestur Svavarsson, verkefnisstjóri
5. Birna Ólafsdóttir, skrifstofustjóri
6. Árni Stefán Jónsson, framkvæmdastjóri

Tiltölulega hreinar línur í hafnfirskri pólitík:

# Klárlega tveggja turna tal

**KOSNINGAR** Íbúar í Hafnarfirði virðast öðrum íbúum landsins fremur, skiptast í tvær pólitískar fylkingar. Þar eru bara tveir flokkar í bæjarstjórn sem stendur og kannanir benda til þess að svo verði áfram.

Samfylkingin náði hreinum meirihluta í kosningunum 2002 og kannanir sýna að hún á góða möguleika á að halda þeim meirihluta og bæti jafnvel við sig sjöunda manninum á kostnað Sjálfstæðisflokksins.

Þetta er þó fjarri því frágengið enda lokasprettur kosningabaráttunnar eftir. Litlu flokkarnir tveir, Framsókn og Vinstri græn, gætu enn sett strik í reikning stóru flokkanna, þó að möguleikar Framsóknar virðist hverfandi. Mælingar sýna að hann á langt í land með að ná inn manni. Vinstri græn vantar hins vegar ekki nema eitt til tvö prósentustig til viðbótar til að koma manni að.



SVEITARSTJÓRNAR KOSNINGAR Hafnarfjörður 2006

**HAFNARFJÖRÐUR** Pólitískar skoðanir bæjarbúa skiptast mjög í tvö horn, íhald og krata.

Spennan í Hafnarfirði á laugardag verður því líklegast fólgin í því hvort meirihlutinn haldi og hvort Vinstri græn fái einn mann kjörinn.

**- ssal**

Guðrún Á. Guðmundsd. V-lista:

## Við erum komin til að vera



Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir forvarnarfulltrúi leiðir lista Vinstri græna í Hafnarfirði. Hún hefur ekki áður tekið þátt í pólitísku starfi en hefur lengi látið til sín taka í félagsmálum. „Ég var einfaldlega beðin um að taka þetta verkefni að mér og mér finnst rosalega skemmtilegt að taka þátt í þessari baráttu,“ segir hún.

V-listinn hefur mælst með um sjö prósenta fylgi í skoðanakönnunum og vantar því ekki nema örlítið upp á til að ná manni inn. „Mér finnst við hafa staðið okkur vel, við stöndum fyrir ný sjónarmið og öðruvísi hugmyndir sem eiga að fá að heyrast,“ segir Guðrún og kveðst ekki finna fyrir öðru en jákvæðu viðhorfi fólks.

Meðal áherslumála listans nefnir hún álversmálið en listinn leggst gegn stækkun álversins, skipulagsmál, fjölskyldumál og forvarnir. „Í skipulagsmálunum teljum við til dæmis að taka eigi mið af þörfum barna- og unglinga ekkert síður en fullorðinna.“

Hún segir V-listann tvímælalaust hafa byr í seglin og fullvissar kjósendur um að listinn sé kominn til að vera í hafnfirskri pólitík. „Við ætlum okkar að starfa hér áfram, hverjar sem niðurstöður kosninganna verða,“ segir Guðrún Ágústa.

Sigurður Eyþórsson B-lista:

## Uppbyggileg kosningabarátta



Sigurður Eyþórsson, framkvæmdastjóri Framsóknarflokksins, er efsti maður B-listans í Hafnarfirði. Hann segir kosningarnar leggjast vel í sig þrátt fyrir að listinn hafi átt erfitt uppdráttar í skoðanakönnunum upp á síðkastið. „Við höfum lagt okkar mál fram á jákvæðan og uppbyggilegan hátt og forðast neikvæðni og niðurrif og höfum ekki fundið annað en að fólk taki okkur vel.“

Hann segir skipulagsmál meðal megináherslumála B-listans. „Hér eru margvíslegmarg umferðarvandamál sem liggur á að leysa í sátt og samvinnu við ríkið og nágrannasveitarfélög. Fólk þarf iðulega að bíða kvölds og morgna vegna umferðartafa og þannig á það ekki að vera.“

Sigurður leggur líka áherslu á að það megi bæta þjónustu við bæjarbúa á ýmsum sviðum „Hér hefur til dæmis verið mikill vöxtur og fólksfjölgun en stundum hefur skort á að þjónustan fylgi eftir í sama takti,“ segir hann.

Samkvæmt nýrri könnun er meirihluti Hafnfirðinga hlynntur stækkun álversins í Straumsvík. „Við höfum þá sérstöðu að styðja þessa stækkun ef Alcan vill stækka,“ segir Sigurður og bendi á að ný könnun sýni að meirihluti bæjarbúa sé á sömu skoðun.

Lúðvík Geirsson S-lista:

## Fólk ánægt með meirihlutann



Lúðvík Geirsson bæjarstjóri leiðir S-listann í Hafnarfirði eins og síðast. Þá vann listinn góðan sigur og náði hreinum meirihluta. Kannanir sýna að hann á góða möguleika á að halda völdum í kosningunum á laugardag. „Það er góður stuðningur við okkur í bænum, fólk er ánægt með okkar störf og vill að haldið verði áfram á sömu braut,“ segir Lúðvík.

Hann segir meirihlutann hafa náð góðum árangri á kjörtímabilinu í rekstri og fjármálum bæjarins, auk þess sem unnið hefur verið að því að efla og styrkja innviði samfélagsins. „Hér hefur verið afar öflug uppbygging íbúða- og atvinnuhúsnæðis, við vorum til dæmis á dögunum að úthluta 100 nýjum lóðum undir atvinnustarfsemi.“

Hann nefnir líka frumkvæði S-listans að því að greiða niður þátttökugjöld barna og unglinga í íþrótta- og tómstundastarfi.

Lúðvík dregur ekki dul á það að S-listinn gengur bjartsýnn til kosninga. „Markmiðið er að halda meirihlutanum sem við náðum fyrir fjórum árum. En við spyrjum auðvitað að leikslokum og ég hvet bæjarbúa til að mæta á kjörstað og sýna vilja sinn í verki,“ segir Lúðvík.

Haraldur Þ. Ólason D-lista:

## Skattamálin eru efst á blaði



Haraldur Þór Ólason bæjarfulltrúi er oddviti D-listans í Hafnarfirði. Hann náði því sæti í prófkjöri í haust sem leið en hefur verið viðloðandi hafnfirska pólitík í áratug eða svo.

D-listinn hefur verið í minnihluta á yfirstandandi kjörtímabili og skoðanakannanir benda til að svo verði áfram. „Þær sýna að við séum að tapa manni en það er ekki sú tilfinning sem við finnum meðal bæjarbúa,“ segir Haraldur Þór.

Skattamálin eru megináherslumál D-listans að sögn Haraldar. „Við viljum lækka skatta og álögur á bæjarbúa. Fasteignagjöld hér eru til dæmis með því hæsta sem gerist í landinu, þau hafa hækkað um 60 prósent, leikskólagjöld um 40 prósent og útsvarið hefur verið í toppi undanfarin tvö tímabil. Vil viljum að íbúarnir fái að njóta þess góðæris sem ríkir.“

Haraldur Þór segir markmið D-listans í kosningunum á laugardag að halda sínum fimm mönnum í bæjarstjórn að minnsta kosti. „Auðvitað viljum við helst fella meirihlutann, en til þess þurfum við að herða róðurinn á lokasprettinum og það ætlum við að gera og hvetjum flokksmenn til að mæta á kjörstað og taka á þessu,“ segir Haraldur Þór.




– allt fyrir garðinn

Landslagsráðgjöf MEST

Þegar fjárfesta á í garðinum er ómetanlegt að sérfróðir fagaðilar séu með í ráðum. Við hjá MEST fylgjum viðskiptavinum okkar alla leið og veitum honum alhliða fagþjónustu varðandi garðinn. MEST býður upp á gott úrval af hellum & garðeiningum, skrautsteypu og skrautsteinum.

Hjá MEST getur þú fengið aðstoð landslagshönnuða við að skipuleggja garðinn þinn. Hafðu samband og fáðu nánari upplýsingar í síma 4 400 400.

mest

– allt til byggingа

# 50.000 kr.

## af bensíni fylgja öllum notuðum bílum




| KIA CLARUS | SUBARU IMPREZA GX | SUBARU LEGACY WAGON | OPEL VECTRA 2.5 V6 |
|---|---|---|---|
|  |  |  |  |
| Árgerð 1999 - Sjálfskiptur - Ekinn 101. þús. | Árgerð 2001 - Sjálfskiptur - Ekinn 80. þús. | Árgerð 2001 - Sjálfskiptur - Ekinn 84. þús. | Árgerð 1997 - Sjálfskiptur - Ekinn 115. þús. |
| **ÁÐUR: 560.000,- TILBOÐ: 360.000,-** | **ÁÐUR: 1.080.000,- TILBOÐ: 870.000,-** | **ÁÐUR: 1.330.000,- TILBOÐ: 1.090.000,-** | **ÁÐUR: 550.000,- TILBOÐ: 390.000,-** |

| RENAULT MEGANE SCENIC | TOYOTA AVENSIS | OPEL ZAFIRE COMFORT | OPEL VECTRA 1.6GL |
|---|---|---|---|
|  |  |  |  |
| Árgerð 2002 - Beinskiptur - Ekinn 104. þús. | Árgerð 2001 - Sjálfskiptur - Ekinn 120. þús. | Árgerð 2000 - Beinskiptur - Ekinn 150. þús. | Árgerð 2001 - Beinskiptur - Ekinn 100. þús. |
| **ÁÐUR: 1.130.000,- TILBOÐ: 880.000,-** | **ÁÐUR: 780.000,- TILBOÐ: 550.000,-** | **ÁÐUR: 1.090.000,- TILBOÐ: 870.000,-** | **ÁÐUR: 690.000,- TILBOÐ: 570.000,-** |

**Ótrúlegt tilboð á notuðum bílum! Nú fylgir 50.000 króna bensínkort frá Ego með hverjum notuðum bíl frá Ingvari Helgasyni. Allt að 100% fjármögnun.**

Fjárfestu í góðum bíl og keyrðu frítt fyrstu 403 lítrana!*

**Ingvar Helgason** | **NOTAÐIR BÍLAR** | Opið: Alla virka daga kl. 9:00 - 18:00 og laugardaga kl. 12:00 -16:00.

* 50.000 kr. jafngilda 403,5 lítrum af 95 oktan bensíni hjá Ego miðað við verðlag 11.05.06.

# vinstri græn -



# - hreinar línur




# Kjósum V
## fyrir
## Vinstri - græn

Vinstri græn bjóða fram V-lista á þrettán stöðum á landinu í sveitarstjórnarkosningunum 27. maí. Þar að auki eiga Vinstri-græn aðild að fjölmörgum sameiginlegum framboðum um land allt.

VINSTRIHREYFINGIN
grænt framboð

## „ORÐRÉTT“

### *Alltaf hress*

**„Auðvitað eru þetta ekki háar tölur en við höfum rekið málefnalega og jákvæða kosningabaráttu. Við erum ennþá bjartsýn á að ná góðri kosningu á laugardaginn.“**

SIGURÐUR EYÞÓRSSON FRAMSÓKNARMAÐUR Í HAFNARFIRÐI UM KÖNNUN SEM SÝNIR FLOKKINN EKKI FÁ MANN KJÖRINN. FRÉTTABLAÐIÐ.

### *Ég er mikilvæg*

**„...en það gefur viðburðum eins og kvikmyndahátíðinni aukna vigt erlendis að ráðherra skuli taka þátt í að kynna hana.“**

VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR IÐNAÐARRÁÐHERRA Á KVIKMYNDAHÁTÍÐINNI Í CANNES. FRÉTTABLAÐIÐ.

*nær og fjær*

# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** VILHJÁLMUR BIRGISSON FORMAÐUR VERKALÝÐSFÉLAGS AKRANESS

## *Enn að jafna mig eftir tapið gegn KR*



„Svona almennt séð er allt gott að frétta og það eina sem er slæmt er að við töpuðum á móti KR á laugardag. Ég er enn að jafna mig eftir það,“ segir Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness. Lífið á Skaganum tekur stakkaskiptum á sumrin þegar Íslandsmótið í knattspyrnu byrjar. „Þá fer allt í gang og um ekkert er talað jafn mikið hér og fótboltann,“ segir Vilhjálmur og bætir við að menn séu enn hálf grátandi eftir ófararinar um helgina. ÍA mætir FH í næstu umferð og hann segist sannfærður um sigur í þeim leik. Vilhjálmur segir aðspurður að ekki sé mikið talað um stjórnmál þó skammt sé til kosninga. „Mér finnast fullmikil rólegheit yfir kosningabaráttunni en hef trú að leikar fari aðeins að æsast. Það bendir allt til þess að framsókn tapi fylgi en Vinstri græn eru hins vegar í sókn þannig að það verður væntanlega myndaður nýr meirihluti.“ Vilhjálmur gagnrýnir bæði stjórnmálamennina fyrir að hafa sig lítið í frammi og eins bæjarbúa fyrir að sýna kosningunum lítinn áhuga. „Menn þurfa að vera miklu meira á tánum gagnvart þessu.“

En lífið er ekki bara stjórnmál og knattspyrna, eitthvað þarf að vinna líka. „Ég átti fund með Vilhjálmi Egilssyni og Hannesi G. Sigurðssyni hjá Samtökum atvinnulífsins þar sem við fórum yfir stöðuna. Menn hafa verulegar áhyggjur af verðbólgunni, sem mælist 7,6 prósent og það þýðir ekkert annað en kaupmáttarrýrnun. Ég tjáði þeim að það verði að lagfæra laun verkafólks á almennum vinnumarkaði til samræmis við aðra hópa. Það er grundvallaratriði ef ekki á að segja upp kjarasamningum.“

Vilhjálmur segist hafa skynjað skilning þeirra Vilhjálms og Hannesar á vandanum og ber þá von í brjósti að laun hinna lægst launuðu hækki í haust.



**FENGUR DAGSINS** Lucas heitir hann þessi og hefur atvinnu af því að fanga krókódóla í skóginum Ocala í Flórída í Bandaríkjunum.FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## *Kvígur sæddar 15-18 mánaða*

Langflestar kvígur á Íslandi eru sæddar þegar þær eru 15 til 18 mánaða. Ný skoðanakönnun á heimasíðu Landssambands kúabænda leiðir það í ljós.



Tæp 60 prósent svarenda segjast sæða kvígur sínar á þessu aldursbili en tæp 18 prósent segjast gera það þegar þær eru enn innan við 15 mánaða. Sex prósent segjast sæða þegar kvígurnar eru 19-22 mánaða og önnur 6 prósent þegar þær eru komnar yfir 22 mánaða aldurinn. ■





Félagar í Vildarþjónustu fá afslátt af bílaleigu

50% afsláttur af bílaleigum innanlands hjá Hertz
5% afsláttur af flugvallartilboði innanlands
5% afsláttur af bílaleigu erlendis

Skoðaðu sumartilboð Vildarþjónustu Sparisjóðsins á spar.is

SPARISJÓÐURINN
Vildarþjónusta

Fíton/SÍA




# Sigur Lordi var sigur á þröngsýni

**Herra Lordi sagði eftir sigur Finna í Eurovision að hann ætti von á því að fleiri þungarokkarar tækju þátt á næstu árum. Sigur þeirra staðfesti að þungarokkarar horfi á keppnina eins og aðrir. Hann sagði sigur Lordi sigur á þröngsýninni.**

„Við erum stoltir af því að vera Finnar. Finni verður alltaf Finni. Við vorum samt ekki aðeins fulltrúar Finna í Eurovision, heldur einnig fulltrúar þungarokksins,“ sagði Herra Lordi, þegar ljóst var að skrímslin höfðu unnið Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva á laugardagskvöld. Finnar fengu 292 stig, 44 stigum meira en Rússar sem lentu í öðru sæti.

„Að vinna Eurovision er alls ekki eins og martröð fyrir þungarokkshljómsveit. En okkur hefði aldrei dottið í huga að keppa í söngvakeppninni ef fulltrúi finnsku undirbúningsnefndarinnar hefði ekki hringt í okkur síðasta sumar. Við vorum þá að vinna að þriðju plötunni okkar í hljóðveri og spurðum hvort örugglega hefði verið hringt í rétt númer. Hann sagði svo vera, og hvað gerðist? Við fengum 42 prósent allra atkvæða heima og því erum við hér. Það er frábært að sigra í Eurovision,“ sagði Herra Lordi á fjölmennum blaðamannafundi eftir keppnina, þegar klukkan sló tvö um nótt að grískum tíma. Síðar fór hljómsveitin í Euroklúbbinn, aðdáendaklúbb keppninnar, og tók við hamingjuóskum. Þar létu fjölmargir keppendur sjá sig, bæði núverandi og fyrrverandi, svo sem norska sveitin Wig Wam, uppáklædd, rétt eins og í Kænugarði fyrir ári síðan.

„Þetta var sigur á þröngsýninni. Með því að kjósa okkur sýndu Evrópubúar að tímarnir hafa breyst og önnur tegund tónlistar; önnur en popp og ballöður, á líka upp á pallborðið í keppninni. Fleiri rokkhljómsveitir munu nú kannski sýna þor og taka þátt, því sigur okkar sýnir að rokkarar fylgjast með henni. Fjölbreytni er lykilinn að góðri söngvakeppni,“ svaraði Herra Lordi, spurður hvaða áhrif hann teldi þátttöku þeirra hafa. Hann viðurkenndi þó að erfitt væri að skilgreina tónlist Lordi: „Hópurinn utan um Lordi er ekki stór og varla hægt að finna harðari kjarna, því við pössum varla undir nokkra tónlistarstefnu. Harðir þungarokkarar segja Lordi popphljómsveit, en popptónlistarmenn telja okkur alls ekki tilheyra sínum hópi.“

Sænskur blaðamaður sagði Svía forvitna að vita hvernig hljómveitarmeðlimirnir litu út án grímnanna og svaraði herra Lordi: „Undir hvaða grímum?“ Svo sagði hann frá því að hann hefði stofnaði hljómsveitina fyrir fjórtán árum og tveimur árum síðar fengið þá hugmynd að klæða hana upp sem skrímsli til að marka hljómsveitinni sérstöðu. „Það



**ÁNÆGÐ MEÐ SIGURINN** Hljómsveitina Lordi skipa þau Aua, Amen, Uxi, Gita og Herra Lordi. Þau voru að vonum afskaplega ánægð með sigurinn og líta á hann sem frábæra auglýsingu fyrir hljómsveitina. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

má því segja að þetta sé einkennisbúningurinn okkar, þetta er vinnufatnaðurinn. Fólk getur eiginlega ekki farið fram á að við tökum niður grímurnar, því þá værum við ekki lengur Lordi. Hugsið um það. Það væri svona svipað og ef jólasveinninn dreifði gjöfunum á jólunum og færi síðan úr búningnum og segði: „Já, heyriði. Ég er pabbi ykkar!“ Fólkið í salnum hló. „Strákarnir á bak við grímurnar eru ekki áhugaverðir; þeir viðra hundana sína og fara í sturtu. En þessir hér fyrir framan ykkur fara á svið og búa í ævintýraheimi. Dulúðin er bautasteinn Lordi.“ Herra Lordi sagði að það hefði tekið hljómsveitina langan tíma að fá plötusamning, „Annað hvort vorum við ekki með réttu tónlistina eða að búningarnir þóttu ekki flottir. En við héldum okkar striki og við viljum halda okkur við það. Ég bið því alla að meta það við erum að gera. Þetta er Lordi.“

gag@frettabladid.is


BJÖRGUM BORGINNI

„UNGIR SJÁLFSTÆÐISMENN TELJA OPINBERA STYRKI TIL MENNINGARMÁLA EKKI EIGA RÉTT Á SÉR OG VILJA AFNEMA ÞÁ MEÐ ÖLLU.“ *

*ORÐRÉTT ÚR NÝSAMÞYKKTRI STEFNU UNGRA SJÁLFSTÆÐISMANNA

X-S | UNGT SAMFYLKINGARFÓLK


Ótakmörkuð
símtöl í
alla heimasíma
HiveHeimasími frá 990 kr. á mánuði
Nú getur þú fengið heimasíma hjá Hive. Þú getur talað eins oft og eins lengi og þú vilt í alla heimasíma innanlands. Þú borgar lægra mínútuverð í GSM, lægra mánaðargjald og frá aðeins 4.90 kr. á mínútu til útlanda. Það er ekkert mál að skipta og þú getur haldið símanúmerinu þínu. Þetta færðu allt ef þú ert með heimasíma og ADSL hjá Hive. Hefur þú frá miklu að segja?
Hive.is Grensásvegi 16, Reykjavík. Þjónustusími: 414 1616 hive@hive.is
Hive
JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is Ljósm. Svenni Speight

# Tími til að skipta



**Mercedes Benz 230 E S/D**
F. skráð 03/1997, ekinn 121.000 km
Sjálfskiptur
**Verð:** 1.450.000 kr.
**Tilboð: 1.190.000 kr.**



**Subaru Legacy**
F. skráð 09/1996, ekinn 101.000 km
Sjálfskiptur
**Verð:** 720.000 kr
**Tilboð: 550.000 kr.**



**Toyota Previa**
F. skráð 02/2003, ekinn 53.000 km
Sjálfskiptur
**Verð:** 2.240.000 kr.



**Peugeot 406**
F. skráð 07/1998, ekinn 130.000 km
5 gíra
**Verð:** 490.000 kr.
**Tilboð: 350.000 kr.**



**VW Passat S/D Comfort line**
F. skráð 02/2003, ekinn 55.000 km
Sjálfskiptur
**Verð:** 1.600.000 kr.
**Tilboð: 1.390.000 kr.**



**Subaru Legacy W/G Outback 4WD**
F. skráð 05/1997, ekinn 142.000 km
Sjálfskiptur
**Verð:** 840.000 kr.
**Tilboð: 590.000 kr.**



**Nissan Terrano II Luxury**
F. skráð 07/2003, ekinn 45.000 km
Sjálfskiptur
**Verð:** 2.650.000 kr.
**Tilboð: 2.350.000 kr.**



**Alfa Romeo 156 S/D Ti**
F. skráð 11/2002, ek. 50.000 km
5 gíra
**Verð:** 1.450.000 kr.
**Tilboð: 1.150.000 kr.**



**Nissan Terrano**
F. skráð 05/1998, ekinn 175.000 km
5 gíra
**Verð:** 900.000 kr.
**Tilboð: 690.000 kr.**



**VW Passat W/G Syncro 4WD**
F. skráð 09/1999, ekinn 80.000 km
5 gíra
**Verð:** 860.000 kr.
**Tilboð: 590.000 kr.**



**Nissan Terrano**
F. skráð 08/1999, ekinn 157.000 km
5 gíra
**Verð:** 1.119.000 kr.
**Tilboð: 790.000 kr.**



**Toyota Rav4**
F. skráð 07/1995, ekinn 210.000 km
5 gíra
**Verð:** 480.000 kr.
**Tilboð: 230.000 kr.**



**Toyota Corolla L/B Terra**
F. skráð 07/1995, ekinn 130.000 km
5 gíra
**Verð:** 650.000 kr.
**Tilboð: 390.000 kr**



**Toyota Corolla W/G Luna**
F. skráð 02/1999, ekinn 81.000 km
5 gíra
**Verð:** 780.000 kr.
**Tilboð: 590.000 kr.**



**Toyota Corolla H/B XLi**
F. skráð 08/1994, ekinn 103.000 km
Sjálfskiptur
**Verð:** 350.000 kr.
**Tilboð: 250.000 kr.**



**Toyota Corolla W/G Terra**
F. skráð 04/2001, ekinn 122.000 km
5 gíra
**Verð:** 790.000 kr.
**Tilboð: 650.000 kr.**

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS TOY 32835 05/2006

**Alltaf góð tilboð í tilboðshorninu okkar,**
**- sjá nánar á www.toyota.is/notaðir bílar.**

Áhyggjulaus og örugg bílaviðskipti - strangt skoðunarferli, 14 daga skiptiréttur, ókeypis skoðun eftir 1000 km, allt að 1 árs ábyrgð.
Skoðaðu úrvalið á Nýbýlavegi 4, á www.toyota.is eða hringdu í 570 5070.



**Toyota Corolla S/D XL**
F. skráð 06/1995, ekinn 183.000 km
5 gíra
**Verð:** 250.000 kr.
**Tilboð: 150.000 kr.**



**Mazda Premacy Exclusive**
F. skráð 09/1999, ekinn 96.000 km
5 gíra
**Verð:** 650.000 kr.
**Tilboð: 390.000 kr.**



**Mazda 323 H/B**
F. skráð 06/1996, ekinn 125.000 km
5 gíra
**Verð:** 290.000 kr.
**Tilboð: 90.000 kr.**



**VW Passat W/G Syncro 4WD**
F. skráð 09/1999, ekinn 77.000 km
5 gíra
**Verð:** 980.000 kr.
**Tilboð: 750.000 kr.**



**Izusu Trooper**
F. skráð 11/1999, ekinn 174.000 km
5 gíra
**Verð:** 1.290.000 kr.
**Tilboð: 890.000 kr.**



**Dodge Caravan VAN**
F. skráð 04/2000, ekinn 191.000 km
Sjálfskiptur
**Verð:** 690.000 kr.
**Tilboð: 390.000 kr.**



**VW Passat W/G Syncro 4WD**
F. skráð 06/1999, ekinn 125.000 km
5 gíra
**Verð:** 890.000 kr.
**Tilboð: 690.000 kr.**



**GMC Sierra K1500 Pickup**
F. skráð 03/2005, ekinn 24.000 km
Sjálfskiptur
**Verð:** 3.950.000 kr.
**Tilboð: 3.650.000 kr.**



**VW Passat W/G**
F. skráð 11/1997, ekinn 127.000 km
5 gíra
**Verð:** 770.000 kr.
**Tilboð: 590.000 kr.**



**Nissan Terrano**
F. skráð 06/1999, ekinn 130.000 km
5 gíra
**Verð:** 1.250.000 kr.
**Tilboð: 790.000 kr.**



**MMC Lancer W/G**
F. skráð 07/2000, ekinn 122.000 km
5 gíra
**Verð:** 620.000 kr.
**Tilboð: 350.000 kr.**



**VW Passat Diesel**
F. skráð 04/2001, ekinn 207.000 km
Sjálfskiptur
**Verð:** 850 kr.
**Tilboð: 650.000 kr.**



**Toyota Corolla W/G XLi**
F. skráð 09/1996, ekinn 122.000 km
5 gíra
**Verð:** 440.000 kr.
**Tilboð: 250.000 kr.**



**Toyota Yaris Verso Luna**
F. skráð 03/2000, ekinn 112.000 km
Sjálfskiptur
**Verð:** 790.000 kr.



**Toyota Corolla S/D Terra**
F. skráð 06/1999, ekinn 115.000 km
5 gíra
**Verð:** 580.000 kr.
**Tilboð: 390.000 kr.**



**Toyota Avensis S/D Terra**
F. skráð 11/1998, ekinn 158.000 km
Sjálfskiptur
**Verð:** 660.000 kr.
**Tilboð: 490.000 kr.**

## Svona erum við

> heildarvelta í landbúnaði og dýraveiðum 2003-2005 í milljónum króna.




Heimild: Hagstofa Íslands

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** MATVÆLAVERÐ Á ÍSLANDI

# *Hærra en annars staðar í Evrópu*

Verð á matvöru hér á landi er reglulega til umfjöllunar í fréttum og þá oft vegna þess hversu mikið meira Íslendingar verða að greiða fyrir undirstöðumatvöru. Verðlagseftirlit Alþýðusambands Íslands gerir reglulega kannanir og nú síðast 17. maí. Í þeirri könnun voru matarkörfur í höfuðborgum Norðurlandanna bornar saman og niðurstaðan varð enn á ný að íslenskir neytendur greiddu mest fyrir nauðsynjar.

**Hvert er hlutfall matvöru í heildarneyslu Íslendinga?**

Hlutfall matar og drykkjar í heildarneyslu á Íslandi er fremur hátt miðað við það sem gengur og gerist í V-Evrópu. Mishátt hlutfall endurspeglar bæði mun á verði og tekjum í hverju landi fyrir sig og hlutfallið því hærra þar sem tekjur eru lágar. Íslendingar verja að meðaltali um 16 prósentum af tekjum sínum til matarkaupa en þetta hlutfall var tæp 29 prósent árið 1978. Þetta hlutfall er 2-6 prósentum lægra á hinum Norðurlöndunum (Eurostat).

**Hvaða staðbundnu þættir skýra verðmun á milli landa?**

Aðgangur að náttúruauðlindum skiptir miklu máli því hann getur lækkað framleiðslukostnað og þar með vöruverð á markaði. Yfirleitt hefur magn framleiðslu áhrif á verð til lækkunar. Stærri markaðir njóta þess og verð á vörum og þjónustu er yfirleitt hærra á litlum mörkuðum eins og á Íslandi. Há laun valda því að kostnaður við framleiðslu verður meiri og vöruverð er því hærra. Löggjöf og hagstjórn hvers lands fyrir sig hefur mikil áhrif á verðlag milli landa.



**Hverjir gæta hagsmuna neytenda?**

Samkeppniseftirlitið sinnir eftirliti með samkeppnishömlum og Neytendastofa hefur eftirlit óréttmætum viðskiptaháttum auk þess að annast söfnun, úrvinnslu og útgáfu upplýsinga um neytendamál. Embætti talsmanns neytenda var stofnað í þeim tilgangi að standa vörð um hagsmuni og réttindi neytenda og stuðla að aukinni neytendavernd. Neytendasamtökin eru hagsmunasamtök íslenskra neytenda og vinna að því að auka verð- og vöruþekkingu neytenda og aðstoða þá við að ná fram rétti sínum auk þess að stunda rannsóknir á neysluvörum og viðskiptaháttum.


2 fyrir 1
TILBOÐ



Krít 29. maí 29.950 kr.
Netverð á mann miðað við að 2-4 fullorðnir ferðist saman. Brottför 22. maí.
Innifalið: Flug, gisting í 7 nætur á **Heilios**, flugvallarskattar og íslensk fararstjórn.

Benidorm 31. maí 29.770 kr.
Netverð á mann miðað við að 2-4 fullorðnir ferðist saman. Brottför 24. maí.
Innifalið: Flug, gisting í 7 nætur á **Halley**, flugvallarskattar og íslensk fararstjórn.

Portúgal-Albufeira 30. maí 29.990 kr.
Netverð á mann miðað við að 2-4 fullorðnir ferðist saman. Brottför 23. maí.
Innifalið: Flug, gisting í 7 nætur á **Mirachoro**, flugvallarskattar og íslensk fararstjórn.

Mallorca 30. maí 29.980 kr.
Netverð á mann miðað við að 2-4 fullorðnir ferðist saman. Brottför 23. maí.
Innifalið: Flug, gisting í 7 nætur á **Pil Lari Playa**, flugvallarskattar og íslensk fararstjórn.

VISA MasterCard EFLING
plús FERÐIR
Bókaðu strax besta Plúsferðaverðið
www.plusferdir.is
Plúsferðir · Lágmúla 4 · 105 Reykjavík · Sími 535 2100


# Einn af hverjum hundrað á lista

**Rúmlega eitt prósent kjörgengra landsmanna er á framboðslistum vegna sveitarstjórnarkosninganna á laugardag. 529 sveitarstjórnarsæti eru í boði. Á kjörskrám er samtals 216.191 kjósandi.**

Gengið verður til kosninga í 77 sveitarfélögum á laugardag. 79 sveitarfélög eru í landinu en sjálfkjörið er í tveimur þeirra; í Breiðdalshreppi og Tjörneshreppi, þar sem aðeins einn framboðslisti barst í hvoru sveitarfélagi um sig. Kosið verður á milli lista í 58 sveitarfélögum en óbundin kosning verður í 19. Óbundin kosning þýðir að ekki eru boðnir fram listar og eru því í raun allir kjósendur í viðkomandi sveitarfélagi í framboði.

**SVEITARSTJÓRNARKOSNINGAR 2006**

Í þeim 58 sveitarfélögum þar sem kosið verður á milli lista eru samtals 170 listar í framboði. Á þeim sitja alls 2.655 manns en með frambjóðendum í Breiðdals- og Tjörneshreppi eru 2.675 á listum. Eru það um 1,2 prósent kjörgengra landsmanna.

Karlar eru í meirihluta frambjóðenda. 1.503 karlar (56,2%) eru á listum en 1.172 (43,8%) konur. Meðalaldur frambjóðenda er tæp 44 ár.

Sveitarfélögum hefur fækkað um 26 á kjörtímabilinu. Fyrir fjórum árum voru þau 105 en eru nú 79. Meðalíbúafjöldi sveitarfélaganna er 3.796 en í því fjölmennasta, Reykjavík, búa um 115.000 manns, en í því fámennasta, Árneshreppi, búa 50. Meðalstærð sveitarfélaganna er 1.300 ferkílómetrar en það stærsta, Fljótsdalshérað, er 8.884 ferkílómetrar en það minnsta, Seltjarnarneskaupstaður, er tveir ferkílómetrar. Þess má geta að um fimm hundruð fleiri búa í minnsta sveitarfélagi landsins en í því stærsta. Við kosningarnar nú er kosið í 529 sveitarstjórnarsæti. Það er fækkun um 128 sæti en í kosningunum fyrir fjórum árum voru þau 657. Munurinn liggur bæði í sameiningu sveitarfélaga og eins samþykktum einstakra sveitarfélaga um fækkun sveitarstjórnarmanna. Á því er þó sú undantekning að sveitarstjórnarmönnum í Vogum verður fjölgað úr fimm í sjö. Ýmist sitja fimm, sjö, níu, ellefu eða fimmtán í hverri sveitarstjórn fyrir sig og ræðst það yfirleitt af íbúafjölda.

Alls er 216.191 á kjörskrám, 108.683 konur og 107.508 karlar. 11.246 fleiri kjósa nú en fyrir fjórum árum sem er fjölgun um 5,5 prósent. Kjósendur sem kjósa nú í fyrsta sinn eru 16.501 og eru það 7,6 prósent af heildarfjölda kjósenda. Flestir eru á kjörskrá í Reykjavík, 85.618, en fæstir í Árneshreppi, 43. Rétt tæplega 4.468 erlendir ríkisborgarar eru á kjörskrá. Flestir eru frá Póllandi, eða 822, þá Danmörku, Færeyjum og Grænlandi, alls 534, 279 eru frá Þýskalandi og jafnmargir frá Filippseyjum.



FRÉTTASKÝRING
BJÖRN ÞÓR SIGBJÖRNSSON
bjorn@frettabladid.is



**ATKVÆÐI SETT Í KJÖRKASSA** 216.191 er á kjörskrá í sveitarstjórnarkosningunum á laugardag. Fyrir fjórum árum var kosningaþátttakan um 83 prósent.

**ATHYGLISVERÐ LISTANÖFN**

- Afl til áhrifa
- Biðlistinn
- Flóalisti
- Framfylkingarflokkurinn
- H4
- Hreppslistinn
- Komandi framtíð
- Kraftlistinn
- Kröftugir Kjósarmenn
- Listi almennra íbúa
- Listi framfarasinna
- Listi framfarasinnaðra kjósenda
- Listi framtíðar
- Listi lýðræðissinna
- Listi tímamóta
- Listi um farsæla sameiningu
- Málefnalistinn
- Nýlistinn
- Nýtt afl
- sam Eining
- Samherjar
- Samstarf til sóknar
- xmotor

**LISTABÓKSTAFIR**

- Tuttugu stafir stafrófsins eru notaðir sem listabókstafir í kosningunum. Eru það; A, Á, B, C, D, E, F, H, Í, J, K, L, M, N, O, R, S, T, V, Þ.

**SAMEINING**

- *Samhliða kosningunum verða gerðar skoðanakannanir um sameiningu í tveimur sveitarfélögum.*
- Íbúar Hörgárbyggðar munu taka afstöðu til sameiningar við Arnarneshrepp.
- Íbúar Arnarneshrepps munu taka afstöðu til sameiningar við Hörgárbyggð og Akureyri.

*HVORUG KOSNINGIN ER BINDANDI.*

**NÝ NÖFN**

- *Samhliða kosningunum verða gerðar skoðanakannanir um nöfn sjö nýrra sameinaðra sveitarfélaga. Þau eru:*
- Skilmannahreppur, Hvalfjarðarstrandarhreppur, Innri-Akraneshreppur og Leirár- og Melahreppur.
*- Hafnarbyggð, Heiðarbyggð, Heiðarsveit, Hvalfjarðarbyggð og Hvalfjarðarsveit.*
- Borgarbyggð, Borgarfjarðarsveit, Hvítársíðuhreppur og Kolbeinsstaðahreppur.
*- Borgarbyggð, Brákarbyggð, Mýrarbyggð og Sveitarfélagið Borgarfjörður.*
- Broddaneshreppur og Hólmavíkurhreppur.
*- Strandabyggð, Strandahreppur og Sveitarfélagið Strandir.*
- Siglufjarðarkaupstaður og Ólafsfjarðarbær.
*- Fjallabyggð, Hnjúkabyggð, Tröllaskagabyggð og Ægisbyggð.*
- Húsavíkurbær, Kelduneshreppur, Öxarfjarðarhreppur og Raufarhafnarhreppur.
*-Gljúfrabyggð, Norðausturbyggð og Norðurþing.*
- Skeggjastaðahreppur og Þórshafnarhreppur.
*- Gunnólfsbyggð, Hafnarbyggð, Langanesbyggð og Langaneshreppur.*
- Gaulverjabæjarhreppur, Hraungerðishreppur og Villingaholtshreppur.
*- Flóabyggð, Flóahreppur, Flóamannahreppur og Flóasveit.*

Ekki er um bindandi kosningar að ræða en líklegt má telja að sveitarstjórnirnar fari að vilja meirihluta íbúa.

**FLJÓTSDALSHREPPUR**

*Lágt hlutfall íbúa á kjörskrá*

Hlutfall kjósenda af íbúum er svipað í flestum sveitarfélögum landsins. Annað er uppi á teningnum í Fljótsdalshreppi þar sem búa 376. Aðeins 69 eru á kjörskrá og skýrist það af þeim mikla fjölda útlendinga sem býr í sveitarfélaginu og vinnur við byggingu Kárahnjúkavirkjunar.

# Við erum Mazda

mazda






**Mazda6 Touring 2,0i**
**4 dyra, sjálfskiptur***
**Sóltilboð 2.525.000 kr.**
Bílasamningur 34.726 kr.
Rekstrarleiga 46.100 kr.



**Mazda6 Touring 2,0i**
**5 dyra, sjálfskiptur***
**Sóltilboð 2.575.000 kr.**
Bílasamningur 35.414 kr.
Rekstrarleiga 47.100 kr.



**Mazda6 Touring 2,0i**
**Wagon, sjálfskiptur***
**Sóltilboð 2.625.000 kr.**
Bílasamningur 36.102 kr.
Rekstrarleiga 48.700 kr.

## Sumarið er komið í Brimborg. Vertu Mazda.

Nú er rétta tækifærið til að fá sér nýjan bíl fyrir sumarfríið á sérstöku sóltilboði Brimborgar. Gerðu samanburð á japönskum gæðum. Berðu saman verð og búnað Mazda6 Touring, 4 dyra, sjálfskiptum og Toyota Avensis Sedan Sol, sjálfskiptum. Mazda6 kostar núna aðeins frá 2.525.000 kr. á sérstöku sóltilboði til þín. Verð á sjálfskiptum Toyota Avensis Sedan Sol er frá 2.650.000 kr.* Veldu annan stíl. Núna Mazda - á sérstöku sóltilboði Brimborgar.

**Það sem er umfram í Mazda6 Touring:**

- *2,0 lítra vél*
- *5 þrepa sjálfskipting*
- *Álfelgur*
- *Hraðastillir*

Aflaðu þér frekari upplýsinga www.mazdabrimborg.is

## Við staðgreiðum gamla bílinn þinn.

Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl á góðu sóltilboði Brimborgar. Þú færð peninginn beint í vasann eða greiðir upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og lækkar þinn kostnað. Við erum Mazda. Komdu í Brimborg. Kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Mazda á sóltilboði Brimborgar.

## Skoðaðu Mazda3 og Mazda5 á sóltilboði.



**Mazda3 Touring 1,6i**
**5 dyra, 5 gíra***
**Sóltilboð 1.890.000 kr.**
Bílasamningur 25.897 kr.
Rekstrarleiga 34.700 kr.



**Mazda3 Touring 1,6i**
**4 dyra, 5 gíra***
**Sóltilboð 1.920.000 kr.**
Bílasamningur 26.307 kr.
Rekstrarleiga 35.200 kr.



**Mazda5 Touring 2,0i**
**7 manna, 5 gíra***
**Sóltilboð 2.390.000 kr.**
Bílasamningur 32.748 kr.
Rekstrarleiga 43.400 kr

## Við erum Mazda

**Komdu núna. Sóltilboð Brimborgar gildir aðeins til 31. maí n.k. eða meðan birgðir endast.**

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL




Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.mazdabrimborg.is

*Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Lán er bílasamningur með 10% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% isk / 50% erl.myntkarfa. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 36 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 20.000 km akstur á ári. Aukabúnaður á mynd: sóllúga. Skv. verðlista Toyota 05/06. **Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

# skoðun

SJÓNARMIÐ
JÓN KALDAL

Frjálslegar símhleranir stjórnvalda fyrr á árum beina kastljósinu að stöðu þessara mála í dag.

## Hver fylgist með eftirlitinu?

Uppljóstranir Guðna Th. Jóhannessonar sagnfræðings um símhleranir stjórnvalda á dögum kalda stríðsins eru ekki aðeins sagnfræðilega áhugaverðar heldur beina þær kastljósinu að því með hvaða hætti stjórnvöld hafa eftirlit með íbúum landsins á okkar tímum.

Ekki eru nema um tvö ár síðan Björn Bjarnason dómsmálaráðherra lagði fram frumvarp á Alþingi um breytingar á lögum um meðferð opinberra mála sem meðal annars fól í sér að lögreglan fengi heimild til að hefja símahleranir án undangengis dómsúrskurðar. Eftir öflug mótmæli innan sem utan þings var sú tillaga góðu heilli felld úr frumvarpinu fyrir afgreiðslu þess.

Eins og áður hefur verið vikið að á þessum vettvangi sat eftir sú óþægilega tilfinning að núverandi dómsmálaráðherra væri tilbúinn að réttlæta skerðingu á mannréttindum borgaranna með tilvísun í að tilgangurinn væri að berjast gegn hættulegum mönnum.

Full ástæða er til að hafa áhyggjur af viðhorfi dómsmálaráðherra til þess hvernig eftirliti ríkisins með borgurunum er háttað því eftirlitsskylda með því að þær heimildir séu ekki misnotaðar liggur einmitt hjá dómsmálaráðuneytinu.

Við lestur núgildandi lagaákvæða um hleranir, ljósmyndir og hreyfimyndir af fólki án vitneskju þess, sést að þau eru rúm og virðast fremur sniðin að hagsmunum lögreglunnar en borgaranna. Lagatextinn er ekki flókinn en samkvæmt 87. gr. laganna þurfa eftirfarandi skilyrði að liggja fyrir svo að dómsúrskurður fáist fyrir símhlerunum eða öðru eftirliti:

„a. að ástæða sé til að ætla að upplýsingar, sem skipt geta miklu fyrir rannsókn máls, fáist með þessum hætti,

b. að rannsókn beinist að broti sem varðað getur að lögum átta ára fangelsi eða ríkir almannahagsmunir eða einkahagsmunir krefjist þess.“

Ólíkt því sem lögin kváðu á um á dögum kalda stríðsins ber rannsóknaraðilum nú að upplýsa þá sem hleranir eða annað eftirlit hefur beinst að um aðgerðirnar svo fljótt sem verða má eftir að þeim líkur, „þó þannig að það skaði ekki frekari rannsókn málsins“, eins og segir í lögunum. Slíkt eftirlit á því ekki að koma þeim, sem fyrir því verða, í opna skjöldu mörgum árum síðar eins og er tilfellið með hleranirnar sem Guðni Th. Jóhannesson hefur upplýst um.

Eftirlit með því að lögregluembætti landsins sinni þessari lagaskyldu liggur hjá dómsmálaráðaneytinu. Samkvæmt heimildum þess sem hér skrifar er það hins vegar hreint ekki alltaf tilfellið að lögreglan fari eftir þessu skýra lagaákvæði. Ekki skal fullyrt að sú sé raunin, en hins vegar er tilhugsunin ein með öllu óþolandi.

Alþingi Íslendinga hlýtur í framhaldi af upplýsingum um frjálslegar símhleranir fyrr á tímum að taka málaflokkinn í heild til gagngerrar endurskoðunar. Í nágrannalöndum okkar er eftirlitsskyldan með störfum lögreglunnar í höndum sérstakrar nefndar á vegum viðkomandi þings. Það hlýtur að vera skynsamlegri háttur en að fela þetta mikilvæga hlutverk embættismönnum í ráðuneyti, með fullri virðingu fyrir þeim.







INNKAUPAKORT VISA

Hægt er að sækja um Innkaupakort VISA á www.visa.is og hjá öllum bönkum og sparisjóðum.

Nýr dagur – ný tækifæri VISA


### FRÁ DEGI TIL DAGS

**Hrein ára**

Frjálslyndi flokkurinn í höfuðborginni hefur býsna sterka stöðu þegar aðeins fimm dagar eru til borgarstjórnarkosninga. Flokkurinn þarf ekki að bera meintar syndir R-listans og því þarflaust að skeyta skapi sínum á honum. Ekki heldur þarf að refsa Frjálslyndum fyrir það sem miður hefur farið við stjórn þjóðarskútunnar. Þeir lofa kjósendum meiri jöfnuði og velferð, flugvelli áfram í Vatnsmýrinni og leggjast gegn áformum um að selja hlut Reykvíkinga í Landsvirkjun og Orkuveitu Reykjavíkur. Ára Frjálslyndra er sem sagt hrein og fögur. Eftir þessu virðast kjósendur hafa tekið en fylgiskannanir hafa sýnt allt að 10 prósenta fylgi flokksins.



**Á heimleið?**

Breytingar á kjörinni yfirstjórn höfuðborgarinnar eru borðleggjandi eftir næstu helgi þar sem R-listinn er allur. Sjálfstæðismenn fýsir að komast til valda en líklegt verður að telja að þeir nái ekki völdum án liðsauka.
Menn með góða heyrn hafa fyrir satt að Frjálslyndir láti nú þau boð út ganga að Sjálfstæðismönnum sé óhætt að kjósa Frjálslynda því þeir séu þegar ráðnir í því að ganga til samstarfs við gamla móðurflokkinn. Þannig sé Frjálslyndi flokkurinn með ákveðnum hætti að höfða til jaðarfylgis hægrimanna. Spennandi yrði að sjá hvernig Ólafi F. og Vilhjálmi Þ. semdist um framtíð Orkuveitunnar og Landsvirkjunar.



**Ekkert nýtt undir sólinni**

Fyrir 110 árum reyndu jafnaðarmenn í Saxlandi árangurslaust að ná saman fjöldafylgi gegn áformum um að skerða kosningarétt hundruð þúsunda verkamanna í Þýskalandi. Flugrit fóru manna á meðal, eldheitar greinar voru skrifaðar í dagblöð og 150 mótmælafundir voru haldnir á skömmum tíma. En fjöldinn sýndi tómlæti og áhugaleysi. Robert Michels, einn af frumkvöðlum stjórnmálafræðinnar, skýrði tómlætið svo að þar sem fjöldinn væri vanur að láta stjórna sér yrðu leiðtogarnir að undirbúa jarðveginn. Þeir gætu ekki fyrirvaralaust og án útskýringa krafist viðbragða við óskum sínum og yfirlýsingum.
Leiðtogar sumra íslenskra stjórnmálaflokka gætu grætt á því að hafa þetta í huga.

johannh@frettabladid.is

## Silvía og háskólasjúkrahúsið

Í DAG
KOSNINGAR



VALGERÐUR BJARNADÓTTIR

*Ég held líka að það sé rétt hjá mér að í síðustu kosningum hafi R-listinn verið einhverskonar kosningabandlag þriggja flokka og því ekki óeðlilegt að sungið væri margraddað.*

Silvía Nótt komst ekki áfram í Eurovision og lýsti frati á tilstandið allt. Meðalaldurinn heima hjá mér er svo miðaldra, að heimilisfólk hefur ekki almennilega fattað þennan brandara. Ég verð að viðurkenna að ég hef velt þessu svolítið fyrir mér og komist að þeirri niðurstöðu að þetta sé eins og ef það þætti voða sniðugt heima hjá einhverjum að prumpa. Yngri en tíu ára finnst það oft ótrúlega fyndið. Svo fer heimilisfólk saman út á Austurvöll og prumpar, allir í einu, og þá kemur í ljós að þetta er einhver einkabrandari. Ábyrgðarmaður nú eða -kona heimilisins yrði ábyggilega svolítið hugsi, ég velti fyrir mér hvort einhver sé hugsi út af Silvíu Nótt og framlagi hennar til íslenskrar menningar, ef ég man rétt voru reglur eitthvað sveigðar til að hún tæki þátt í keppninni.

Auðvitað segir einhver að það sé bæði forpokað og fyrir neðan belti að tala um þetta núna, hvað hefði þessi kerling (hún ég) sagt ef Silvía Nótt hefði unnið. Ég hugsa svei mér þá að ég hefði býsnast þá líka og væntanlega örvænt um menningarstigið í Evrópu – en nóg um það. Nú verður kosið!

Hlýt að viðurkenna að það tók mig svolitla stund að skilja ummæli Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar á föstudaginn um innanmein og klofning í R-listanum. Ég vona sannarlega að honum sé ljóst að R-listinn er ekki lengur til og býður ekki fram í kosningunum á laugardaginn kemur. Ég held líka að það sé rétt hjá mér að í síðustu kosningum hafi R-listinn verið einhverskonar kosningabandlag þriggja flokka og því ekki óeðlilegt að sungið væri margraddað. Ástæðan fyrir þessum ummælum forystumanns sjálfstæðismanna var sameiginleg ákvörðun framsóknarmannsins í borgarstjórninni og Sjálfstæðisflokksins að láta gamla íþróttafélagið framsóknarmannsins fá 25 milljónir aukreitis, svona rétt áður en Alfreð hætti. „Það kom einfaldlega í ljós þegar farið var yfir þessar tölur hjá Fram að það vantaði uppá hjá þeim til þess að þeir gætu klárað sína uppbyggingu“ sagði Vilhjálmur. Jahá – ég er hrædd um að fjármálastjórnin fari fljótt úr böndunum í Reykjavík, ef Sjálfstæðisflokkur kemst til valda með Vilhjálm í fararbroddi.

Ég er ekki alveg viss um að önnur íþróttafélög, nú eða ungmennafélög, sem starfa í borginni séu mjög ánægð. En auðvitað segir enginn múkk því það gæti komið þeim í koll síðar og væri náttúrlega alveg gasalega ranglátt gagnvart Fram eins og Vilhjálmur segir. Svo eru kerlingar eins og ég sem fá hnút í magann vegna þess að nú er ætlunin að haga sér í borginni eins og ráðafólkið gerir í stjórnarráðinu. Ég skora á fólk að koma í veg fyrir að svo geti orðið.

Forystumaður Sjálfstæðisflokksins vakti athygli mína fyrir annað fyrr í vikunni. Þá voru það ummæli hans um háskólasjúkrahúsið. Hann sagðist sem sagt alltaf hafa haft efasemdir um að það risi þar sem áætlað er, þ.e. í nágrenni háskólans. Hins vegar sagði hann að ríkið hefði mikinn rétt í þessu máli og þess vegna væri það ekki á valdi borgarinnar að breyta neinu þar um. Þetta fannst mér nú fremur aumt af hálfu mannsins, það var einmitt þetta viðhorf sem olli því að Hringbrautarhryllingurinn er það sem hann er. Vegagerðin hafði hana nefnilega á kortum sínum, Nesbraut held ég að mannvirkið heiti þar, og borgarfulltrúar þóttust hafa mest lítið um málið að segja. Hvers eigum við borgarbúar að gjalda ef ríkisvaldið ræður meira um skipulagmál en við sem eigum heima hérna, eða er þetta kannski bara aðferð þeirra sem bjóða sig fram og/eða hafa verið kjörnir í borgarstjórn til að skjóta sér undan ábyrgð og taka afstöðu í málum sem skiptar skoðanir eru um.

Annars er ég ósammála forystumanni Sjálfstæðisflokksins og um leið sammála Samfylkingunni um hvar spítalinn á að rísa og um leið ósammála. Sjúkrahúsið er einn stærsti vinnustaður landsins, ef ekki sá stærsti. Fullt af fólki fer þess vegna á þennan stað til vinnu, gestir sem heimsækja sjúklinga eru á ferðinni og aðrir koma til rannsókna eða eftirlits, því miður sumir svo lasnir að það má þá kannski einu skipta hvar spítalinn er niðurkominn, allt hitt fólkið er hins vegar líklegt til að setja svip á miðbæinn sem er í næsta nágrenni. Háskólasjúkrahúsið og mannlífið sem fylgir því er þess vegna líklegt til að gæða miðbæinn og allt nágrenni sitt iðandi mannlífi og það er einmitt það sem borgarlíf snýst um – eða hvað ?

## Flugvöllur í flimtingum

UMRÆÐAN
KOSNINGAR



VILHJÁLMUR Þ. VILHJÁLMSSON
FRAMBJÓÐANDI

Framtíð Reykjavíkurflugvallar hefur töluvert komið til álita í þessari kosningabaráttu þrátt fyrir að ekki verði hreyft við honum þar til í fyrsta lagi 2016, samkvæmt aðalskipulagi. Ýmsir frambjóðendur hafa stært sig af eindreginni afstöðu og jafnframt gagnrýnt okkur sjálfstæðismenn fyrir að benda ekki á einn kost umfram annan. Um þessa gagnrýni vil ég segja eftirfarandi:

Afstaða okkar sjálfstæðismanna til flugvallarins hefur einkennst af festu og ábyrgð. Sama verður ekki sagt um misvísandi afstöðu borgarstjórans, Samfylkingarinnar í heild, Frjálslyndra eða annarra framboðsflokka. Það yrði forvitnilegt að fylgjast með lyktum þessa máls ef R-listaflokkarnir og Frjálslyndir næðu saman um næsta borgarstjórnarmeirihluta. Yrðu þá flugvellir á fjórum stöðum?

Við segjum: Til athugunar eru fjórir kostir. Flugvöllur á Hólmsheiði, flugvöllur í Vatnsmýrinni í breyttri mynd, flugvallarstæði á Lönguskerjum og að starfsemi Reykjavíkurflugvallar þ.m. innanlandsflugið verði flutt til Keflavíkurflugvallar. Við höfnum þeim kosti að innanlandsflugið verði fært til Keflavíkur með þeim rökum að það myndi lama innanlandsflugið.

Það verður að vera flugvöllur innan borgarmarka Reykjavíkur eða nágrennis til að þjóna jafnt höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni. Um Reykjavíkurflugvöll fara um 450.000 manns á ári. Þann farþegafjölda sendum við ekki fyrirvaralaust út á þjóðvegi landsins sem nú eru að sligast undan þungaflutningum. Við viljum heldur ekki senda allt þetta fólk á nýjan flugvöll þar sem ekki hefur verið gætt fyllstu öryggissjónarmiða. Við stefnum heldur ekki í voða, afkomu þeirra hundruða fjölskyldna sem hafa lifibrauð sitt að flugvallarstarfseminni.

Við sjálfstæðismenn munum byggja afstöðu okkar á ítarlegri sérfræðilegri úttekt þar sem hvergi er slegið af öryggiskröfum. Það er ekki ábyrgðarleysi heldur pólitísk ábyrgð og staðfesta. Ábyrgðarleysið fellst hins vegar í því að nota þetta mikla hagsmunamál Reykvíkinga, og hugsanlegar stórframkvæmdir sem þá hlaupa á mörgum tugum milljarða, til atkvæðaveiða fyrir kosningar, án þess að forsendur sérfræðinga liggi fyrir.

*Höfundur er oddviti á lista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík.*


FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Pétur Gunnarsson og Trausti Hafliðason RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

issn 1670-3871

# Sófa dagar

## 15-60% afsláttur

### Af öllum sófasettum

Yfir 100 tegundir í boði

Fáanlegt í Hagkaupum Smáralind og á Akureyri



Gildir til 31. maí eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla

# Hreinar línur í kvenmannréttindamálum

**UMRÆÐAN**
KOSNINGAR



**GÍSLI HRAFN ATLASON FRAMBJÓÐANDI OG ATLI GÍSLASON VARAÞINGMAÐUR**

Mannréttindi eru mikilvægustu réttindi einstaklinga. Sú staðreynd blasir við að konur njóta þeirra ekki til jafns við karla. Á þeim eru mannréttindi brotin daglega, svo rækilega að maður spyr sig hvort mannréttindi séu ekki kvenmannréttindi. Þessi spurning vaknar út frá káunum tveimur, kynbundnum launamun og kynbundnu ofbeldi.

Það liggur fyrir að kynbundinn launamunur, launamunur karla og kvenna fyrir sambærileg og jafnverðmæt störf, er allt að 20%. Þessi launamunur er brot á jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar sem mælir fyrir um, að allir skuli vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis og að konur og karlar skuli njóta jafns réttar í hvívetna. Fleiri staðreyndir blasa við. Til að mynda eru atvinnutekjur kvenna aðeins um 60% af atvinnutekjum karla, konur eru framkvæmdastjórar í 18% íslenskra fyrirtækja og af forstöðumönnum ríkisstofnana eru konur aðeins um 20%. Það hefur verið yfirlýst markmið ríkisstjórna Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins að jafna launamun kynjanna. Til að framfylgja því markmiði hefur Sjálfstæðisflokkurinn haft tækifæri í fimmtán ár og Framsóknarflokkurinn í ellefu ár. Loforð þessara flokka hafa reynst orðin tóm og kvenfjandsamleg mannréttindabrot viðgangast án nokkurra stjórnvaldsaðgerða.

Vondur er kynbundinn launamunur en verri, hræðilegri, er sú staðreynd að kynbundið ofbeldi viðgengst og ríkisstjórnir Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins virðast ekki hafa fattað það. Hér nægir að nefna þá staðreynd að einungis lítið brot, um 5%, af nauðgunarkærum til lögreglu leiða til sakfellinga fyrir dómi. Við rannsóknir nauðgunarmála er andlegum afleiðingum þessa ofbeldis lítill gaumur gefinn en einblínt á verknaðaraðferðina. Helstu afleiðingar kynferðisofbeldis eru þekktar og fyrir hendi er sérfræðiþekking til að meta og sýna fram á hvort þær séu til staðar. Læknar, sálfræðingar, félagsráðgjafar, hjúkrunarfræðingar og fleiri geta staðfest út frá andlegum afleiðingum hvort nauðgun hafi verið framin svo stappar nærri fullvissu. Verknaðaraðferðin, sem hegningarlög leggja megináherslu á, er algjört aukaatriði. Það breytir engu við líkamsárás hvernig fórnarlambinu er misþyrmt. Þar er fyrst og síðast horft til afleiðinganna. Hvernig stendur á því að nauðgunarmál eru ekki meðhöndluð eins og líkamsárásir og önnur brot gegn friðhelgi einkalífs? Af hverju er þessi kynferðisfasismi látinn viðgangast? Nauðgun er næsti bær við manndráp og afar alvarlegt brot á friðhelgi einkalífs, friðhelgi sem varin er af 71. gr. stjórnarskrárinnar. Verndarhagsmunir kvenna, fjölskyldna þeirra og afkomenda vegna kynferðisofbeldis eru lífsnauðsynlegir og ófengjanlegir. Stjórnvöld tryggja ekki þessi mannréttindi eins og þeim ber skylda til.

VG hefur á Alþingi flutt þingmál sem fela í sér raunveruleg úrræði til að útrýma kynbundnum launamun og kynbundnu ofbeldi. Káin tvö eru líka sveitarstjórnarmál. Við boðum hreinar línur í komandi sveitarstjórnarkosningum undir kjörorðinu „Kynjaborgin Reykjavík“ með kvenfrelsi að leiðarljósi. Kynbundnum launamun verður eytt með aðgerðum en ekki yfirlýsingum. Klámi verður útrýmt úr opinberu rými og súlustöðum hafnað. Ráðist verður gegn kynbundnu ofbeldi hvort sem er á heimilum eða götum borgarinnar í öflugu samstarfi við Kvennaathvarfið, Stígamót og önnur frjáls félagasamtök. Kynjasjónarmið verða fléttuð inn í allar sveitarstjórnarákvarðanir. Við feðgar erum stoltir af kvenfrelsisstefnu VG.

*Gísli Hrafn er mannfræðingur og skipar 19. sæti VG í Reykjavík. Atli er faðir hans og lögmaður.*

# Í hvernig borg viltu búa?

**UMRÆÐAN**
KOSNINGAR



**ÁSTA ÞORLEIFSDÓTTIR**
FRAMBJÓÐANDI

Í hvernig Reykjavík viljum við búa er spurning sem við þurfum öll að spyrja okkur. Viljum við búa í aðlaðandi evrópskri borg með fólk í fyrirrúmi eða í dreifðri amerískri borg undirlagðri af umferðarmannvirkjum? Hver vill búa við hraðbraut? Er kannski til leið þarna mitt á milli, sem kemur til móts við þá tilhneigingu borgarbúa að nota bílana sína eins og frakka til að skjótast á milli húsa, en hvetur jafnframt til heilsusamlegri lifnaðarhátta og gerir vistvænum samgöngum hærri undir höfði svo þær verði fýsilegur kostur?

Hver eru rökin fyrir því að efla vistvænar samgöngur og af hverju viljum við hvetja til þeirra? Fyrst ber að nefna hagsmuni okkar sem einstaklinga.

Þá fjárhagslegu:

Þú sparar hálfa milljón með því að leggja bílnum og getur gert eitthvað miklu skemmtilegra í staðinn. Því skaltu ganga, hjóla eða taka strætó og bjóða svo fjölskyldunni eða góðum vini í frábært frí.

Þá heilsusamlegu:

Þú þarft minnst 1/2 klukkustundar hreyfingu á dag! Þessu má ná með því að hjóla eða ganga í vinnuna, þá sparar þú að kaupa kort í heilsurækt og átt meiri frítíma í staðinn. Ef þú átt ekki hjól og það er of langt að ganga alla leið þá er miklu minna stress að ferðast með stóra gula bílnum – þú situr, lætur hugann reika eða lest góða bók alveg ótruflað af umferðahnútum, kemur endurnærður vinnuna og aftur heim, sleppur við allt stressið og pirringinn sem fylgir því að vera í umferðinni með öllum hinum sem kunna ekki að keyra.

Þá skemmtilegu:

Þú upplifir umhverfi þitt á nýjan hátt, heilsar fólkinu sem þú mætir, á hjóli, hjólaskautum eða bara tveimur jafnfljótum og líður svo miklu betur, ánægður með sjálfan þig. Alltof stór hluti af borginni er undir malbiki – hvað væri annað hægt að gera við þetta svæði? Helmingurinn af byggðu landi í borginni er nú fyrir bíla. Er þetta sú borg sem við viljum? Er ef til vill hægt að snúa þessari þróun við? Fórna hraðbrautum fyrir fólk án þess að skerða lífsgæði og jafnvel auka þau?

Mengun fer árlega fyrir viðmiðunarmörk, hættuleg heilsu manna og kostnaður heilbrigðiskerfisins vegna öndunarfærasjúkdóma vegna tjöru og annarra svifagna af götum borgarinnar sem sest í lungun fer vaxandi. Viljum við í alvöru búa í borg þar sem gefa þarf út viðvörun til þeirra sem eru viðkvæmir í lungum að halda sig heima vegna mengunar nokkra daga á ári?

En er hægt að stemma stigu við þessari þróun? Það fyrsta sem mér dettur í hug er leggja upphitaða og upplýsta hjólastíga meðfram öllum stofnbrautum sem geri fólki kleift að nota reiðhjól sem samgöngutæki. Að almenningssamgöngur um hverfin verði stórefldar, með tíðari ferðum smærri vagna þannig að strætó sé valkostur fyrir vinnandi fólk. Hvetja til þess að meira af atvinnuhúsnæði undir hugvits- og þekkingariðnað sé byggt í hverfum með blandaðri byggð, þannig að fólk eigi möguleika á að vinna nærri heimili sínu og þannig valið um ferðamáta.

Hvað finnst þér?

*Höfundur og skipar 4. sæti á lista frjálslyndra og óháðra í Reykjavík.*


FJARNÁM ÖFLUGT OG ÓDÝRT

Nemandi sem tekur próf í því sem hann velur, fær kennslugjaldið endurgreitt að fullu.

Áfangar í boði eru í samræmi við námsskrá Mennamálaráðuneytis fyrir framhaldsskóla.

Nemendur geta m.a. tekið verslunarpróf í fjarnámi

90 áfangar í boði

Alþjóðafræði Bókfærsla Danska Eðlisfræði Efnafræði Enska Félagsfræði Fjölmiðlafræði Franska Heimspeki Íslenska Jarðfræði Landafræði Listasaga Líffræði Lögfræði Markaðsfræði Menningarfræði Náttúrufræði Rekstrarhagfræði Rússneska Saga Sálfræði Spænska Stjórnun Stærðfræði Tölvunotkun Vélritun Þjóðhagfræði Þýska

Skráning á heimasíðu skólans
23. maí - 1. júní

VERZLUNARSKÓLI ÍSLANDS



## HREYFING, HOLLUSTA OG SKEMMTUN

Ragnheiður Guðfinna Guðnadóttir og Arnar Grant hrinda af stað lífsstílsnámskeiðum fyrir unglinga.

HEILSA 4

## MEÐ MARGVÍSLEG DANSNÁMSKEIÐ Í SUMAR

Hjónin Edgar Konráð Gaponay og Ellen Dröfn Björnsdóttir reka saman Dansskóla Sigurðar Hákonarsonar.

HEILSA 2





## ALLT HITT

**[HEILSA]**

**Naghringir** frá leikfangaframleiðandanum The First Years hafa verið innkallaðir. Um er að ræða sex gerðir af vökvafylltum naghringjum sem seldir voru á tímabilinu júlí 2005 til janúar 2006. Í vökvanum er hugsanlega að finna bakteríur sem börn geta veikst alvarlega af bíti þau gat á hringinn. Nánari upplýsingar má finna á www.thefirstyears.com.

**Brynja** R. Guðmundsdóttir flytur á morgun fyrirlestur um algengi og orsakir vægra blæðingaeinkenna og asatíða frá upphafi. Fyrirlesturinn hefst klukkan 16 í Læknagarði. Brynja er að ganga undir undir meistarapróf við læknadeild Háskóla Íslands.

**Skákmót** verður haldið milli geðdeilda í hátíðarsalnum á Kleppi í dag klukkan 13. Skákfélagið Hrókur hefur veg og vanda af þessu móti. Deildin sem sigrar mun hljóta bikar í verðlaun en einnig verða bókavinningar fyrir efstu lið.



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er þriðjudagurinn 23. maí, 143. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 3.48 | 13.24 | 23.03 |
| Akureyri | 3.08 | 13.09 | 23.13 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

Smáauglýsingasími
550 5000
Auglýsingasími Allt
550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is



Jóhann Gunnar Einarsson, handknattleiksmaður úr Fram, hefur verið að taka á því í ræktinni að undanförnu þar sem hann stefnir aðallega að því að bæta við sig vöðvamassa. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Bætir á sig kjöti

***Handknattleikstímabilinu á Íslandi lauk fyrir stuttu en nú þegar eru margir leikmenn byrjaðir að æfa sig fyrir næstu leiktíð. Jóhann Gunnar Einarsson úr Fram er einn þeirra.***

Jóhann er einn af burðarstólpum nýkrýndra Íslandsmeistara Fram og endaði Jóhann sem markahæsti leikmaður liðsins á nýliðnum vetri. Jóhann er hins vegar metnaðarfullur, líkt og allt Fram-liðið en það ætlar að taka þátt í meistaradeild Evrópu á næstu leiktíð. Jóhann er strax byrjaður að æfa fyrir komandi leiktíð enda segist hann þurfa að bæta við vöðvamassann. „Eftir að keppni lauk þá tók við um þriggja daga pása en núna eru það fótbolti og lyftingar. Við fengum mann til þess að útbúa lyftingaplan fyrir okkur og síðan á hver og einn að sjá um sig sjálfur. Persónulega þarf ég að bæta á mig virkilega miklu kjöti,“ segir Jóhann í hreinskilni. Spurður um hversu miklu kjöti hann þurfi að bæta við sig segist Jóhann stefna á fimm til sjö kíló. „Svo reynir maður að bæta við hægt og rólega eftir það.“

Samhliða lyftingunum þarf Jóhann líka að huga vel að mataræðinu, ætli hann sér á annað borð að bæta á sig kjöti. „Ég hef verið að troðar frekar mikið af skyri í mig og síðan ætla ég líka á kreatín til þess að hjálpa mér aðeins.“

Jóhann ætlar einnig að sprikla og felst sú hreyfing helst í fótbolta. „Menn eru komnir með nett ógeð á handbolta þannig að þá er allt í lagi að hleypa þessu upp í smá vitleysu. Svo erum við að fara í meistaradeildina þannig að við byrjum mun fyrr á undirbúningstímabilinu. Þá byrja útihlaupin, sprettirnir og boltaæfingar.“

Jóhann segir að innan liðsins sé virk og skemmtileg samkeppni. „Samkeppni er af hinu góða en þetta er ekkert stríð og ég er ekki í keppni við neinn. En ef ég sé að einhver er að taka aukaæfingu þá tekur maður kannski tvær á móti.“ *steinthor@frettabladid.is*

## Vísindamenn heiðraðir

HEIÐURSVÍSINDAMAÐUR LANDSPÍTALA - HÁSKÓLASJÚKRAHÚSS OG UNGUR VÍSINDAMAÐUR LSH VORU ÚTNEFNDIR Á DAGSKRÁ VÍSINDA Á VORDÖGUM NÝLEGA.

Vísindi á vordögum er hluti af reglulegri dagskrá vordaga Landspítala - háskólasjúkrahúss. Þá er árangur af vísindastarfi á spítalanum kynntur og vísindamenn hylltir.
Heiðursvísindamaður LSH á árinu 2006 er Gunnar Sigurðsson prófessor og yfirlæknir á efnaskipta- og innkirtlasjúkdómadeild LSH. Gunnar útskrifaðist frá læknadeild Háskóla Íslands árið 1968. Gunnar varð prófessor við læknadeild Háskóla Íslands árið 1995. Hann stofnaði meðal annars beinþéttnimælingarstofu Sjúkrahúss Reykjavíkur árið 1995 og hefur haft umsjón með rekstri hennar.
Ungur vísindamaður á LSH árið 2006 er Valgarður Sigurðsson náttúrufræðingur. Valgarður hlaut hvatningarverðlaun fyrir verkefnið „Æðaþelsfrumur örva bandvefslíka umbreytingu brjóstastofnfrumna í þrívíðri ræktun“. Valgarður fékk nýlega verðlaun danska krabbameinsfélagsins fyrir þetta sama verkefni sem hann kynnti í Kaupmannahöfn á veggspjaldi.





**Hvar er fuglaflensan?** Áttum við ekki öll að vera að berjast fyrir lífi okkar og mannkynsins alls þessa stundina? Maður spyr sig...

























Edgar Konráð Gapunay rekur Dansskóla Sigurðar Hákonarsonar ásamt eiginkonu sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Verða með margvísleg dansnámskeið í sumar

***Hjónin Edgar Konráð Gaponay og Ellen Dröfn Björnsdóttir reka saman Dansskóla Sigurðar Hákonarsonar. Þau ætla að bjóða upp á margvísleg dansnámskeið í sumar.***



Ánægðir unglingar á freestyle-námskeiði í Dansskóla Sigurðar Hákonarsonar.

Edgar er lærður danskennari og hafði kennt dans í Dansskóla Sigurðar Hákonarsonar í ein tólf ár áður en hann tók við rekstri skólans af Sigurði. „Við erum búin að vera með skólann núna í tvö ár og það hefur gengið mjög vel,“ segir hann.

Í dansskólanum er boðið upp á margvísleg dansnámskeið en einnig er hægt að fá einkakennslu ef óskað er eftir því. „Tilvonandi brúðhjón hafa til dæmis komið í einkatíma en svo erum við með byrjendanámskeið í samkvæmisdönsum sem henta líka vel fyrir brúðhjón.“

Edgar segir að venjulega sé aðeins boðið upp á dansnámskeið á veturna en nú ætli þau hjónin að vera með sumarnámskeið. „Við byrjum með fjögurra vikna samkvæmisdansanámskeið í júní þar sem við förum í einföld spor í ýmsum dönsum. Þessi námskeið eru styttri en vetrarnámskeiðin og henta til dæmis vel brúðhjónum sem vilja læra grunnsporin í nokkrum dönsum fyrir brúðkaupið.“

Í dansskólanum verður einnig boðið upp á freestyle-dansnámskeið fyrir börn og unglinga í sumar. „Námskeiðið er hugsað fyrir tíu ára og eldri og byrjar í næstu viku. Unglingar hafa mjög gott af því að koma á dansnámskeið og fá einhverja hreyfingu og við kennum þeim þessa helstu tískudansa. Skráning í þetta námskeið er hafin og það er hægt að skrá sig á netinu á dansari.is eða hringja í okkur og skrá sig í gegnum síma.“

Edgar segir að kosturinn við dansinn sé að öll fjölskyldan geti sameinast í honum. „Þó að dans sé keppnisíþrótt þá eru flestir sem líta frekar á hann sem fjölskylduvæna skemmtun og íþrótt sem öll fjölskyldan getur tekið þátt í.“

*emilia@frettabladid.is*

# Minna keypt af óhollum mat

***Sala á óhollum mat hefur minnkað um allt að 40 prósent í Bretlandi eftir að merkingar á matvörum urðu ítarlegri.***



Í Bretlandi hefur verið gert átak í innihaldsmerkingum á matvöru. Bretar eru því farnir að kaupa minna af óhollustu.

Fram kemur í breska blaðinu The Times að eftir að innihaldslýsing matvöru varð nákvæmari minnkaði sala á óhollari mat. Matvörur eru nú merktar og fitumagn, sykur og saltmagn vörunnar er tilgreint nákvæmlega.

Sala á óhollum mat hefur minnkað um allt að 40 prósent í breskum matvöruverslunum eftir að farið var að merkja vörurnar með þessum hætti. Að sama skapi hefur sala á hollum mat aukist.

Breska matvælaeftirlitið hefur frá árinu 2004 staðið í samningaviðræðum við matvælaframleiðendur og forsvarsmenn matvöruverslana um að taka upp svokallaðar umferðarljósamerkingar. Litur er þá gefinn miðað við magn fitu, sykurs og salts í hverjum 100 grömmum vörunnar. Rauður litur bendir til að of mikið magn þessara efna sé í vörunni, gult miðlungs og grænn litur merkir hæfilegt magn. Enn er verið að þróa kerfið.

Greinilegt er þó að fólk kýs frekar hollustuna og er þakklátt fyrir nákvæmari merkingar á matvöru.



## Persona.is

EYJÓLFUR ÖRN JÓNSSON
SÁLFRÆÐINGUR SKRIFAR

## Byggjum við upp prófkvíða í grunnskólum landsins

Nú er tími prófa hjá íslenskum námsmönnum í skólum landsins. Mörg börn hafa setið sveitt yfir bókunum í þeirri von að öðlast nægjanlega þekkingu til þess að ná að leysa þær þrautir sem lagðar eru fyrir nemendur í prófunum. Sá ótti fylgir mjög mörgum nemendum að þeir nái ekki að leysa þær og standi sig illa þegar á hólminn er komið. Þessir námsmenn sem þreyta prófin á Íslandi í dag eru ekki bara nemendur í háskóla og framhaldsskóla heldur líka nemendur í grunnskólunum. Nýlega barst okkur á persona.is fyrirspurn frá nemanda sem var að lesa fyrir samræmd próf. Þessi nemandi tjáði okkur að hann væri búinn að lesa „geðveikislega“ mikið en væri samt að springa af stressi yfir að honum myndi ekki ganga nógu vel í prófunum. Af lýsingu þessa nemanda þjáðist hann greinilega af miklum prófkvíða og vanlíðan eins og við sjáum víða hjá öllum aldurshópum sem lesa undir próf.

Í mörgum grunnskólum landsins eru nemendur allt upp í mánuð í próflotu og þar af eru börn allt niður í 7 ára aldur að þreyta sérstök próf sem krefjast undirbúnings heimafyrir. Þetta er það fyrirkomulag prófa sem helst framkallar kvíða og vanlíðan hjá einstaklingum. Þannig getum við auðveldlega gefið okkur að með þessu prófafyrirkomulagi glími mjög mörg börn niður í 7 ára aldur við mikinn prófkvíða á meðan á þessum tímabilum stendur. Þessi börn hræðast, líkt og eldri námsmenn, að frjósa í prófi og að þau muni ekki standast væntingar sem þau og aðrir gera til þeirra. Börn bera sig líka töluvert mikið saman við önnur börn og hræðast þá að standa sig ekki eins vel og t.d. Sigga vinkona.

Síðustu ár hefur undirritaður unnið töluvert með fólki með mikinn prófkvíða og er greinilegt að þeir sem upplifa mikinn kvíða í prófum geta alls ekki sýnt nægjanlega hvað í þeim býr í prófunum vegna streitu og kvíða. Kvíðinn kemur nefnilega í veg fyrir að einstaklingurinn geti einbeitt sér sem skyldi við undirbúning prófa, og sérstaklega verður hann hamlandi í prófinu sjálfu.

Prófkvíði er viðurkenndur vandi á stað eins og Háskóla Íslands og margir leita þar ár hvert á sérstök prófkvíðanámskeið og þiggja úrræði eins og lengri próftíma til að draga úr kvíðanum. Það væri mjög fjarstæðukennt að telja að prófkvíði þekktist bara hjá nemendum á háskólastigi, auðvitað er hann líka vandamál hjá grunnskólabörnum!

Próf sem byggð eru upp á þann máta að lagt er upp með að nemendur læri eins og páfagaukar fyrir prófið og nái að svara ákveðnum spurningum eða leysa dæmi eru ekki gallalaus. Prófin mæla frekar „páfagaukalærdóminn“, það er hæfni nemandans til að læra utanbókar, en ekki endilega raunverulega getu einstaklingsins og þekkingu í faginu. Það er líka vel þekkt að þeir sem eru mjög kvíðnir en hafa afburðagreind geta jafnvel fallið á þessum prófum, þar sem, eins og áður sagði, vankantarnir við prófin eru þeir að þau geta dregið verulega úr einbeitingu og árangri þeirra sem þjást af prófkvíða.

Af einhverjum ástæðum hafa frændur vorir, Danir og Svíar, allt aðra stefnu en við á Íslandi, því þar eru, nánast undantekningarlaust, engin próf á grunnskólastiginu. Þeir telja sig hafa önnur tæki en prófin í höndunum til að fylgjast með stöðu nemenda sinna. Þeir notast frekar við æfingar, verkefni, vinnu í tímum og skimunarpróf, sem lögð eru fyrir í skyndi án þess að undirbúnings nemenda sé þörf, til að meta hvar nemendurnir eru staddir. Með þessu er verið að „prófa“ stöðu nemenda reglulega, án þess að leggja á þá prófin sem eru svo algeng hér á Íslandi og jafnframt er komið í veg fyrir þann kvíða og vanlíðan sem okkar tegundum prófa fylgir.

Ég held jafnvel að margir kennarar leggi fyrir próf af gömlum vana, þeim var kennt það, þeir fóru sjálfir í svona próf og þau eru í raun einföld tæki. Áhugavert væri að heyra hvað öðrum en mér finnst um þessi mál – er í raun nauðsynlegt að láta börnin okkar þreyta öll þessi próf á grunnskólastigi og mundi þeim ekki líða betur ef við myndum temja okkur aðrar leiðir til að meta stöðu þeirra eins og frændur okkar á Norðurlöndum gera? Ef niðurstaðan er sú að til eru aðrar leiðir til að meta stöðu nemenda sem eru jafn góðar eða jafnvel betri, eins og ég er að fullyrða í þessum pistli, þá væri það væntanlegra jákvæðara að börnin okkar væru úti að leika sér í góða veðrinu, sem oft er í maímánuði, með bros á vör, heldur en að þau séu inni að læra með hnút í maganum fyrir páfagauksprófin sín!

# Úttekt gerð á geðheilbrigðisþjónustu

*Sænskur sérfræðingur er á leið til Íslands til að gera úttekt á geðheilbrigðisþjónustu við börn og unglinga hér á landi.*



98 börn bíða nú eftir plássi á BUGL. Mál 30 barna til viðbótar liggja fyrir hjá inntökuteymi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Tæplega hundrað börn eru á biðlista eftir þjónustu hjá Barna- og unglingageðdeild Landspítala - háskólasjúkrahúss. Mál um 30 barna eru í vinnslu hjá inntökuteymi en þau börn koma langflest til með að fara á biðlista BUGL. Um 54 börn hafa nú beðið eftir plássi frá því á síðasta ári.

Aðstandendur BUGL segja aðkallandi tilfelli vera tekin til sérstaks bráðamats.

Sérstakur ráðgjafi sænskra stjórnvalda í geðheilbrigðismálum, doktor Anders Miltoon, hefur verið fenginn hingað til lands til að gera úttekt á geðheilbrigðisþjónustu við börn og ungmenni á Íslandi. Hann mun athuga styrkleika og veikleika þjónustunnar, ræða við fagfólk, fulltrúa foreldrafélaga og stofnana. Að lokinni úttekt mun Miltoon skila skýrslu til heilbrigðisyfirvalda.



Jafnvægi steinefna í fæðunni er gríðarlega mikilvægt fyrir góða heilsu.

# Rétt hlutfall steinefna hefur verndandi áhrif á heilsuna

***Hátt magnesíumgildi í blóði getur minnkað líkur á krabbameini um allt að helming og minnkað líkur á öðrum sjúkdómum um 80 prósent. Þetta kemur fram í nýrri franskri rannsókn.***

Nýleg frönsk rannsókn bendir til þess að magnesíumrík fæða geti minnkað hættu á krabbameini og hjartasjúkdómum. Niðurstöður benda til þess að jafnvægi á milli steinefnanna magnesíums, kopars og sinks í líkamanum hafi mikil áhrif á heilsuna.

Rannsóknin fór þannig fram að fylgst var með 4.035 karlmönnum á aldrinum 30 til 60 ára á átján ára tímabili. Reglulegar rannsóknir voru gerðar og spurningalistar lagðir fyrir hópinn. Á rannsóknartímabilinu létust 339 af þeim sem voru í úrtakinu, þar af 176 úr krabbameini og 56 úr hjartasjúkdómum.

Magnesíum er næst algengasta steinefnið í líkamanum á eftir kalki. Magnesíum er helst að finna í grænu grænmeti, banönum, mjólk, kjöti og eggjum. Sink, sem finna má í ostrum, hnetum, kjöti mjólk og ostum, styrkir einnig ónæmiskerfið verulega. Kopar er einnig nauðsynlegur líkamanum þar sem hann aðstoðar við upptöku járns. Rannsakað var samspil þessara steinefna. Niðurstöðurnar bentu til þess að hátt magnesíumgildi í blóðinu minnkaði líkur á dauðsfalli vegna krabbameins um 50 prósent. Ef hátt magnesíumgildi og lágt sinkgildi fóru saman minnkaði hættan á dauðsfalli vegna hvaða sjúkdóms sem var um 80 prósent.

Niðurstöður frönsku rannsóknarinnar eru í samræmi við sænska rannsókn sem gerð var á yfir 60 þúsund konum. Sænsku niðurstöðurnar bentu til að konur sem innbyrtu lítið magnesíum voru 40 prósent líklegri til að fá krabbamein í meltingarfæri en þær sem neyttu mikils magnesíums.

Niðurstöður þessara tveggja rannsókna sýna enn frekar fram á mikilvægi þess að borða fjölbreytta fæðu, ávexti og grænmeti. Ekki er nóg að taka viðbótarsteinefni af einni tegund, heldur skiptir fjölbreytnin máli.

Áður hefur magnesíumskortur verið tengdur við beinþynningu, nýrnakrabbamein, sykursýki og hátt hlutfall vonda kólesterólsins LDL. Frétt fengin af www.doktor.






allt
bílar
Alla laugardaga

ALVÖRU HLAUPAGREINING

FRAMKVÆMD AF FAGMANNI AUÐVELDAR
VALIÐ Á RÉTTU HLAUPASKÓNUM
OG GETUR KOMIÐ Í VEG FYRIR MEIÐSLI.
VIÐ HÖFUM HLAUPAGREINT MARGA
AF FREMSTU ÍÞRÓTTAMÖNNUM LANDSINS Í
YFIR 20 ÁR. HAFÐU SAMBAND OG
PANTAÐU HJÁ OKKUR TÍMA NÚNA.

STOÐ
Við styðjum þig

Trönuhrauni 8 • Hafnarfjörður • Sími 565 2885 • www.stod.is






Arnar Grant og Ragnheiður Guðfinna sjá um að engum leiðist á lífsstílsnámskeiðunum. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Hreyfing, hollusta og skemmtun

***Lífskraftur er heiti námskeiða sem efla hreysti og vellíðan. Það er ætlað ellefu til fimmtán ára ungmennum.***

Þau Ragnheiður Guðnadóttir og Arnar Grant eru að hrinda af lífsstílsnámskeiðunum fyrir unglinga, annað árið í röð. Meðal þess sem þau bjóða uppá er karate, línuskautaganga, leikir og útreiðar auk þes sem áhersla er lögð á hollt mataræði. En heyrum hvað Ragnheiður hefur sjálf að segja um Lífskrafts námskeiðin. „Við viljum efla með krökkunum holla lifnaðarhætti og sjálfstraust og okkur fannst upplagt að setja upp námskeið sem felur í sér ný og ný verkefni á hverjum degi. Þessi aldur getur átt erfitt með að finna sér áhugamál og sumum krökkum finnst einhæft að gera alltaf það sama, eins og að spila fótbolta eða stunda reiðnámskeið. Við höfum því fjölbreytileika í fyrirrúmi. Stundum byrjum við daginn á heljarins línuskautagöngu eða hjólatúr en þegar við tökum pásur frá hreyfingunni setjumst við niður og förum yfir mikilvægi holls mataræðis. Við fáum líka skemmtilegar fyrirmyndir í heimsókn eins og Jónsa í Svörtum fötum og Jón Arnar tugþrautakappa. Tvisvar er farið á hestbak, fyrri daginn inni í gerði og þann seinni í útreiðartúr. Einn daginn förum við í óvissuferð og við endum námskeiðið með heljar grillpartíi. Reynslan í fyrra sýndi að krakkarnir voru yfir sig ánægðir með námskeiðið og foreldrarnir líka. Það sem mér finnst best við þetta fyrir utan hreyfinguna, félagsskapinn og fjölbreytileikann sem námskeiðið felur í sér þá fá krakkarnir mánaðarbirgðir af hollum mat og drykk. Skyr frá KEA, Topp frá Vífilfelli og fleira gott. Við viljum kenna þeim að velja fremur það holla en það óholla en látum samt ábyrgðina í þeirra hendur. „Hvert námskeið stendur í hálfan mánuð og er fjóra daga í viku. Það kostar 25 þúsund. Fyrsta námskeið hefst 12. júní. Skráning fer fram á tölvupóstfangið lifskraftur@internet.is



Klifur upp vegg eykur bæði þor og styrk.

# Ofskynjunarlyf í lækningaskyni

***Vísindamenn kanna nú möguleika þess að nýta ofskynjunarlyf í lækningaskyni.***

Alsæla, sýra og sveppir hafa löngum haft orð á sér fyrir að vera hættuleg ofskynjunarlyf. Fyrir nokkuð löngu var þessum lyfjum þó hampað og talin góð ráð við geðklofa og öðrum geðröskunum. Fyrir um fjörutíu árum hættu vísindamenn þó að rannsaka ofskynjunarlyf vegna misnotkunar á þeim og þeim afleiðingum sem þau höfðu.
Nú hafa vísindamenn hins vegar hafið rannsókn á þessum lyfjum á ný í þeim tilgangi að kanna hvort þessi lyf geti hjálpað alvarlega veikum einstaklingum.
Á Miami hafa vísindamenn gefið heróínfíklum ofskynjunarlyfið Ibogaine til að minnka fráhvarfseinkenni. Í Suður-Karólínu hafa vísindamenn hafið að gefa fórnarlömbum nauðgunar alsælu til að hjálpa þeim að tjá sig um reynslu sína. Brátt munu læknar við hinn virta McLean-spítala í Belmont byrjað að gefa krabbameinsveiku fólki alsælu til að lina þjáningar þess og hjálpa þeim að takast á við kvíðann fyrir dauðanum. Spítali þessi tengist Harvard-háskóla og er vonast til að rannsókn frá jafn virðulegum stofnunum muni veita rannsóknum á þessu sviði aukna viðurkenningu.
Þeir sem að rannsóknunum standa ítreka að ekki sé um að ræða stuðning við almenna notkun ofskynjunarlyfja heldur hugsanlega leið til þess að hjálpa alvarlega veiku fólki að takast á við sársaukann og tilfinningarnar sem tengjast lífshættulegum veikindunum.
Frétt fengin af www.persona.is



Vísindamenn hafa meðal annars gefið krabbameinsveiku fólki alsælu til að lina þjáningar þess og draga úr kvíða.



Aðeins þrjú ný fúkkalyf hafa uppgötvast á síðustu 40 árum.

# Nýtt fúkkalyf í augsýn

***Verið getur að nýtt lyf, platensímýsín, virki vel í baráttunni við bakteríur.***

Í meira en fjörutíu ár hefur ekki komið á markaðinn nýtt fúkkalyf, en nú virðist sem breyting sé að verða á. Frá þessu er greint á vef BBC.

Lyfið er frábrugðið hefðbundnum fúkkalyfjum að því leyti að það hindrar ekki myndun DNA og prótína í bakteríum. Þess í stað hindrar það myndun ákveðinna fitusýra sem nauðsynlegar eru í frumuhimnum baktería. Lyfið virðist sérstaklega gagnlegt gegn svokölluðum MRSA-sýkingum sem staphylococcus aureus orsakar. Þar sem fúkkalyf vinna mjög illa á staphylococcus aureus binda læknar miklar vonir við lyfið.

Platensímýsín er náttúruleg afurð bakteríunnar streptomyces platensis sem finnst í jarðvegi í Suður-Afríku. Yfir 250.000 náttúruleg efni voru prófuð með tilliti til virkni en svo virðist sem vísindamenn hafi lent í lukkupottinum með platensímýsín.

# Slæm samsetning E-efna

***Ákveðin samsetning E-efna getur valdið taugaskemmdum.***

Rannsóknir sýna fram á að ákveðin samsetning svokallaðra E-efna getur valdið taugaskemmdum. Frá þessu er greint í 5. tölublaði Heilsupósts, Heilsuhússins.

Þar segir einnig að Soil Association, umhverfissamtök í Bretlandi sem boða lífrænan búskap og eru jafnframt forvígissamtök um almennt heilbrigði, hafi farið fram á það fyrir skömmu að samsetning nokkurra þekktra aukaefna í matvælum yrði sett á bannlista um allan heim.

Annars vegar er um að ræða E133, öðru nafni Brilliant Blue og E621, betur þekkt sem monosodium glutamate eða MSG, og hins vegar samsetninguna E104, öðru nafni quinoline yellow, og E951, líka þekkt sem L-aspartyl-Lphenylalanine methyl ester en líklega best þekkt hér á landi undir nafninu aspartame. Líklegt er talið að blanda þessara efna geti aukið möguleika á taugaskemmdum.

Sjá nánari upplýsingar á www.naturalproductsonline.com og www.soilassociation.org.



E-efni leynast víða.

## fundarboð }

### Aðstandendahópur Geðhjálpar

Aðstandendahópur Geðhjálpar boðar til fundar miðvikudaginn 31. maí klukkan átta í sal Hallveigarstaða á Túngötu 14.
Fundarefni að þessu sinni er húsnæðismál. Fulltrúar Svæðisskrifsstofu í málefnum fatlaðra í Reykjavík munu mæta og fræða fundargesti um hvernig skrifstofan er að undirbúa þjónustu í væntanlegum nýjum búsetuúrræðum geðsjúkra. Björn Sigurbjörnsson, verkefnisstjóri í búsetumálum geðsjúkra, mun svo greina frá því hvar uppbyggingin er stödd. Fundurinn er opinn öllum og aðstandendur eru hvattir til að fjölmenna.




AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



Raflagnir. Endurnýjum rafmagnstöflur, þjónustum fyrirtæki með raflagnir. S. 892 9120 - www.mmedia.is/rafkris

## Önnur þjónusta

**Stafræn framköllun**
Tilboð á stafrænni framköllun myndin frá 33kr. Framköllun á filmu 24myndir með CD aðeins 1390kr. Suðurlandsbraut 52, s.588 3700, www.pixlar.is

# HEILSA

## Heilsuvörur

Herbalife - Shapeworks - NouriFusion. Upplifðu muninn WWW.ARANGUR.IS S.586 8786.

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki í maí. Halldóra Bjarna hjúkrunfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019/ 868 4876

Árangur með Herbalife! Betri lífsstíll. Ráðgjöf og eftirfylgni. Edda Borg s. 896 4662.

## Líkamsrækt

**Einkaþjálfun á netinu.**
Hafðu samband 868 8162. adalgeir@lifsorka.is.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

## Nudd

Notalegt nudd. Uppl. í s. 616 6469

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið




Ef svo er gefst þér kostur á að taka einkatíma í tölvukennslu. Mjög góð aðstaða og mikil reynsla. Upplýsingar fúslega veittar í síma 862-4510

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn

Notað tvíbreitt rúm 180x200 cm, til sölu. Hægt að greiða með visa eða master card og dreifa greiðslum. Uppl. í s. 899 0962.

## Heimilistæki




**Ryksugukerfi**
Heimili, sumarhús, fyrirtæki og stofnanir. www.rafheimilid.is Rafheimilið ehf. s. 567 8909. Hamraborg 5. Opið 09-12.

## Fatnaður

Allar viðgerðir, leðurviðgerðir og breytingar. Styttum buxur meðan beðið er. Saumsprettan v. Ingólfstorg. S. 552 0855.

## Barnagæsla

Ég er dagmóðir á sv. 108 rvk og á laust pláss frá og með 14. ágúst. Uppl. í s. 698 8861.

## Dýrahald

HUNDARÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

**Árleg sumarsýning HRFÍ**
Sýningin fer fram í Reiðhöllinni Víðidal 24.-25. júní 2006. Hundar með ættbók frá HRFÍ eða félögum viðurkenndum af HRFÍ hafa þátttökurétt. Skráning á www.hrfi.is eða í s. 588-5255. Skráningarfrestur rennur út 26. maí.
**www.hrfi.is eða í s. 588 5255. Skráningarfrestur rennur út 26. maí.**



**Croft léttbúr fyrir hunda**
Dýrabær Hlíðasmára 9, Kóp. S. 553 3062. Smáralind. S. 554 3063.

Snöggur 3ja mánaða tjúi til sölu, ættbók, bólus. örmerktur. Uppl. í s. 868 1606.

## Ýmislegt



Rafhitaðir kanadískir heitir pottar frá Beachcomber. Vorum að taka upp '06 árgerð. Fimm ára ábyrgð. Frí heimsending hvert á land sem er. Sendum bæklinga samdægurs. Opið alla daga frá 9 til 21.00. Allar nánari uppl. í s. 897 2902 eða mvehf@hive.is

Óska eftir rúmum fyrir Litháa sem er að byrja að búa og öðru innbúi og búsáhöldum. Uppl. S. 897 1995 & 866 1083

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Gisting

**Gisting á Spáni**
Íbúð til leigu í Costa Brava og Menorca í sumar. Og í Barcelona í haust. Uppl.í s. 899 5863 www.helenjonsson.ws




## Fyrir veiðimenn







# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Leigjendur, takið eftir! Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Húsnæði óskast

Konu rúmlega fimmtuga á rýrum kvennalaunum vantar litla íbúð á leigu. Á höfuðborgarsvæðinu. Helst til lengri tíma. Reyki ekki, er reglusöm og heiti góðri umgengni. Uppl. í s. 867 8800 og 561 2098.

Íbúð óskast! 5 manna fjölskyldu bráðvantar 3-4 herbergja íbúð strax. Sími 695 6959 eða 663 7889. Skilvísum greiðslum heitið og meðmæli ef óskað er.

Reyklaust & reglusamt ungt par óskar eftir að leigja íbúð með húsgögnum frá 1. júní í 2-3 mánuði. Uppl. í s. 845 6133.

**6 mánuðir fyrirfram**
Óskum eftir íbúð til leigu, erum 3 í heimili, reglusöm og góð umgengni. Æskilegur staður er Árbæjarhverfið eða nágrenni. Uppl. í s. 896 2599.

Óskar eftir 2ja herb. eða stúdíóíb. Fyrirframgreiðla ef óskað er. Uppl. í s. 849 2572.

Hjón með 3 börn óska eftir íbúð í kópavogi. Erum að flytja frá Danmörk ca 20 júní. S. 848 6717.

## Sumarbústaðir



**Sedrusviður**
Pallaefni og utanhúsklæðning úr sedrusviði. Spónasalan ehf Smiðjuvegur 40, gul gata s.567 5550.

## Geymsluhúsnæði




Þinn eigin geymslubílskúr. 7, 10 og 17 m2. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. 564 6500. www.geymslaeitt.is










Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir á brettum. Starfað í 18 ár. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Mothers and Others!**
Help needed! Part time $500 - $2000 Full time $2000 - $8000 Full training www.123ibo.com
**www.123ibo.com**

**Sumarstörf**
Við óskum eftir þroskuðum einstaklingum til úthringistarfa í þjónustuverum okkar í sumar. Starfssvæði: Reykjavík, Akureyri, Blönduósi, Keflavík Vinnutími 17:00 - 22:00 mán - fös 12:00 - 16:00 lau
**Umsóknum skal skila á netfangið bm@bm.is sem fyrst merkt starfsstöð sem óskað er eftir. BM ráðgjöf eh.**

SNÆLAND VIDEO

Snæland Video Rvk, Kóp., Hafn. óska eftir verslunarstjórum - yfirmönnum í framtíðarstarf. Áhugasamir hringi í 693 3777 Pétur eða petursma@isl.is. Góð laun í boði fyrir rétt fólk

# ÞJÓNUSTA/ TIL SÖLU


















### Helgarvinna

Mosfellsbakarí á Háaleitisbraut 58-60, Rvk. óskar eftir góðu fólki til starfa í afgreiðslu. Vinnutíminn er frá 7.30 - 16.30 laugardag og sunnudag.

**Nánari upplýsingar veitir Áslaug eða Ellisif í síma 553 5280.**

### Bílstjórar. Veitingahúsið Nings Hlíðarsmára.

Óskum eftir að ráða bílstjóra í kvöld og helgarvinnu. Hægt er að leggja inn umsóknir á nings.is & Upplýsingar í síma 822 8840

**Upplýsingar í síma 822 8840**

### BG óskar eftir að ráða starfsfólk í eftirfarandi:

Sv 101 - Dagræsting í lítilli stofnun 5 x viku.

Sv 101 - Dagræsting 2 x viku í lítill stofnun 2 x viku.

Sv 107 - Dagræsting 2 x viku í meðalstóru fyrirtæki Sv 105 - Ræsting 5 x viku seinni partinn eftir kl: 17:00 í fyrirtæki. Ræstingar eftir 17:00 á ýmsum stöðum á Stór-Reykjavíkursvæðinu.

Dagræstingar á ýmsum smærri stöðum víðsvegar um Reykjavík á fyrirtækjabifreið.

**Allar nánari upplýsingar um ofangreind störf veitir Sherry í síma 533 5000 eða sherry@bgt.is.**

### Aukavinna um helgar

Viljum bæta við okkur hressu og skemmtilegu þjónustufólki í helgarvinnu. Æskilegt að viðkomandi hafi reynslu.

**Umsóknir á staðnum og á www.kringlukrain.is**

### Ítalía - veitingahús

Veitingahúsið Ítalía leitar eftir þjónum í sal. Um er að ræða kvöld- og helgarvinnu, ekki yngri en 18 ára.

**Nánari upplýsingar eru einungis veittar á staðnum milli kl. 12 og 17 næstu daga. Veitingahúsið Ítalía, Laugavegi 11**

### Cafe Victor

Cafe Victor óskar eftir starfsfólki í sal á dagin, kvöldin og í helgarvinnu.

**Uppl. veitir Baldur í s. 692 0735 eða sendið umsókn á baldur@victor.is**

Handlaginn maður óskast í sumar til að standsetja, leigja og selja hjólhýsi. Fara í sendiferðir og fleira. Góð laun í boði. Vagnasmiðjan-Húsvagnar, s. 587 2200 & 894 6000.

### Skalli Hraunbæ

Óska eftir að ráða röska starfskrafta í kvöld, helgar og dagvinnu. Uppl. í s. 567 2880 á virkum dögum .

Aðstoðarmaður óskast í Björnsbakarívesturbæ. Vinnutími er frá kl 05-13 daglega og unnið er þriðju hverja helgi frá kl 04-12. Upplýsingar í síma: 663-2268 Eða á netfangið: bjornsbakari@bjornsbakari.is

Europris, sumarstörf í boði, umsóknareyðublöð í öllum verslunum, sími: 533 3366 Europris

### Helgarstarf

Verslunin Tiger óskar eftir áhugasömu fólki til helgarstarfa. Uppl. í s. 660 8211.

### Ræstingar

Vantar starfsfólk til ræstingar í kópavogi á daginn. Um er að ræða 50% starf á svæði 200. Ráðið verður strax í störf. Upplýsingar í síma 578 1450 milli 9-17 á daginn.

### Ræstingar

Vantar starfsfólk við ræstingar í mjódd á daginn. Um er að ræða 100% starf. Ráðið verður strax í störf. Upplýsingar í síma 578-1450 milli 9-17 á daginn.

### Ræstingar

Vantar starfsfólk við ræstingar í Skeifunni. Um er að ræða vinnu aðra hvorra helgi, hlutastarf. Um er að ræða kvöldvinnu eftir kl.21. Ráðið verður strax í störf. Upplýsingar í síma 578 1450 milli 9-17 á daginn.

### Ræstingar

Vantar starfsfólk til ræstingar í miðbæ Reykjavíkur á daginn. Um er að ræða 50% starf á svæði 101. Ráðið verður strax í störf. Upplýsingar í síma 578 1450 milli 9-17 á daginn.

Duglegur og reglusamur starfsmaður óskast í skemmtilega en erfiða útivinnu í sumar. Bílpróf og sveigjanlegur vinnutími skilyrði. Uppl. í s. 898 9993.

Yfirvélstjóra vantar á tæplega 200 tonna dragnótarbát sem gerður er út frá Suðurnesjum. Góð laun í boði fyrir réttan aðila. Uppl. í s. 892 5522.

Vantar starfsmenn á trésmíðaverkstæði. Hurðir og Gluggar Kaplahrauni, Hfj. S. 663 7480.

Vegna aukinna umsvifa leitar Múlakaffi Veisluréttir að kokkum. Unnið er á vöktum. Góð laun í boði. Uppl. í síma 660 7886 & 553 6737.

Heimir og Þorgeir ehf óska eftir að ráða vana vélamenn til starfa nú þegar. Góð laun í boði fyrir réttu mennina. Uppl. í síma 696 9933.

50-60 ára starfskraftur óskast í 3 mán. til að sjá um heimili í sveit 100 km frá Reykjavík. 2-3 í heimili. Uppl. í s. 486 8951.

Starfskraftur óskast í efnalaug. Bæði fullt starf og hlutastarf í boði. S. 892 0357.

### Málningarvinna

Óska eftir manni vönum málningarvinnu og spörslun. Uppl. í s. 696 7560.

Unglingar og annað ungt fólk. Vantar aðstoð í sauðburð og önnur sveitastörf. Þurfa að geta hafið störf sem fyrst. Uppl. í s. 452 7104 & 865 8104.

Starfsmaður óskast á Hjólbarðaverkstæði. Uppl. í s. 899 2844, milli kl. 16 og 18.

Rizzo Pizzeria óskar eftir starfsfólki nú þegar. Nánari uppl. a staðnum, Hraunbæ 121.

## Atvinna óskast

AWM STARFSMANNARÁÐGJÖF

### Af hverju að auglýsa þegar að við getum fundið rétta fólkið fyrir þig ?

Traust Fyrirtæki með reyndum og áreiðanlegum steypumönnum, smiðum, járnbindingarmönnum, kranamönnum, rafvirkjum og fleira. Frá bretlandi. Tekur aðeins 2 vikur að fá þá til landsins. Hringið í s. 897 8978

**Upplýsingar í síma 533 3777. Meðmæli frá viðskiptavinum fáanleg.**

## TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

Íbúar í Snæfellsbæ J-listinn heldur fund í Röst Hellissandi kl 20.30 J-listinn í Snæfellsbæ.




## Einkamál









Símaspjall 908-2020. Komdu og talaðu við mig í síma. Opið allan sólarhringinn. Enginn bið.

Símaspjall 908-6666. Ég heiti Rósa og er til í símapjall. Opið allan sólarhringinn. Enginn bið nema að ég sé að tala.

Óska eftir konu á miðjum aldri til að dvelja með í sumarbústað á fallegum stað vikuna 16. til 23. júní. Uppl. í s. 892 9512.


# Ekkert blað?

**Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefurðu fengið Fréttablaðið. En til vonar og vara skaltu klippa þetta símanúmer út og hringja í það ef Fréttablaðið kemur einhverntímann ekki.**

**550 5000**




FRÉTTABLAÐIÐ

- mest lesið





**Treystir þú þér ekki upp á þak?**

**ÞAKSPRAUTUN**

Tökum að okkur sprautun á öllu bárujárni ss. þökum og fl.*
Gerum föst og hagstæð verðtilboð.
Vönduð vinna
Uppl. í síma 897 5787

*Ásamt alhliða málningarvinnu úti og inni.



## Goðasalir
## Glæsiegt parhús



Frum



Nýkomið í einkasölu vandað ca.180 fm parhús á 2 hæðum m. innbyggðum bílskúr. 4 svefnherbergi, mikil lofthæð, góðar svalir og glæsilegt útsýni. Innangengt í bílskúr. Fallegur fullfrágenginn garður, hellulagt bílaplan með hitalögn. Frábærlega staðsett hús þar sem gönguleið er stutt (engar götur að fara yfir) að skóla, leikskóla, íþróttaaðstöðu, sundlaug, verslun, heilsugæslu og apoteki. **Verð 46,9 m.**

VALHÖLL FASTEIGNASALA **Síðumúla 27 – Sími 588 4477**
*Ingólfur Gissurarson lögg.fasteignasali.*



SSR SVÆÐISSKRIFSTOFA MÁLEFNA FATLAÐRA Í REYKJAVÍK

## Helgarvinna

Hefur þú áhuga á að vinna aðra hverja helgi í sumar með tveimur einhverfum drengjum, í sértæku helgarúrræði, laugardag og sunnudag, kl.11.00 - 20.00? Alls er um 6 helgar að ræða.

**Launakjör eru samkvæmt samningum ríkisins og viðkomandi stéttarfélags**
**Unnt að sækja um á netinu, www.ssr.is en umsóknareyðublöð liggja líka frammi á aðalskrifstou, Síðumúla 39, Rvk. Umsóknarfrestur er til 2. júní 2006**

Nánari upplýsingar veitir Bjargey Una í síma 533-1388 eða í tölvupósti, bjargey@ssr.is

Á SSR er unnið í samræmi við jafnréttisáætlun



# ÞÚ ERT SJÓNVARPSSTJÓRI Á VÍSIR VEFTV



**HORFÐU EINSOG ÞÉR SÝNIST!**

**Yfir 300 sjónvarpsþættir og kvikmyndir**
**í stafrænum gæðum á vísir.is**



# Skólaslit

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti

verða í Íþróttahúsi FB við Austurberg miðvikudaginn 24. maí kl. 14:00. Allir nemendur dag- og kvöldskóla, sem lokið hafa námi, eiga að koma og taka á móti prófskírteinum:

Handíðabraut
Viðskiptabraut
Sjúkraliðabraut
Snyrtifræðibraut
Húsasmíðabraut
Rafvirkjabraut
Skiptinemar
Starfsbraut
Stúdentspróf

Eldri útskriftarárgangar, foreldrar, ættingjar, svo og velunnarar skólans, eru velkomnir á skólaslit.

Skólameistari.

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti
Austurbergi 5, 111 Reykjavík sími 570 5600
Símbréf 567 0389 Tölvupóstur: fb@fb.is. www.fb.is

DP FASTEIGNIR
www.dpfasteignir.is
Dögg Pálsdóttir hrl., lögg. fast.sali - Þyrí Steingrímsdóttir hdl., lögg. fast.sali.
Andri Sigurðsson sölustjóri - Ólafur Finnbogason sölumaður
Við erum í Félagi fasteignasala

Frum

## VELLIR - HAFNARFIRÐI

Er með kaupanda að fokheldu einbýlishúsi með lágmark 4 svefnherbergjum á Völlunum í Hafnarfirði. Um er ræða góðar greiðslur fyrir réttu eignina. Allar nánari upplýsingar veitir Ólafur Finnbogason 822-2307 sölumaður DP FASTEIGNA.

Hverfisgötu 4 - 6 • 101 Reykjavík • Sími: 561 7765 • Fax: 561 7745
DP LÖGMENN • www.dp.is DP FASTEIGNIR • www.dpfasteignir.is



GT

Rauðhellu 1, 221 Hafnarfjörður
Sími 580 1600, Fax 580 1601
Veffang: gtverktakar@gtverktakar.is
Netfang: gtverktakar.is

## Gröfumenn – bílstjórar

Okkur vantar strax vana gröfumenn og bílstjóra (trailer) til starfa. Boðið er upp á mjög góð laun, gott starfsumhverfi og nýjar vélar. Mikil vinna framundan.

Uppl. í síma 580 16 00 einnig er hægt að sækja um á heimsíðu félagsins www.gtverktakar.is



VélRás ehf.

## Bifreiða- og vélaverkstæði

### Vegna aukinna verkefna vantar:

1) Viðgerðamenn vana þungavinnuvélum og vörubílum.
2) Rennismið
3) Suðumenn/járniðnaðarmenn.
4) Bifreiðasmið/Bílamálara
5) Aðila í sendil störf ásamt fleiru.

**Upplýsingar í síma 897-8901.**

Vélrás er alhliða bifreiða- og vélaverkstæði sem sinnir atvinnutækjum um allt land.



allt atvinna
Alla sunnudaga

allt heimili
Alla fimmtudaga









# Breiðahvarf 17

## 203 Kópavogur

## EIGN FYRIR VANDLÁTA

**Verð: Tilboð**

Stærð: 350,7
Byggingarár: 2005
Brunabótamat: 56,840.000
Bílskúr: já

Glæsilegt einbýlishús á einstakri hornlóð með miklu útsýni innbyggðum bílskúr og auka húsi innréttað sem 3ja herbergja íbúð. Teiknað af Sigurði Pálma Ásbergssyni arkitekt. Innanhúshönnun var unnin í samráði við Rut Káradóttur og er samræmd í öllu húsinu. Húsið er viðhaldsfrítt, steinað og álgluggar eru með granítáferð. Allar innréttingar og hurðir sem eru í yfirstærð eru sérsmíðaðar frá Fagus og eru með liggjandi hnotu og öll borð með granít. Mikið er lagt í alla raf- og tölvulagnir og gert er ráð fyrir Instabus-kerfi í aðalrými og rafstýrðum gardínum. Ljós og lýsingahönnun er frá Rafkaup og er leikið skemmtilega með lýsinguna. Hiti er í öllum gólfum, lofthæð er mjög góð lægst 2,80 m og í aðalrými hússins er hún 4m. Gólfefni er náttúrusteinn og innflutt „hallarparket“ gegnheilir eikarplankar olíubornir, barðir og lakkaðir. Útgengt er úr öllum herbergjum hússins út í garð. Þetta er einstök eign á útsýnishornlóð á þessum vinsæla stað. Óskað er eftir tilboðum í eignina.

RE/MAX MJÓDD


Jónas Örn Jónasson hdl.
lögg. fasteignasali
520 9550


Hafdís
Sölufulltrúi
**895 6107**
hafdis@remax.is


Ásdís Ósk
Sölufulltrúi
**863 0402**
asdis@remax.is



SÖLUFÓLK

Góð laun eru í boði fyrir rétta aðila. Greitt er fast tímakaup ásamt árangurstengdum bónusum og er vinnutími frá kl. 17-22. Hentar vel sem aukavinna eða aðalstarf.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Lára Guðrún Gunnarsdóttir í síma 515 6158 frá kl. 9-17 á virkum dögum. Einnig er hægt að senda ferilskrá og skriflega umsókn á netfangið: lara.gudrun.gunnarsdottir@365.is

## Glæst framtíð

Við leitum að góðum sölumönnum sem búa yfir áræðni, metnaði og frumkvæði í eina öflugustu söludeild landsins.

365

# Sandskeið 6, 620 Dalvík



Um er að ræða stálgrindarhús með við byggingu, samtals 383 m². Aðalbyggingin er 303 m² og viðbyggingin sem er eldri er 77m². Bílskúrshúrshurð er á annari hliðinni og er þar fyrir framan malbikað bílastæði. Gluggar eru á báðum hliðum og er mjög bjart í húsinu. Loft er álklætt og einangrað að innan. Í aðalbyggingunni er kaffistofa, salerni, skrifstofa og fataherbergi. Lofthæð er mest um 5,5 m. Stærð lóðar er samtals 1.244 m².

# Nesbraut 7, 730 Reyðarfirði



Um er að ræða nýlegt hús sem byggt var árið 2003 og hefur verið notað sem þvottastöð fyrir fiskeldispoka. Húsið er stálgrindarhús og er skráð hjá Fasteignamatinu 722 m² að stærð. Grunnflötur hússins er 633 m2 og lofthæð í mæni 8 m. Starfsmanna og skrifstofuaðstaða, 61m² er á millilofti í enda hússins. 28,4m2 viðbygging er við húsið sem notuð er sem vélaklefi. Húsið er á 5.483,8 m² lóð sem er grófjöfnuð. Húsinu er skipt endilangt í tvennt með millivegg og er upphaflega innréttað sem þvottastöð og netaverkstæði, en einfalt er að aðlaga það að annari starfsemi. Tvær bílgengar hurðir (4x4,5m og 4x4,4m) eru á húsinu, ein á hvorum enda. Upphitun er með rafmangsblásurum, einnig eru vatnslagnir í gólfi fyrir vatnshita. Fullkomið brunaöryggiskerfi er í húsinu og lýsing er góð. Húsið er vel staðsett á iðnaðarsvæði við höfnina á Reyðarfirði.

Hóll fasteignasala
Franz Jezorski lögg.fasteignasali
Skúlagata 17
101 Reykjavík

HÓLL
www.holl.is

# SJÓNARHORN



Heldur var napurt hjá þessum erlendu ferðamönnum meðan þeir biðu eftir strætó á dögunum. Þeir nýttu tímann þó vel og lásu sér til um þessa furðulegu þjóð sem Íslendingar eru.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR


Grillveisla!
Verð frá 798 kr. á mann





Esja kjötvinnsla býður einstaklingum, starfsmannafélögum og fyrirtækjum upp á gómsætan grillmat á mjög hagstæðu verði.
**Föst verðtilboð fyrir lágmark 15 manns.**
Allt meðlæti, diskar, hnífapör og glös fylgja með.
SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA
ESJA Kjötvinnsla
Dugguvogi 8, 104 Reykjavík.
Sími 567 6640. Fax 567 6614.
www.esja.is

allt tíska
Alla fimmtudaga







Fjórgengis og tvígengismótorar kraftmiklir og öruggir.
Gúmmíbátar í öllum stærðum og gerðum.
Komdu í Yamaha.
Nýbýlavegur 2 · 200 Kópavogur
Sími: 570 5340 · Fax: 570 5341
yamaha@yamaha.is · www.yamaha.is
YAMAHA

ÓTRÚLEG ÚTSALA Á SKÓM
::OUTLET FISKISLÓÐ 75
Ótrúlegt úrval af dömu, herra og barnaskóm á góðu verði







OPNUNARTÍMI: Mán.-Fös. 13:00-18:00 & Lau. 12:00-16:00
Fiskislóð 75 (út á Granda), 101 Reykjavík, s:514-4407
X18 SKECHERS every

FRÉTTABLAÐIÐ
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

www.velaborg.is S: 414 8600
Bobcat





Bobcat 316
Beltavél, 820kg
Til á lager





Bobcat 319
Beltavél, 1400kg
Til á lager





Bobcat 323
Beltavél, 1753kg
Til á lager





Bobcat 331
Beltavél, 3378kg
Væntanlegar





Bobcat 337
Beltavél, 5147kg
Til á lager





S 175 Loader
2633kg
Væntanlegar





2200 D Bíll
Væntanlegur
Vélaborg ehf.
Reykjavík Krókhálsi 5F • 110 Reykjavík
Sími: 414 8600 • Fax: 414 8601
Akureyri Naustarnesi 2 • 603 Akureyri
Sími: 464 8600 • Fax: 464 8601

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 5.436 **-2,49%** **Fjöldi viðskipta:** 410 **Velta:** 7.448 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Atlantic Petroleum** | +0,98% | **Landsbankinn** | -4,11% |
| **Alfesca** | +0,55% | **KB banki** | -3,03% |
| | | **Straumur-Burðarás** | -3,01% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 65,70 -1,79% ... Alfesca 3,63 +0,55%... Atorka 5,50 -1,79% ... Bakkavör 47,90 -2,25% ... Dagsbrún 5,50 -0,18% ... FL Group 18,00 -1,64% ... Flaga 3,86 -1,53% ... Glitnir 16,70 -1,18% ... KB banki 735,00 -3,03% ... Kögun 75,00 +0,00% ... Landsbankinn 21,00 -4,11% ... Marel 70,10 +0,00% ... Mosaic Fashions 16,50 -1,79% ... Straumur-Burðarás 16,10 -3,01% ... Össur 104,50 -0,95%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Afkoma Alfesca umfram spár

### Ótti við fuglaflensu hafði ekki áhrif á sölu. Áfram hátt hráefnisverð á laxi.

Hagnaður Alfesca var 524 þúsund evrur, eða um 47 milljónir króna, á þriðja ársfjórðungi (janúar til mars). Þetta er betri afkoma en greiningardeildir bankanna reiknuðu með en allar spáðu þær að félagið myndi skila tapi. Þess ber þó að geta að til taps hefði komið ef félagið hefði ekki nýtt sér skattalegt tap Delepierre að upphæð 2,3 milljónir evra.

Hagnaður dróst saman á milli ára en páskasalan, sem er mikilvægur sölutími, fellur að miklu leyti til síðar á þessu ári. Samt sem áður jókst sala um 11,4 prósent frá sama tímabili í fyrra og nam 126,6 milljónum evra.

Ársfjórðungurinn var erfiður á margan hátt en hráefnisverð á laxi hélt áfram að hækka á tímabilinu og lækkaði framlegð fyrir vikið. Áhyggjur manna af fuglaflensu höfðu ekki áhrif á sölu andarafurða.

Stjórnendur Alfesca hafa brugðist við þessari hráefnishækkun með því að hækka verð á framleiðsluvörum og unnið markvisst að lækkun rekstrarkostnaðar.

Að mati stjórnenda félagsins verður fjórði ársfjórðungur erfiður vegna hás hráefnisverðs á laxi. Þeir reikna áfram með góðum vexti í sölu.



**JAKOB SIGURÐSSON, FORSTJÓRI ALFESCA** Uppgjör Alfesca var fyrir ofan væntingar bankanna en markaðsaðstæður voru erfiðar vegna hás hráefnisverðs á laxi.

Félagið hefur á prjónunum að opna skrifstofu í Lundúnum nú í sumar. **- eþa**

# Áhættufælni fjárfesta eykst

Lokað var fyrir viðskipti í klukkustund í Kauphöllinni í Bombay í Indlandi í gær eftir að hlutabréf höfðu fallið um tíu prósent frá því um morguninn. Hléið notuðu stjórnvöld til að reyna að róa markaðinn og sendu frá sér yfirlýsingu um að bankar landsins kæmu til móts við söluþörf á fjárfesta. Lækkunin gekk svo að hluta til baka og endaði dagurinn í 4,2 prósenta lækkun.

Í Hálffimmfréttum Kaupþings banka eru þessar sviptingar sagðar hluti af ólgu sem einkennt hafi heimsmarkaði síðustu daga. Snögga lækkun á Indlandsmarkaði segir bankinn koma í kjölfar lækkunarhrinu á asískum mörkuðum í síðustu viku. „Áhrifin urðu mest á Indlandsmarkaði og fyrir daginn í dag hafði markaðurinn þar lækkað sex daga í röð. Lækkanirnar má rekja til aukinnar verðbólgu og ótta við stýrivaxtahækkanir í Evrópu og Bandaríkjunum en samhliða því hefur áhættufælni alþjóðafjárfesta aukist,“ segir greiningardeild Kaupþings banka.

Áhrifa áhættufælninnar gætir víðar en í Asíu og segir bankinn það til að mynda sjást þegar skoðuð er MSCI vísitala nýmarkaða, en hún hafi fallið um 13 prósent síðan hún náði sögulegu hámarki 8. maí síðastliðinn. „Er sú lækkunarhrina sú lengsta síðan 1998. Það má því augljóslega greina það að óvissa á stærri mörkuðum hefur smitað frá sér í formi aukinnar áhættufælni.“ **-óká**



**HEWLETT-PACKARD** Merki tölvuframleiðandans HP við höfuðstöðvar fyrirtækisins í Palo Alto í Kaliforníu. MYND/AFP

# Bættur hagur hjá HP

Tekjur bandaríska tölvuframleiðandans Hewlett-Packard námu 1,46 milljörðum Bandaríkjadala á fyrsta fjórðungi ársins en það er 51 prósents aukning á milli ára. Hagnaður nam 51 senti á hlut, sem er umfram væntingar fjármálasérfræðinga en þeir reiknuðu með hagnaði upp á 49 sent á hlut.

Helstu ástæður aukningarinnar er m.a. aukin sala á HP fartölvum og hagræðing í rekstri en fyrirtækið hefur sagt upp 8.100 manns frá því stjórn fyrirtækisins greindi frá því í fyrra að ætlunin væri að segja upp 14.500 manns í heildina. **- jab**



**VERSLUN BARNES & NOBLE** Hagnaður bókaverslunarkeðjunnar Barnes & Noble var 1 senti umfram spár sérfræðinga. MYND/AFP

# Góð afkoma Barnes & Noble

Bandaríska bókaverslunarkeðjan Barnes & Noble skilaði 9,99 milljóna dala hagnaði, eða 14 sentum á hlut, á fyrstu þremur mánuðum ársins. Ein af helstu ástæðum hagnaðarins var metsala á bókum eftir hryllingshöfundinn Stephen King og Jim Cramer, fréttaþul sjónvarpsstöðvarinnar CNBC.

Afkoman er 1 senti meiri á hlut en fjármálasérfræðingar á Wall Street höfðu búist við.

Velta á vefverslun bókakeðjunnar nam 91,1 milljón dala og stendur hún í stað á milli ára. **- jab**

# KB banki metinn á 979

Glitnir banki hefur uppfært verðmat sitt á KB banka til lækkunar. Fer það úr 1.014 krónum á hlut í 979. Hluturinn í KB banka kostaði 735 krónur við lokun markaða í gær.

Aðalástæðan fyrir lækkun matsins er hækkandi ávöxtunarkrafa en rekstrarforsendur breytast lítið. Greiningardeild Glitnis gerir ráð fyrir að hagnaður KB banka verði talsvert hærri en hún reiknaði með snemma á þessu ári. **- eþa**




**HENRIK IBSEN (1828-1906) LÉST ÞENNAN DAG.**

*„Ekki klæðast betri buxunum þegar þú heldur til baráttu fyrir sannleika og frelsi.“*

*Norska leikskáldið Ibsen leysti lífsins gátur í leikritum sínum.*



# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST: 23. MAÍ 1977

# Tvöföld gíslataka í Hollandi

Yfir 100 börn og sex kennarar voru tekin í gíslingu í barnaskóla í norðurhluta Hollands á þessum degi árið 1977. Á sama tíma var lest stöðvuð nálægt bænum Groningen og fimmtíu farþegar hennar teknir til fanga en börnum og gamalmennum leyft að fara. Gíslatökumennirnir voru allir frá Mólúkkaeyjum í Austur-Indónesíu sem hafði verið hluti af nýlendu Hollendinga.

Gíslatökumennirnir réðust á skólann um morguninn, slepptu fimmtán mólúkkískum börnum og söfnuðu hinum inn í tvær skólastofur og huldu gluggana með dagblöðum. Ein kona slapp úr skólanum og urðu lögreglumenn að berhátta sig til að fá að fylgja henni af svæðinu til að sýna fram á að þeir væru óvopnaðir. Fjórum dögum síðar var öllum börnum úr skólanum sleppt eftir að upp kom iðrakveisa. Fjórir kennarar urðu eftir í gíslingu ásamt þeim sem voru um borð í lestinni.

Þann 11. júní, tuttugu dögum eftir að gíslatakan hófst, réðst hollenski herinn inn í lestina og skólann. Sex gíslatökumenn og tveir farþegar létust í miklum byssubardaga í lestinni.



**LÖGREGLUMENN FYLGJA KONU SEM SLEPPT VAR ÚR GÍSLATÖKU MÓLÚKKABÚA.**

## MERKISATBURÐIR

**1849** Um 45 bændur úr Skagafirði ríða að Möðruvöllum í Hörgárdal og biðja Grím Jónsson amtmann um að segja af sér.

**1934** Ræningjaparið Bonnie og Clyde er skotið til bana af lögreglu.

**1945** Heinrich Himmler fremur sjálfsmorð í breskum fangabúðum.

**1960** SS-foringinn Adolf Eichmann er handsamaður í Argentínu.

**1985** Alþingi samþykkir þingsályktun um að Ísland verði kjarnorkuvopnalaust land.

**1987** Hannes Hlífar Stefánsson verður heimsmeistari sveina í skák, þá 14 ára að aldri.



**BÁRA MAGNÚSDÓTTIR SKÓLASTJÓRI OG EIGANDI JAZZBALLETTSKÓLA BÁRU** Nemendasýningar standa sem hæst í Jazzballettskóla Báru en þær hafa verið fastur liður í starfi skólans í hartnær fjörutíu ár. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## JAZZBALLETTSKÓLI BÁRU: FAGNAR FJÖRUTÍU ÁRA STARFSAFMÆLI

# Allt nema Svanavatnið

Jazzballettskóli Báru stendur á tímamótum á þessu ári þar sem hann fagnar fertugasta starfsárinu. Um þessar mundir er mikið um að vera í skólanum þar sem nemendasýningar standa yfir. Alls eru sýningarnar sex talsins og var fyrsti sýningardagurinn var í gær en einnig er sýnt í dag og á fimmtudaginn.

„Ekki dugar neitt minna en sex sýningar því nemendurnir eru um sjö hundruð og allir foreldrarnir verða að fá tækifæri til að koma og horfa á,“ segir Bára Magnúsdóttir eigandi og skólastjóri Jazzballettskóla Báru. Þótt nemendasýningarnar hafi svo sannarlega ekki verið svona margar fyrir fjörutíu árum þá segir Bára að sett hafi verið upp nemendasýning í skólanum á hverju einasta ári frá því að hann var stofnaður. „Þetta var algjör nýjung í mínum skóla að vinna upp sýningu með nemendum á hverju ári. Þegar ég var að læra í Þjóðleikhúsinu var til dæmis aldrei nemendasýning en eftir að við byrjuðum með þetta fóru fleiri skólar að setja upp svona sýningar kannski annað hvert ár. Nú er orðið almennt að skólar haldi svona uppskeruhátíð.“ Nemendasýningarnar eru haldnar í Borgarleikhúsinu að þessu sinni og eru öllum opnar. „Þessar sýningar kosta mikið skipulag og reynslu. Við erum alltaf með þema sem er að þessu sinni töfrar svo þetta er ævintýralega skemmtilegt hjá okkur í ár.“

Vel er við hæfi á afmælisári að gera breytingar og segir Bára að margt nýtt sé á döfinni í dansskólanum. „Við erum meðal annars að endurbæta húsakynni okkar, fá stærri og fleiri sali. Einnig erum við að breyta skipulagi skólans og meira að segja nafninu. Jazzballettskóli Báru er náttúrulega gamalt nafn því jazzballett er bara ein grein af nútímadansi sem skiptist svo í miklu fleiri svið. Nú ætlum við víkka út nafn skólans til að ná yfir þær dansgreinar sem kenndar eru í skólanum og gefa honum nafnið Danslistarskóli JSB.

Það má eiginlega segja að við hérna í skólanum kennum núna allt nema Svanavatnið,“ segir Bára. Samhliða breytingum á listdansnámi næsta haust ætlar Danslistarskóli JSB einnig að bæta sérstakri listdansbraut við þá almennu kennslu sem verið hefur. „Á nýju brautinni verður boðið upp á atvinnumiðað listnám og þurfa nemendur að fara í gegnum inntökupróf og verða því miklu færri.“

## ANDLÁT

**Guðrún Halldórsdóttir,** frá Ásbjarnarstöðum, lést á Dvalarheimili aldraðra í Borgarnesi föstudaginn 19. maí.

**Sölvi Eiríksson** frá Egilsseli í Fellum, Miðvangi 22, Egilsstöðum, lést á Fjórðungssjúkrahúsinu í Neskaupstað aðfaranótt fimmtudagsins 18. maí.

**Þóra E. Sigurðarsdóttir**, Barónsstíg 11, Reykjavík, lést á Landspítala - háskólasjúkrahúsi Fossvogi aðfaranótt laugardagsins 20. maí.

## JARÐARFARIR

13.00 **Páll Gunnarsson**, Katrínarlind 6, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju.

14.00 **Jón Friðjónsson**, (Donni), á Hofsstöðum, verður jarðsunginn frá Borgarneskirkju.

15.00 **Ingibjörg Guðmundsdóttir** verður jarðsungin frá Fríkirkjunni í Reykjavík.

---



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför móður minnar, tengdamóður, ömmu, langömmu, systur og mágkonu,*

**Guðrúnar Sigþrúðar Agnarsdóttur**

frá Ísafirði, deild 18 Landspítala Kópavogi.

Sérstakar þakkir fyrir vináttu og góða umönnun til starfsfólks á deild 18 Kópavogi.

**Gunnhildur Gunnarsdóttir Guðmundur Sigurbergs**
**barnabörn og barnabarnabörn**
**systkini og tengdafólk.**

---



*Sonur okkar, stjúpsonur og bróðir,*

**Páll Gunnarsson**

sem lést þriðjudaginn 16. maí, verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju þriðjudaginn 23. maí kl. 13.00.

**Edda Björgmundsdóttir Bragi Björgvinsson**
**Einar Már**
**Kristín**
**Guðbjartur**
**Jóakim.**

---



*Ástkær bróðir okkar,*

**Sölvi Eiríksson**

frá Egilsseli í Fellum, Miðvangi 22, Egilsstöðum

andaðist á Fjórðungssjúkrahúsinu í Neskaupstað aðfaranótt 18. maí. Útför hans verður gerð frá Egilsstaðakirkju miðvikudaginn 24. maí kl. 14.00. Fyrir hönd aðstandenda,

**Björgheiður Eiríksdóttir**
**Bryndís Eiríksdóttir**
**Rósa Eiríksdóttir**
**Þórey Eiríksdóttir**

---



*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, dóttir og fósturdóttir,*

**Þórdís Pétursdóttir**

Seli, Grímsnesi,

andaðist á krabbameinsdeild LSH við Hringbraut föstudaginn 19. maí. Útförin fer fram frá Skálholtsdómkirkju laugardaginn 27. maí kl. 11.

**Skúli Kristinsson**
**Aðalbjörg Skúladóttir**
**Halldóra Þórdís Skúladóttir**
**Árni Kristinn Skúlason**
**Þórunn Árnadóttir**
**Pétur Jónsson**
**Sigrún Guðmundsdóttir Kristján Sigtryggsson**

---



*Elskulegur eiginmaður minn, sonur, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Sigurður Þorgeirsson**

Múlavegi 59, Seyðisfirði,

varð bráðkvaddur sunnudaginn 14. maí. Útförin fer fram frá Seyðisfjarðarkirkju miðvikudaginn 24. maí kl. 14.00.

**Guðný Björg Þorvaldsdóttir**
**Þorgeir Einar Þórarinsson**
**Oddný Ragna Sigurðardóttir Einar Þór Hauksson**
**Þorgeir Einar Sigurðsson Jakobína Björnsdóttir**
**Sigríður Björg Sigurðardóttir Richard Schols**
**og afabörn.**

---



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Friðrik Ársæll Magnússon**

frá Höskuldarkoti, fyrrv. forstjóri Steypustöðvar Suðurnesja, Grundarvegi 2, Ytri-Njarðvík,

lést á Landspítalanum Fossvogi sunnudaginn 21. maí. Jarðarförin auglýst síðar.

**Ada Elísabet Benjamínsdóttir**
**Benjamín Friðriksson Birna Magnúsdóttir**
**Baldur Friðriksson Lilja Björnsdóttir**
**Magnús Friðriksson María Sigurðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



ER FASTEIGNA-
VERÐ AÐ HÆKKA
EÐA LÆKKA?
–þú veist það ef þú
lest Fréttablaðið
FRÉTTABLAÐIÐ
– Vel lesið!
Fiton/SÍA


DREKINN
GRILL - SÖLUTURN
Allir geta verið hetjur
Á Íslandi eru um 9000 reglulegir blóðgjafar. Við þurfum fleiri til að geta brugðist við alvarlegum slysum, náttúruhamförum eða öðru neyðarástandi. Við skorum á þig að koma og gefa blóð. Taktu með þér vin, vinnufélaga eða ættingja og gerðu heimsókn í Blóðbankann að fastri venju.
Vertu hetja – gefðu blóð!
BLÓÐBANKINN
Sjáumst!


Frakkastigur
og
vodafone
Heyrumst!




Fíton / SÍA F1017316

TÓMATAR ERU HOLLIR OG LJÚFFENGIR, LITFAGRIR OG ÓMISSANDI Á MATBORÐIÐ. ÍSLENSKIR GRÆNMETISBÆNDUR BJÓÐA NEYTENDUM UPP Á MARGAR TEGUNDIR SEM AUKA FJÖLBREYTNINA OG MÖGULEIKANA. NÚ ER RÉTTI TÍMINN TIL AÐ PRÓFA ÞÆR ALLAR.

www.islenskt.is

ljúffengar uppskriftir og fróðleikur

## STUÐ MILLI STRÍÐA: Fjölskylduskemmtun eða enn ein kroppasýningin

**ÁLFRÚN PÁLSDÓTTIR** VELTIR SÉR UPP ÚR EUROVISION OG ÚTLITSDÝRKUN



Eins og flestallir Íslendingar horfði ég á Eurovision á fimmtudaginn. Ég bjóst nú ekki við miklu vegna þess að ég er ein af þeim sem finnst þessi keppni með þeim hallærislegri. En það er líka nákvæmlega það sem er svo gaman við hana. Maður situr og dæmir og hlær að smekkleysi Evrópubúa og hefur gaman af leiðinlegum lögum sem eiginlega er ótrúlegt að einhver hafi samið. Það sem kom mér samt í opna skjöldu var að flestallir keppendurnir voru steyptir í sama formið. Meirihlutinn af keppendum var appelsínubrúnar, síðhærðar og með eindæmum brjóstgóðar stúlkur. Einnig var eins og það væri regla að sýna bert hold á vissum stöðum. Það var oft sem ég var viss um að Janet Jacksson skandallinn væri að endurtaka sig, brjóstið út í beinni útsendingu fyrir allri Evrópu. Fyndnast fannst mér að sjá framlag Hvíta-Rússlands ef ég man rétt, þéttvaxin söngkona með mjög fína rödd. Hún stóð á sviðinu umkringd dansmeyjum í hvítum korselettum sem dönsuðu eggjandi dans fyrir áhorfendur og skyggðu alveg á hina glæstu söngkonu. Hvít-Rússar hafa ákveðið að leggja öll spilin á borðið fyrir áhorfendur, súludans í háum standard. Það er staðreynd að strákar, þessar elskur, hafa sjónrænt minni og hugsun, 80 prósent af keppninni var skemmtiefni fyrir þá. Fáklæddar fallegar stúlkur. Er keppnin að breytast í fegurðarkeppni milli landa? Ef svo er þá hljótum við að eiga góðan séns með Ungfrú heim í broddi fylkingar. Loksins færum við þá að komast upp úr þessari undankeppni sem fer að verða mjög súrt að sitja sem fastast í. Við gætum sett saman landslið Íslendinga í fegurð og útbúið ofureggjandi dansspor og haft keppendur í æsandi fötum. Hmm, ég held að það sé hin fínasta uppskrift að siguratriði! En grunnhyggni mannskepnunnar fékk langt nef á laugardaginn þegar Finnar unnu með miklum yfirburðum. Loksins var heiminum bjargað frá afglöpum útlitsdýrkunar af miðaldra karlmönnum í hrikalegum búningum syngjandi hart rokk. Ég hrópa húrra fyrir sigri ljóta fólksins. ■

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Överli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Kjölturakkar** Eftir Patrick McDonnell




**Barnalán** Eftir Kirkman/Scott




AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



# NÚ GETA 90% ÍSLENDINGA SÉÐ SIRKUS!

**HÉRNA SÉRÐU SIRKUS TV:**

» **ADSL** - Stöð 15

» **Breiðbandið** - Stöð 69

» **Digital Ísland** - Stöð 5

» **Í gegnum öll örbylgju- og UHF loftnet**

## VINSÆLT Á SIRKUS!



















Í síðustu áhorfendakönnun Gallup jókst áhorf á Sirkus TV um 30%. Við erum enn að bæta okkur og núna næst Sirkus TV á 90% heimila landsins. Við bjóðum nýja áhorfendur velkomna í hópinn og þökkum frábærar viðtökur! **Við erum rétt að byrja!**

www.minnsirkus.is

SIRKUS TV

# menning

menning@frettabladid.is

**Kl. 12.15**

*William Ian Miller, prófessor við University of Michigan Law School heldur fyrirlestur sem nefnist Auga fyrir auga í stofu 101 í Odda í Háskóla Íslands. Miller mun fjalla um lex talionis, eða um þau lög sem gefa mönnum rétt til að gjalda líku líkt. Öll samfélög búa sér til reglur um hvernig leysa skuli deilur og koma á reglu í samfélaginu. Hann ræðir viðfangsefnið frá ýmsum hliðum og tekur dæmi frá ýmsum tímabilum. Fyrirlesturinn er á ensku og allir eru velkomnir.*

## *Kærleiksblóm í Iðu í kvöld*



Dagskrá 65. Skáldaspírukvölds Lafleur útgáfunnar í kvöld verður vegleg í tilefni af því að þá verður komið á fót Minningarsjóði um Rut Gunnarsdóttur, skáldkonu sem lést langt fyrir aldur fram nýverið.

Lafleur útgáfan gaf út fyrstu ljóðabók Rutar sem hét *Orðin sem liggja í loftinu*. Hún var mikil baráttukona fyrir réttlæti og athafnasöm í menningarlífi Suðurlands, ekki síst á Stokkseyri. Nú hefur Lafleur útgáfan gefið út aðra bók eftir Rut sem nefnist *Bleikt eins og kærleikurinn*. Hún hefur að að geyma 20 ný ljóð sem skáldkonan orti á banabeði sínu, en öll eiga þau sameiginlegt að fjalla um kærleikann.

Minningarsjóðurinn er stofnaður í því augnmiði að hjálpa ungum skáldkonum að stíga sín fyrstu skref og að standa vörð um ljóð sem fjalla á einn eða annan hátt um kærleikann og fegurðina.

Í kvöld fjallar Benedikt S. Lafleur, útgáfustjóri um tilurð Minningarsjóðsins og Guðlaug Ólafsdóttir, Kristín Steinþórsdóttir og Sigurgeir Hilmar Friðþjófsson leikarar lesa upp úr nýju bókinni hennar sem og Rúna Einarsdóttir, dóttir Rutar. Fyrir hlé verður upplestrinum fléttað saman við tónlist hörpuleikarans Moniku Abendroth og eftir hlé verður efnt til umræðu um ljóð Rutar.

Skáldaspírukvöld fer fram í Iðu við Lækjargötu og hefst klukkan 20. Aðgangur er ókeypis og allur eru velkomnir.

## Ekki missa af...

Rithöfundinum Maristellu Lorch kynna þriggja binda verk sitt, Beyond Gibraltar, sem er skáldsaga byggð á endurminningum hennar sjálfrar sem manneskju af evrópskum og amerískum uppruna. Maristella er kennari við Columbia háskóla í Bandaríkjunum og er þekkt fyrir námskeið og skrif um endurreisnarskáldið Dante. Fyrirlesturinn er í Gunnarshúsi við Dyngjuveg 8, 104 Rvík, og hefst klukkan 20.

Samstöðu- og styrktartónleikum fyrir konur í Palestínu, sem Ísland-Palestína og Unifem á Íslandi standa fyrir á Grand rokk á fimmtudag. Allur ágóði rennur til til palestínskra kvennasamtaka sem starfa á sviði mannúðarmála á herteknum svæðum Palestínu.

Frönsku óperunni Le Pays/Föðurlandið eftir franska tónskáldið Joseph-Guy Ropartz sem verður frumflutt í samstarfi við Sinfóníuhljómsveit Íslands í porti Hafnarhússins á föstudag.


ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00

FAGNAÐUR
6. sýn. fim. 25/5 örfá sæti laus, 7. sýn. fös. 26/5 nokkur sæti laus, 8. sýn. lau. 27/5, 9. sýn. sun. 28/5 nokkur sæti laus. **Allra síðustu sýningar í vor.**

GALDRASKYTTAN
**Frumsýning fös. 2/6** örfá sæti laus, mið. 7/6, fös. 9/6, lau. 10/6.
**Aðeins þessar 4 sýningar. Samstarfsverkefni Sumaróperunnar, Sinfóníuhljómsveitar unga fólksins og Listahátíðar í Reykjavík.**

KASSINN KL. 20:00

PÉTUR GAUTUR
**Sala hafin á sýningar í september.**
Fös. 15/9 nokkur sæti laus, lau. 16/9 örfá sæti laus, sun. 17/9 nokkur sæti laus.

UMBREYTING - LJÓÐ Á HREYFINGU
Mið. 24/5, fim. 25/5, fös. 26/5, lau. 27/5, sun. 28/5. **Brúðuleikhús fyrir fullorðna. Samstarfsverkefni Þjóðleikhússins og Listahátíðar í Reykjavík.**

ÞURÍÐUR OG KAMBSRÁNIÐ
Fös. 2/6. **Leikfélag Selfoss - Athyglisverðasta áhugaleiksýning ársins.**

LEIKHÚSKJALLARINN
**Art, Truth and Politics - Nóbelsræða Harolds Pinter.**
**Upptaka sýnd í Leikhúskjallaranum að loknum sýningum á Fagnaði.**
**Leikhúskjallarinn - gerðu meira úr góðri kvöldstund í leikhúsinu!**
Leikhúsveisla í mat og drykk fyrir sýningar um helgar frá kl: 18:00.
Smáréttir og veigar eftir sýningar. Borðapantanir í síma **585 1295**.

MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.


# Ástarævintýri undir rós

**Meðal gesta á Listahátíð í Reykjavík er enska sönghópurinn I Fagiolini sem flytur gleðileikinn L'Amfiparnaso í Íslensku óperunni.**



DAVÍÐ ÞÓR JÓNSSON Þýðir formála að hverju atriði verksins sem Hilmir Snær Guðnason leikari les á fyrri tónleikunum. FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL BERGMANN

I Fagiolini er ein framsæknasta söngsveit Englendinga og á sér aðdáendur víða um heim. Hópurinn sérhæfir sig í tónlist frá endurreisnartímanum og hefur hlotið lof og prís bæði áhorfenda og tónlistarsérfræðinga fyrir sviðsetningar sínar á tónlistar- og leikhúsverkum frá endurreisnar- og barokktímanum sem og fyrir flutning á nútímatónlist. Á dögunum hlaut hópurinn til að mynda tónlistarverðlaun hins Konunglega breska tónlistarfélags, ein virtustu tónlistarverðlaun Bretlands.

Að þessu sinni flytur hópurinn annars vegar verk ítalska tónskáldsins Orazio Vecchi frá 1594, L'Amfiparnaso, en þar er blandað saman söng og leik, dramatískum mardigölum og leikpersónum út commedia dell' arte leikhefðinni en á síðari tónleikadagskrá hópsins flytja þau verk Claudio Monteverdi, margs konar fjölradda söng, dúetta, madrígala og tríó.

Á fyrri tónleikunum nýtur hópurinn liðsinnis sögumanns sem flytja mun stuttan formála að hverju atriði tónverksins en þýðandinn og skáldið Davíð Þór Jónsson var fenginn til þess að íslenska formálstextann en leikarinn Hilmir Snær Guðnason flytur hann á sviðinu. „Tónverkið er á feneyskri mállýsku og til þess að auðvelda áheyrendum sem skilja kannski ekki alveg hvað gengur á hefur hópurinn farið þessa leið, að fá skáld og leikara í hverju landi til þess að enduryrkja og flytja þennan texta," útskýrir Davíð Þór. Formálinn er viðbót við verkið sjálft, haglega saminn skýringartexti með töluvert skemmtanagildi en upphaflega fékk hópurinn enskt skáld til þess að semja hann.

Grímubúnir leikarar túlka söguna með látbragði og söng en söguþráðurinn hverfist eins og oft áður í leikhefð commedia dell' arte um ólánsama elskendur sem ekki fá að unnast, um drambsama valdhafa og bíræfið þjónustufólk. Formálinn er ýmist í bundnu eða óbundnu máli en er tvíræður og klúr á köflum. „Bretar eru snillingar í því að klæmast undir rós. Það er náttúrulega ekki hægt að snara þessu, textinn er ýmist umortur eða frumortur. Verkið sjálft er eins konar söngbálkur sem var óhugsandi að flytja á þeim tíma sem hann var samin," segir Davíð Þór og vísar til tvíræðninnar og mögulegs tepruskapar forfeðranna. „Nú á dögum finnst fólki þetta kannski fremur þunnur söguþráður."

„Þessi dagskrá er kjörin fyrir fólk sem vill kynna sér bæði tónlistar- og leikhefð þessa tíma. Þetta er vandaður tónlistarflutningur á heimsmælikvarða," áréttar Davíð Þór að lokum.

Gleðileikurinn L'Amfiparnaso verður fluttur í Íslensku óperunni á fimmtudag og föstudag en hópurinn flytur verk Monteverdis á tónleikum í Kirkju- og menningarmiðstöðinni á Eskifirði og í Óperunni í næstu viku.



I FAGIOLINI Flytur gleðileikinn L'Amfiparnaso í Íslensku óperunni á fimmtudag og föstudag en fer til Eskifjarðar í næstu viku.


BORGARLEIKHÚSIÐ

RONJA RÆNINGJADÓTTIR
Sun 28/5 kl. 14 UPPS. SÍÐ. SÝN. Í VOR
Miðasala hafin á sýningar í haust!

FULLKOMIÐ BRÚÐKAUP
Fi 25/5 kl. 20 UPPS. Fö 26/5 kl. 20 UPPS.
Fö 26/5 kl. 22:30 UPPS. Su 28/5 kl. 20 UPPS.
Fi 1/6 kl. 20 UPPS. Fö 2/6 kl. 20 UPPS.
Fö 2/6 kl. 22:30 UPPS. Má 5/6 kl. 20
Þri 6/6 kl. 20 UPPS. Fö 9/6 kl. 20 UPPS.
Fö 9/6 kl. 23 Má 12/6 kl. 20
Þri 13/6 kl. 20

VILTU FINNA MILLJÓN?
Fi 25/5 kl. 20 UPPS. Fö 26/5 kl. 20 UPPS.
Mi 31/5 kl. 10 UPPS. Fö 2/6 kl. 20
Lau 3/6 kl. 20 Má 5/6 kl. 20
Fi 8/6 kl. 20 UPPS. Fö 9/6 kl. 20
Lau 10/6 kl. 20 Fi 15/6 kl. 20

HLÁTURHÁTÍÐ
Fi 25/5 kl. 22:30
BANANABIKARINN MIÐAVERÐ 1.000
Leikarar frá Leikfélagi Reykjavíkur og Leikfélagi Akureyrar, keppa í leikhússporti.

Su 28/5 kl. 20:00
HLÁTURNÁMSKEIÐ MIÐAVERÐ 1.000
Ásta Valdimarsdóttir og Kristján Helgason kenna hláturjóga.

BELGÍSKA KONGÓ
Mi 24/5 kl. 20 UPPS. SÍÐUSTA SÝNING

NAGLINN
Fi 1/6 kl. 20 SÍÐASTA SÝNING

TENÓRINN
Lau 27/5 kl. 20 SÍÐASTA SÝNING

25 TÍMAR
DANSLEIKHÚSSAMKEPPNIN 2006
9 verk verða frumsýnd sem keppa til verðlauna.
Fi 8/6 kl. 20
Teldu mig með. Höf. Ólöf Ingólfsdóttir og Þórdís Elva Þorvaldsdóttir Bachman.
Elsku bróðir. Höf. Steinunn Ketilsdóttir.
Blind ást. Höf. Rebekka Rán Samper.
Tommi og Jenni. Höf. Elma Backman, Stefán Hallur Stefánsson ogHalldóra Malín Pétursd.
Boðorðin 10. Höf. Marta Nordal.
Guðæri. Höf. Ólafur Darri Ólafsson og Lovísa Ósk Gunnarsdóttir
Dillir dó og Dummi. Höf. Benóný Ægisson.
Shoe size nine months. Höf. Peter Anderson.
Stigma. Höf Andreas Consantinou.
MIÐAVERÐ 2.500. Miðasala hafin.

RONJUVÖRUR
Bolir, sundpokar, nælur, geisladiskur ofl.
Fæst í miðasölu Borgarleikhússins

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ


# Skyndibiti fyrir unglinga



ERIC SCHLOSSER Er hvað þekktastur fyrir bækurnar Fast Food Nation og Reefer Madness þar sem hann meðal annars rýnir í skyndibitaiðnaðinn.

Bandaríski blaðamaðurinn og rithöfundurinn Eric Schlosser sem hvað þekktastur er fyrir bækur sínar Fast Food Nation og Reefer Madness hefur nú gefið út bók í félagi við blaðamanninn Charles Wilson. Bókin heitir Chew on this: Everything You Don't Want to Know About Fast Food og er henni ætlað að upplýsa unga neytendur um skyndibitaiðnaðinn.

Að sögn höfundanna vildu þeir skrifa bók fyrir ungt fólk sem myndi auka skilning þess á skyndibitaiðnaðinum og hvetja það til að taka sínar eigin ákvarðanir um hvað það lætur ofan í sig.

Bókin hefst á sögulegu yfirliti um hvernig skyndibitaiðnaðurinn varð til og hvernig hann hefur áhrif á það hvernig nútímamaðurinn lifir og nærist og hvernig verslana- og veitingastaðakeðjur hafa bæði jákvæð og neikvæð áhrif á lítil samfélög. Í bókinni eru sagðar sögur af frumkvöðlum, bæði af fyrstu stofnendum margra af þekktustu skyndibitakeðjum Bandaríkjanna sem og sögur af fólki sem berst gegn iðnaðinum eða vinnur innan hans. Einnig er leitast við að varpa ljósi á sambandið milli stórfyrirtækja eins McDonalds og Wendy's og vinnumarkaðsins, þá einkum ungs fólks á skólaaldri sem leitar í störf innan fyrirtækjanna.

Iðnaðurinn er þannig skoðaður í félagslegu samhengi en líka út frá sjónarmiðum næringarfræði og auglýsingamennsku, lífsstílsrannsókna og út frá sjónarhóli ungmennanna sjálfra sem hafa missterkar skoðanir á þessu fyrirbæri sem þau eru flest óbeinir þátttakendur í.



SÚSANNA SVAVARSDÓTTIR
> SKRIFAR UM LEIKLIST

# Leikarakikk

Það er fátt eins heillandi og horfa á góðan leikara vinna, hvort sem er á leiksviði eða í kvikmynd, þótt óneitanlega heilli sviðsleikurinn mig meira. Þar skiptir hvert augnablik sköpum svo einbeitingin þarf að vera fullkomin. Það er ekki nóg að hafa skemmtilegt hlutverk í vel skrifuðu leikriti. Það er ekki heldur nóg að hafa góðan texta. Honum þarf að fylgja eftir með óaðfinnanlegri tjáningu; líkamshreyfingum, svipbrigðum, blæbrigðum raddar, skýrri en svo lipurri framsögn að hún virkar eins og eðlileg orðræða, og koma hugsuninni á bak við orðin til skila með augunum. Þegar þetta gengur allt upp verður „karakterinn“ skýr. Ef eitthvað af þessu klikkar, verður karakterinn óljós og það kemur niður á sýningunni.

Það hefur alltaf furðað mig hvernig í fjáranum leikarar fara að þessu. Það er öllu venjulegu fólki ærið verkefni að tjá sínar eigin hugsanir og tilfinningar þegar það þarf að koma skoðunum sínum og líðan til skila. En það er einmitt þessi óskiljanlega kúnst, þessi furðulegi hæfileiki, sem gerir það að verkum að leikhúsið togar mann aftur og aftur í leikhúsið. Það er aldrei að vita hvenær maður upplifir „kikkið“ þegar allt smellur saman og maður situr furðu sleginn og heillaður, spyrjandi sjálfan sig: Hvernig er þetta hægt?

Þau hafa verið nokkur „kikkin“ á því leikári sem er senn á enda og ber þar óneitanlega hæst túlkun Hilmis Snæs Guðnasonar á hlutverki sínu í Ég er mín eigin kona. Hvert einasta augnablik í þessari þriggja tíma sýningu er unnið af svo fullkominni nákvæmni að fyrirfram hefði ég haldið að slíkt væri óframkvæmanlegt. Sýningin var þriggja tíma „kikk“.

En eftirminnilegu stundirnar, „kikkin“, eru fleiri. Í upphafi Maríubjöllunnar hjá Leikfélagi Akureyrar, flutti Þráinn Karlsson, í hlutverki Posi, eintal af stakri snilld. Eitt látlausasta og flottasta atriði leikársins. Ólafía Hrönn á flest eftirminnilegustu atriðin í Þjóðleikhúsinu – og öllum þremur sýningunum sem hún lék í, Túskildingsóperunni, Pétri Gauti og Átta konum. Besta atriðið var í Túskildingsóperunni, þegar hún gekk inn í fangelsið þar sem



**ÚR ÉG ER MÍN EIGIN KONA** Þriggja klukkustunda „leikarakikk“ að mati greinarhöfundar.

tengdasonurinn, Makki hnífur, beið hengingar og sagði dóttur sinni, Pollý, að drífa sig að klæða sig upp fyrir aftökuna þar sem hún væri ekkjan ¿ eins og það væri einstakt stjörnuhlutverk. Karakterinn sem Ólafía Hrönn var að leika varð kristalskýr á þessu augnabliki; maður vissi skyndilega allt um þessa konu, tilfinningar, þankagang, andlegt ástand.

Það eru augnablik sem þessi sem gleðja ósegjanlega, jafnvel þótt sýningin sem slík hafi ekki verið manni að skapi. Í huganum er hægt að rifja þau upp aftur og aftur. Slík augnablik eru sjaldgæfari í kvikmyndum að ekki sé talað um heilu hlutverkin. En kosturinn við þau, er að það er hægt að kaupa kvikmyndir á diskum og horfa á snilldina eins oft og verkast vill. Uppáhaldskikkin mín þar eru Al Pacino í Scent of a Woman, Johnny Depp í Don Juan di Marco, Susan Sarandon í Earthly Possessions og Dead Man Walking, Shirley MacLaine og Sally Field í Steel Magnolias, Gerard Depardieau í Grjóthaltu kjafti og Billy Bob Thornton í Bandits.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MAÍ

19 20 21 22 23 24 25

### Mánudagur

**DANSLIST**

18.00 Nemendasýning **Jazzballettskóla Báru** í **Borgarleikhúsinu**. Yfirskrift sýningarinnar er **Töfrar** og munu nemendur skólans dansa atriði úr frægum söngleikjum og ævintýrum.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

LITLA HRYLLINGSBÚÐIN
Sett upp í samstarfi við Leikfélag Akureyrar
LAU. 27. MAÍ KL. 15 - Aukasýning
LAU. 27. MAÍ KL. 19 - UPPSELT
LAU. 3. JÚNÍ KL. 19 - ÖRFÁ SÆTI LAUS
LAU. 3. JÚNÍ KL. 22 - Aukasýning
FIM. 8. JÚNÍ KL. 19 - Aukasýning
LAU. 10. JÚNÍ KL. 19 - NOKKUR SÆTI LAUS
„Besta söngleikjauppfærsla ársins“
S.S - Fréttablaðið
www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga frá kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga
Símasala kl. 10-18. þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Óperuvefnum allan sólarhringinn
ÍSLENSKA ÓPERAN

KALDÁRSEL
sumarbúðir fyrir káta krakka
Skráningarsími
588 8899


Le Sing
Syngjandi þjónar
Ein vinsælasta leiksýning landsins
Alla laugardaga
Alltaf jafn fersk - alltaf jafn skemmtileg
BROADWAY
Sími: 533-1100

Stórmarkaður í stofunni heima
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS
FRÉTTABLAÐIÐ

Glæsilegur LEGO barnafatnaður

Hnokkar & Hnátur
Skólavörðustígur 20
LEGO WEAR

Stórviðburðir á Listahátíð

Rússíbanar
og Kolbeinn Ketilsson

Frumflytja íslensk lög í bland við líflega tónlist frá Mið-Austurlöndum og Austur-Evrópu.
**Íslenska óperan í kvöld, 23. maí**, kl. 20.00. Miðaverð: 2.500 kr.

Tónlistarhópur ársins
í Bretlandi - I Fagiolini

**Gleðileikurinn L'Amfiparnaso**
í Íslensku óperunni 25. maí kl. 20.00 og 26. maí kl.17.00 Sögumaður: Hilmir Snær Guðnason
**Brennandi hjarta, Montverdis**
í Kirkju og menningarmiðstöðinni, Eskifirði 27. maí kl. 16.00 og Íslensku óperunni 28. maí kl. 17.00.
Miðaverð: 3.200 kr.
Landsbankinn
Í samstarfi við Íslensku óperuna.

Le Pays

Ástsælustu söngvarar þjóðarinnar Sigrún Hjálmtýsdóttir, Gunnar Guðbjörnsson og Bergþór Pálsson og Sinfóníuhljómsveit Íslands frumflyta Le Pays / Föðurlandið.
**Týnda óperan sem gerist á Íslandi**
Í porti Hafnarhússins. Fyrri sýning 26. maí kl. 20.00, seinni sýning 27. maí kl. 16.00. Miðaverð. 3.900 kr.
Alfesca

Mugison
og hljómsveit

Skærasta stjarnan í íslensku tónlistarlífi í dag flytur nýtt efni í nýjum búningu með fullskipaðri hljómsveit
Austurbær 28. maí kl. 21.00
Miðaverð:2.500 kr.
GLITNIR

KB BANKI
ICELANDAIR
SAMSKIP
Radisson SAS
www.listahatid.is
Listahátíð í Reykjavík 2006 hátíðin

Miðasalan Bankastræti 2:
Opin virka daga kl. 12 til 18, um helgar kl. 12 til 16.
Sími 552 8588 – Miðasala á netinu á www.listahatid.is
Miðasala við innganginn hefst klukkustund fyrir viðburð




*Potturinn stefnir í 200 milljónir, ofurpotturinn stefnir í 300 milljónir og bónusvinningurinn í 6 milljónir.

# 00

# ÓNIR*

Fáðu þér miða fyrir kl. 16
á miðvikudaginn eða taktu
séns á að missa af þessu!

VÍKINGA LOTTÓ

fjörið … fólk
folk@frettabladid.is

# Í Hafnarfjörð á 500 kall

Úthverfabúum höfuðborgarsvæðisins býðst nú nýr möguleiki á að koma sér heim af djamminu í miðbænum. Um þarsíðustu helgi hóf fyrirtækið Skutla ehf. að bjóða upp á skutluferðir frá Lækjartorgi en slíkar ferðir verða á boðstólum allar helgar frá kl. 3-6 á næturnar. Hugmyndin á bak við skutlurnar er í stuttu máli sú að fólk sem er á leið í úthverfi borgarinnar sameinist um bíla. Þannig tekur fólk sem er á leið í Grafarvog skutlu saman og fólk á leið í Hafnarfjörð sameinast um aðra skutlu og svo framvegis. Að sögn Einars Ágústssonar, sem er einn af eigendum fyrirtækisins, taka að meðaltali um 1.000 manns leigubíl úr miðbænum milli 3-6 um helgar en að jafnaði fer um 1,7 með hverjum bíl. Þjónusta Skutlu mun því létta verulega á álagi á leigubílum og tryggja skjótari og öruggari heimkomu næturgesta úr miðborginni. „Aksturinn gekk mjög vel um helgina og við höfum fengið gríðarlega góðar viðtökur," segir Einar og bætir við að skutluþjónustan eigi lítið skylt við næturstrætó sem einu sinni var reynt að bjóða upp á úr miðborginni. „Næturstrætóinn gekk samkvæmt ákveðinni áætlun og stoppaði á ákveðnum stöðum. Skutlurnar eru ekki á neinni tímaáætlun og skila fólki heim að dyrum." Skutla ehf. hyggst bjóða upp á lægra verð á heimferð en áður hefur þekkst. Fullt verð verður 1000 kr. en til að byrja með verður boðið upp á helmings kynningarafslátt og því kostar farið í Grafarvog, Kópavog, Garðabæ og Hafnarfjörð einungis 500 kr. Þeir sem hyggjast nýta sér þjónustuna mæta í gömlu strætóbiðstöðina við Lækjartorg. Þar eru farmiðar seldir og fólk getur einnig sest þar niður við borð og fengið sér næturmat. „Það er huggulegt að geta beðið innandyra en annars reynum við að láta þetta ganga hratt og örugglega fyrir sig," lofar Einar.



**FAR ÚR MIÐBÆNUM** Einar Ágústsson er einn af eigendum Skutlu ehf. sem býður úthverfabúum upp á ódýrar ferðir úr miðbæ Reykjavíkur um helgar frá gömlu strætóbiðstöðinni við Lækjartorg.
FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR


www.xb.is/kopavogur
exbé



Höldum áfram
í Kópavogi
xB




**DANSAÐ UPP Á DEKKI** Það var dansað úti um allt á Nasa á laugardagskvöldið. Það var meira að segja dansað á barborðunum en það er ekki oft sem það er leyfilegt.

# Hamingjusprengja á Nasa

Gríðarlega góð stemmning var á laugardagskvöldið í hinu árlega Júróvisjónpartí Páls Óskars á skemmtistaðnum Nasa við Austurvöll. „Þetta var alveg yndislegt kvöld. Ég hef nú oft farið á böll þar sem fólkið á dansgólfinu syngur með en á laugardaginn söng ekki bara dansgólfið heldur líka hliðarlínan, veggirnir og fólkið á barnum líka," segir Páll Óskar sem líkir kvöldinu við hamingjusprengju. Smekkfullt var út úr dyrum og eins og myndirnar hér á síðunni sýna skemmtu gestir sér konunglega. „Hápunktur kvöldsins fyrir mig persónulega var þegar hljómsveitin Módel steig á svið í fyrsta sinn í sextán ár og tók lagið Lífið er lag. Það yljaði mér um hjartaræturnar." Auk fjölda frábærra Júróvisjónslagara var vinningslag Júróvisjónkeppninnar í ár með hinum finnsku Lordi spilað fjórum sinnum um kvöldið. „Réttlætið sigraði að lokum. Finnarnir eru niðurlægðasta Júróvisjónþjóð sögunnar og áttu þennan sigur fullkomlega skilinn," segir Páll Óskar afar sáttur við úrslitin. Hann lofar álíka stemmingu ef ekki betri í næsta Júróvisjónpartíi að ári. ■



**ALLTAF GÓÐUR** Júróvisjónböllin hans Páls Óskars hafa verið afar vel sótt og árið í ár var engin undantekning en Palli fékk fjölda góðra gesta til að troða upp þetta kvöld.



**SVEIFLA** Gestir kunnu svo sannarlega vel að meta tónlistina á Nasa og dönsuðu og sungu með eins og þeim væri borgað fyrir það.



**SVEITTAR OG SÆTAR** Það var fullt út úr dyrum á Nasa enda Íslendingar sjúkir í Júróvisjón. Það skipti fólk greinilega engu máli þótt Silvía Nótt hefði dottið úr keppni.


KYNNINGARFUNDUR Á MEISTARANÁMI Í TÖLVUNARFRÆÐI



KREFJANDI
SVEIGJANLEGT
SKEMMTILEGT

Eitt af leiðarljósum Háskólans í Reykjavík er að efla samkeppnishæfni íslenskt atvinnulífs. Þess vegna bjóðum við upp á öflugt meistaranám í tölvunarfræði, þar sem lögð er rík áhersla á rannsóknir og alþjóðlegt samstarf.

Kynningarfundurinn verður haldin 24. maí kl. 17.00
á 3. hæð í Ofanleiti 2.

**Nánari upplýsingar um meistaranámið**
veitir Dr. Björn Þór Jónsson
í síma 599 6200 eða
bjornth@ru.is

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY
OFANLEITI 2, 103 REYKJAVÍK • HÖFÐABAKKA 9, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 599 6200 www.hr.is


# Silvía Nótt nær eyrum bíóbransans

Eurovision-söngvakeppnin vakti nánast enga athygli í Cannes um helgina enda hátíðargestir með hugann við allt annað en súran rjómann af evrópskri tónlistarsköpun. Keppnin virðist þó ekki vera alveg jafn lummuleg og kvikmyndabransaliðið vill vera láta þar sem bandaríska sjónvarpsstöðin NBC hefur keypt hugmyndina að söngvakeppninni og hyggst laga hana að bandarískum aðstæðum og stilla henni upp gegn American Idol hjá Fox-sjónvarpsstöðinni.

Þetta er í fyrsta skipti sem EBU sem ríkir yfir Eurovision heimilar notkun á formi söngvakeppninnar utan Evrópu.

Variety fjallaði um þetta mál í sunnudagsútgáfu sinni í Cannes og birti mynd af Silvíu Nótt og sigurvegurunum í Lordi. Blaðið sagði skrautlega keppendur eins og Lordi og Ágústu Evu Erlendsdóttur í gervi Silvíu Nætur jafnan setja svip á hátíðina og þó keppnin sé „almennt þekkt sem HM í söng" njóti hún góðs af athyglinni sem furðufyrirbærin fá.

Variety sér ekki ástæðu til þess að eyða mörgum orðum í aðra keppendur þannig að Silvía getur enn varpað skugga á andstæðingana þó hún hafi ekki riðið feitum hesti heim frá Aþenu. Variety virðist þó ekki alveg átta sig á því hver Silvía er þar sem myndatextinn gefur til kynna að hún sé einn meðlima Lordi.

- þþ



**DÍVA** Fjallað er um Silvíu Nótt í Variety.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Brad Pitt** og **Angelina Jolie** eru að íhuga að snúa aftur til Bandaríkjanna vegna dularfulls sjúkdóm sem hrjáir ættleidda dóttur þeirra **Zahara**. Parið, sem hefur dvalið í Namibíu að undanförnu, óttast mjög um heilsu Zahara. Hefur hún sofið illa og öskrað þegar hún hefur verið lögð niður. Þrátt fyrir veikindin vill Jolie helst af öllu dvelja áfram í Namibíu og fæða þar barnið sem hún ber undir belti.



Svo gæti farið að Bítillinn fyrrverandi **Paul McCartney** og eiginkona hans **Heather Mills**, sem nýverið hættu saman, muni heyja harða forræðisdeilu um dóttur þeirra **Beatrice**. Að sögn dagblaðsins The Daily Mail óttast vinir hjónanna að þau muni deila um forræðið yfir henni þrátt fyrir að hafa lýst því yfir að skilnaðurinn hafi verið á góðu nótunum.



Kvikmyndin The Da Vinci Code halaði inn 224 milljónir dollara, eða tæpa 16 milljarða króna víðs vegar um heiminn um síðustu helgi. Myndin náði ekki að bæta frumsýningarmet Star Wars: Revenge of the Sith sem halaði inn tæpa 19 milljarða króna fyrstu helgi sína á hvíta tjaldinu. The Da Vinci Code, sem skartar **Tom Hanks** í aðalhlutverki, er byggð á metsölubók bandaríska rithöfundarins **Dan Brown**.



Svo gæti farið að **Tomi Putaansuo**, söngvari hljómsveitarinnar **Lordi** sem vann Eurovision-keppnina, fái landskika í verðlaun frá heimabæ sínum Rovaniemi. Sú hefð hefur verið í Finnlandi í gegnum árin að bæjarfélög verðlauni íþróttamenn sína sem ná góðum árangri á alþjóðavettvangi með einhverjum hætti. Oftast er um að ræða peninga eða lóðir og svo virðist því sem Tomi muni detta í lukkupottinn á næstunni.




515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE



MEISTARINN

Fimmtudaginn kl. 20:05

LOKAÞÁTTUR Á FIMMTUDAGINN

Jónas Örn Helgason vs. Inga Þóra Ingvarsdóttir

Ekki missa af spennandi einvígi – hver stendur uppi sem Meistarinn og hlýtur 5 milljónir?



GOTT FÓLK McCANN





SUPERNATURAL
Í KVÖLD KL 22:15

Í KVÖLD!

YFIRNÁTTÚRULEGIR ÞÆTTIR UM BRÆÐUR SEM BERJAST VIÐ ALLSKYNS ILL ÖFL Í LEIT AÐ FÖÐUR SÍNUM.

SIRKUS TV




**SMÁRABÍÓ** SÍMI 564 0000

| | |
|---|---|
| DA VINCI CODE | kl. 4, 5, 7, 8, 10 og 11 B.I. 14 ÁRA |
| SÝND Í LÚXUS | kl. 5, 8 og 11 B.I. 14 ÁRA |
| CRY WOLF | kl. 10 B.I. 16 ÁRA |
| RAUÐHETTA M/ENSKU TALI | kl. 6, 8 og 10 |
| RAUÐHETTA M/ÍSLENSKU TALI | kl. 4 |
| ICE AGE 2 M/ENSKU TALI | kl. 6 |
| ÍSÖLD 2 M/ÍSLENSKU TALI | kl. 4 |

**REGNBOGINN** SÍMI 551 9000

| | |
|---|---|
| DA VINCI CODE | kl. 6 og 9 B.I. 14 ÁRA |
| BANDIDAS | kl. 8 og 10 B.I. 10 ÁRA |
| CRY WOLF | kl. 8 B.I. 16 ÁRA |
| RAUÐHETTA M/ENSKU TALI | kl. 6 |
| RAUÐHETTA M/ÍSLENSKU TALI | kl. 6 |
| PRIME | kl. 5.45, 8 og 10.15 |
| THE HILLS HAVE EYES | kl. 10 B.I. 16 ÁRA |

**Borgarbíó** SÍMI 462 3500

| | |
|---|---|
| DA VINCI CODE | kl. 5, 8 og 10 B.I. 14 ÁRA |
| SKROLLA & SKELFIR Á SALTKRÁKU | kl. 6 |
| CRY WOLF | kl. 8 B.I. 16 ÁRA |

400 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

Dolby SDDS Sony Dynamic Digital Sound THX BÍÓ.IS – allt á einum stað





## FRÉTTIR AF FÓLKI



Samkvæmt sænska blaðinu Aftonbladet hefur Jónatan Garðarsson, forsvarsmaður íslensku Eurovision faranna, viðurkennt að hann skammist sín fyrir framgöngu Silvíu Nætur í Aþenu. Silvía hefur verið mikið í fjölmiðlum í Svíþjóð enda ásakaði hún hina sænsku Carolu um að hafa sofið hjá yfirmanni keppninnar og kallaði hana opinberlega gamla og fúla tík. Einnig kemur fram að náðst hafa myndir af Silvíu í slagsmálum við meintan kærasta sinn, Romario, og voru þær myndir sýndar á grískri sjónvarpsstöð. Silvía tók ósigrinum ekki vel og sást hágrátandi og blótandi framan í myndavélar eftir að úrslitin lágu fyrir. Aftonbladet skýrði einnig frá því að Silvía hótaði að fremja sjálfsmorði með því hoppa fram af 10 metra hárri brú en Romario stöðvaði hana og mun hafa sagt við blaðamenn að sirkusinn væri búinn.

# Eru engir djöfladýrkendur

Sigurvegarar Eurovision-keppninnar, finnska þungarokksveitin Lordi, er ekki skipuð djöfladýrkendum að sögn sendiherra Finnlands í Bretlandi.

„Þetta snýst allt um að skemmta fólki,“ sagði Jaako Laajava í viðtali við breska ríkisútvarpið, BBC. „Það má ekki taka þessu of alvarlega. Þeir tóku upp plötu sem heitir The Devil is A Loser sem segir kannski sína sögu,“ sagði hann. Bætti hann því við að Finnum hefði aldrei gengið sérlega vel í Eurovision fram að þessu og þess vegna væri þjóðin gríðarlega ánægð með árangurinn.

Grískir hreintrúarmenn hafa sakað meðlimi Lordi um að vera djöfladýrkendur vegna sviðsframkomu þeirra. „Sigur þeirra sýnir að fólk er tilbúið til að klæðast svona búningum til að fylla í tómar sálir sínar,“ sagði Christodoulus, erkibiskup hjá grísku rétttrúnaðarkirkjunni.


**LORDI** Þungarokkararnir í Lordi segjast ekki vera djöfladýrkendur heldur eingöngu skemmtikraftar.

Laajava segist ánægður með að Finnland fái núna þungarokksstimpil á sig. „Það eru margar frambærilegar þungarokksveitir í Finnlandi sem eru einnig þekktar í Bretlandi, til dæmis Nightwish, HIM og Rasmus. Þannig að hefðin er á bak við okkur á þessu sviði.“

Sigur Lordi í Eurovision var fyrsti sigur Finna í sögunni. Áður hafði þjóðin meðal annars lent átta sinnum í neðsta sæti.










**ÁVÍSUNIN AFHENT** Snorri Snorrason afhendir Barnaspítala Hringsins ávísunina.
FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Idol styrkir barnaspítala

Snorri Snorrason, sigurvegari Idol, afhenti Barnaspítala Hringsins ávísun upp á tæpar sjö hundruð þúsund krónur í gær.

Í úrslitaþætti Idol efndu Stöð 2, OgVodafone og Síminn til aukakosningar um eftirminnilegasta keppandann í Idol og rann ágóðinn til Barnaspítala Hringsins. Það var frammistaða Benedikts VanHoof sem þótti skara fram úr og rann ágóðinn af um 6.900 atkvæðum beint til spítalans.







# Sena á Kaldri slóð í Cannes

Björn Sigurðsson, framkvæmdastjóri Senu, og Kristinn Þórðarson, annar framleiðenda og handritshöfundur kvikmyndarinnar Köld slóð, innsigluðu í Cannes á laugardaginn samning sem kveður á um að Sena gerist meðframleiðandi myndarinnar. Telja þeir þennan samning einstakan sinnar tegundar á Íslandi og að þetta sé að öllum líkindum í fyrsta sinn sem íslenskt dreifingarfyrirtæki komi með svo beinum hætti að framleiðslu íslenskrar kvikmyndar. Samkvæmt samningnum mun Sena, sem er stærsta fyrirtæki landsins á sviði dreifingar og sölu á tónlist, kvikmyndum og tölvuleikjum, hafi nú eignast dreifingarréttinn á Kaldri slóð í kvikmyndahús, á DVD-diskum og í sjónvarpi.


**BJÖRN SIGURÐSSON OG KRISTINN ÞÓRÐARSON** Voru glaðbeittir í sólinni í Cannes á laugardaginn þegar þeir handsöluðu samning um að Sena gerðist meðframleiðandi að spennumyndinni Kaldri slóð. FRÉTTABLAÐIÐ/SKARPHÉÐINN

Kristinn segir að samningurinn hafi þau áhrif að Sena muni reynast afar vel við markaðssetningu á myndinni og koma þar fyrr að málum en vant hefur verið með íslenskar myndir. Það eigi eftir að skila sér í öflugri og markvissari markaðssetningu en ella. Til marks um þetta standi til að hefja kynningarherferðina á Kaldri slóð innan tíðar í tengslum við sýningar á stórmyndinni Da Vinci lyklinum en sýningar á henni hófust á föstudaginn var. Samningurinn felur í sér að Sena muni deila fjárhagslegri áhættu á sýningum og sölu á Kaldri slóð. Björn sagði að þeir hjá Senu hefðu fyrst og fremst séð Kalda slóð, eða Cold Trail eins og hún kemur til með að heita á alþjóðlegum markaði, sem gott viðskiptatækifæri, sem vænlegt væri að eignast hluta í.

„Við sjáum mikla möguleika í spennumyndum á borð við Kalda slóð og teljum að hún eigi eftir að höfða til mjög breiðs hóps áhorfenda á Íslandi og jafnvel víðar,“ segir Björn. Björn segir að fyrir sitt leyti sé vöntun á slíkum myndum, góðum íslenskum afþreyingarmyndum, og að Sena vilji með slíkri íhlutun eiga sinn þátt í að þeim fjölgi. Því lítur Björn sumpart á meðframleiðsluna á Kaldri slóð sem vissan prófstein og að Sena muni jafnvel hafa sig enn frekar í frammi á því sviði ef samstarfið skilar tilskildum árangri.

Köld slóð er ekta spennumynd og segir frá æsifréttablaðamanni sem sekkur sér ofan í skuggalega morðrannsókn. Þröstur Leó Gunnarsson fer með hlutverk blaðamannsins en aðrir leikarar í myndinni eru Elva Ósk Ólafsdóttir, Anita Briem, Helgi Björnsson, Tómas Lemarquis, Hilmir Snær Guðnason og Hjalti Rögnvaldsson. Leikstjóri myndarinnar er Björn Brynjúlfur Björnsson. Kristinn er höfundur handrits en Magnús V. Sigurðsson framleiðir myndina með honum.

Framleiðslukostnaður myndarinnar er um 100 milljónir og gert er ráð fyrir að hún verði frumsýnd í desember á þessu ári.

**thorarinn@frettabladid.is**

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Hljómsveitin Ghostigital með þá **Curver** og **Einar Örn Benediktsson** í fararbroddi, er um þessar mundir í stuttri en vel heppnaðri tónleikaferð um Bandaríkin. Sveitin fór út í síðustu viku og hefur síðan þá spilað í Los Angeles, San Francisco og New York. Í kvöld spilar sveitin síðan í annarri plötu, In Cod We Trust, sem kom út fyrir nokkru síðan. New Jersey. Ghostigital er að fylgja eftir sinni



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

KALDÁRSEL
sumarbúðir fyrir káta krakka
Skráningarsími
588 8899











## Árni Björn í HK

Hornamaðurinn Árni Björn Þórarinsson, sem hefur leikið með Víkingi síðustu ár, er búinn að skrifa undir samning við handknattleikslið HK sem og Ragnar Hjaltested en þeir elta þar með þjálfarann sinn, Gunnar Magnússon, sem gerðist aðstoðarþjálfari hjá liðinu á dögunum. Árni Björn er sterkur hornamaður sem leikur með U-21 árs liði Íslands.

# sport

sport@frettabladid.is

GUNNLAUGUR JÓNSSON, FYRIRLIÐI KR: GEFUR LÍTIÐ FYRIR GAGNRÝNI ÓLAFS ÞÓRÐARSONAR

# *Ólafur ætti að líta í eigin barm*

Ólafur Þórðarson, þjálfari ÍA, var foxillur eftir leik ÍA og KR á laugardag og sérstaklega var hann reiður yfir því að Garðar Örn dómari hefði ekki rekið Gunnlaug Jónsson, fyrirliða KR og fyrrum fyrirliða ÍA, af velli í leiknum en Ólafur taldi Gunnlaug hafa brotið illa af sér í þrígang í fyrri hálfleiknum.



„Óli má hafa sína skoðun á dómgæslunni en ég held að hann ætti að einbeita sér að einhverju öðru en hvort dómarinn ætti að reka mig af velli eða ekki. Ég spila bara eins fast og dómarinn leyfir. Það má vel vera að síðasta brotið á Ellerti hafi verið svolítið gróft en það var ekkert rautt spjald. Fyrsta brotið var í raun ekkert brot og ég fór heldur ekki aftan í andstæðinginn. Auðvitað er samt alltaf álitamál hvað eigi að gefa en mér finnst línan hafa verið þess eðlis að eðlilegt hafi verið að gefa mér gult fyrir brotið á Ella. Eftir það braut ég ekkert af mér,“ sagði Gunnlaugur og mælir með að Ólafur eyði orkunni sinni í eitthvað gáfulegra en þetta væl.

„Ég tel að Ólafur eigi við alvarlegri vandamál að stríða. Hann ætti til að mynda að spá í hvernig liðið hans er að spila þessa dagana. ÍA hefur byrjað mjög illa í Íslandsmótinu síðan árið 2001 og hver ætli ástæðan sé fyrir því? Maðurinn sem er ábyrgur fyrir liðinu verður að svara og hann verður að líta í eigin barm að mínu mati,“ sagði Gunnlaugur en athygli vakti að Ólafur kvartaði einnig yfir því hversu fast KR-liðið hefði spilað og að þeir hefðu ekki reynt að spila fótbolta að hans mati. Skagaliðið undanfarin ár hefur verið þekkt fyrir mikla hörku og andstæðingarnir ekki alltaf fengið mjúkar viðtökur á Akranesi. Því þótti gagnrýni Ólafs koma úr hörðustu átt.

„Það má segja að við höfum farið í skó Akranesliðsins og hvernig það hefur leikið undanfarin ár. Við vorum vissulega fastir fyrir og komum ákveðnir til leiks og ég er ekki viss um að ÍA hafi höndlað það. Bæði liðin voru í þannig stöðu að nauðsynlegt var að berjast fyrir stigunum og það vorum við svo sannarlega tilbúnir að gera.“

## > Jóhann Gunnar framlengir

Framarar halda áfram að framlengja samninga við lykilmenn sína eftir að liðið varð Íslandsmeistari. Sá nýjasti í þeirri flóru er vinstrihandarskyttan Jóhann Gunnar Einarsson, sem skrifaði undir þriggja ára samning við Fram í gær, en hann er uppalinn hjá félaginu. Jóhann Gunnar átti frábært tímabil með Fram og varð markakóngur hjá liðinu, með 172 mörk í leikjunum 26. Hann var tilnefndur til þrennra verðlauna á lokahófi HSÍ, sem efnilegasti leikmaðurinn, besti sóknarmaðurinn og handknattleiksmaður ársins, en hlaut engin þeirra að þessu sinni. Handknattleiksdeild Fram hefur vart undan við að senda út frá sér fréttatilkynningar hvað nýja samninga við leikmenn varðar og er meiri tíðindum lofað næstu daga.





**BREIÐABLIK** Byrjaði mótið með látum og líklegt til sigurs í Keflavík í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Landsbankadeild kvenna:

## Blikar fara til Keflavíkur

**FÓTBOLTI** Önnur umferð Landsbankadeildar kvenna fer fram í kvöld. Íslands- og bikarmeistarar Breiðabliks fara til Keflavíkur en bæði lið unnu sinn leik í fyrstu umferð. Athyglisverðasta viðureign kvöldsins er þó leikur Stjörnunnar og KR en KR tapaði fyrir Blikum í fyrst umferð og þarf því sárlega á sigri að halda í kvöld eins og Stjarnan sem steinlá fyrir Val í fyrstu umferð.

**LEIKIR KVÖLDSINS:**

| | |
|---|---|
| Stjarnan-KR | kl. 19.15 |
| Valur-Þór/KA | kl. 19.15 |
| FH-Fylkir | kl. 19.15 |
| Keflavík-Breiðablik | kl. 19.15 |

VISA-bikar karla í knattspyrnu:

## Dregið í gær

**FÓTBOLTI** Í gær var dregið í þriðju umferð VISA-bikars karla en leikið verður 31. maí og 1. júní. Félögin í efstu deild koma inn í sextán liða úrslit keppninnar, þegar aðeins sex lið eru eftir af liðunum hér fyrir neðan.

**3. UMFERÐIN:**

KA - MAGNI
**ÞÓR - TINDASTÓLL**
HUGINN - FJARÐABYGGÐ
**SINDRI - HÖTTUR**
ÍR - STJARNAN
**NJARÐVÍK - SELFOSS**
AFTURELDING - KV
**DRANGUR - HAUKAR**
ÍH - LEIKNIR R.
**HK - HVÍTI RIDDARINN**
ÞRÓTTUR R. - VÍKINGUR ÓLAFSVÍK
**FRAM - FJÖLNIR**

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MAÍ

20 21 22 **23** 24 25 26

**Þriðjudagur**

**LEIKIR**

- [ ] 19.15 **Valur** og **Þór/KA** mætast í Landsbankadeild kvenna í knattspyrnu á Valbjarnarvelli.
- [ ] 19.15 **FH** og **Fylkir** mætast í Landsbankadeild kvenna í knattspyrnu í Kaplakrika.
- [ ] 19.15 **Keflavík** og **Breiðablik** mætast í Landsbankadeild kvenna í knattspyrnu í Keflavík.
- [ ] 19.15 **Stjarnan** og **KR** mætast í Landsbankadeild kvenna í knattspyrnu á Stjörnuvelli í Garðabæ.

**SJÓNVARP**

- [ ] 17.50 **Þýski handboltinn** á Rúv. Bein útsending frá leik **Kiel** og **Lemgo.**

# Atvinnumennskan blundar í mér

Ármann Smári Björnsson, leikmaður FH, er leikmaður 2. umferðar Landsbankadeildar karla að mati Fréttablaðsins. Ármann átti frábæran leik gegn Val, skoraði gott mark og steig ekki feilspor í vörninni.

**FÓTBOLTI** Með öruggum sigri á Val á sunnudaginn tyllti FH sér á topp Landsbankadeildarinnar eftir tvær umferðir. Mörkin í 2-0 sigri skoruðu varnarmennirnir Ármann Smári Björnsson og Freyr Bjarnason en vörn FH var feikisterk í leiknum og sóknarmenn Vals komust lítt áfram. Ármann Smári fór þar fremstur í flokki, við hlið Tommy Nielsen í hjarta varnarinnar.

LEIKMAÐUR UMFERÐARINNAR

„Ég hef auðvitað spilað áður í miðverðinum en það er orðið langt síðan, ég er enn svolítið ryðgaður en þetta er allt að koma. Ég er heppinn að vera með góðan mann við hliðina á mér í Tommy Nielsen sem stjórnar mér vel. Hann kann þetta allt og er góður í að segja manni til og hvað ég á að gera, svo reyni ég bara að fara eftir því. Ég er að læra mjög mikið af honum,“ sagði Ármann Smári við Fréttablaðið í gær.

Margir óttuðust að FH ætti í vandræðum með að fylla það skarð sem Auðunn Helgason skildi eftir sig en hann meiddist illa og verður ekkert með á tímabilinu. Þá er Sverrir Garðarson enn frá vegna meiðsla en FH keypti Danann Peter Madzen, sem Ármann Smári hefur haldið á bekknum í byrjun móts. „Gamli góði frasinn, maður kemur í manns stað á kannski vel við núna. Ég hef verið að finna mig vel en þetta eru auðvitað bara tveir leikir og ég, og við, verðum að halda svona áfram, þá getum við örugglega fagnað í lok sumars,“ sagði Ármann.

Manni, eins og Ármann er iðulega kallaður, skoraði gegn Val með skalla og kom FH yfir en hann er ekki óvanur því að skora mörk. Hann hefur áður spilað í fremstu víglínu, og skoraði meðal annars grimmt fyrir uppeldisfélag sitt, Sindra á Hornafirði, í 3. deildinni.

„Ég spilaði í vörn út 2. flokkinn þegar ég færði mig fram, ég hef líkamsburðina með mér í báðar stöður. Mér er samt sem áður alveg sama hvar ég spila á vellinum ef ég er í byrjunarliðinu,“ sagði Ármann, en sentimetrar hans telja 197 og hann er því illviðráðanlegur, bæði í vörn og sókn.




Ármann gerði sínum gömlu félögum skráveifu á sunnudaginn en hann gekk til liðs við Val frá Sindra. Þaðan lá leiðin til Lilleström í Noregi, aftur í Val áður en hann samdi við FH eftir þrjá mánuði hjá Brann.

„Mér var boðið að fara til Lilleström og sló til. Maður var ungur og vitlaus og varð fljótt leiður á því að fá ekkert að spila. Ég kom því bara heim aftur en maður lifir alltaf í þeim draumi að fá annað tækifæri í atvinnumennskunni,“ sagði Ármann sem spilaði síðan undir stjórn Teits Þórðarsonar, núverandi þjálfara KR hjá Brann. „Ég fór á leigu til Brann frá Val og fékk að spila óvenju mikið þar. Ég dvaldi í Noregi í þrjá mánuði en byrjaði í fimm leikjum og gekk ágætlega. Það fór líka í reynslubankann og það er virkilega gaman að hafa prófað þetta. Það blundar alltaf í manni draumurinn að vonandi komi tækifæri um atvinnumennsku upp á nýjan leik,“ sagði varnar og sóknartröllið Ármann Smári Björnsson. **hjalti@frettabladid.is**



**STERKUR** Ármann Smári Björnsson hefur byrjað tímabilið mjög vel en hann hefur mátt horfa á deildina utan vallar í talsverðan tíma. Hann sést hér í baráttu um boltann við Valsmanninn Matthías Guðmundsson. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Logi Geirsson spilar ekki með Lemgo í kvöld í stórleik gegn Kiel vegna veikinda:

# Landsliðið gengur fyrir núna

**HANDBOLTI** Topplið Kiel getur tryggt sér Þýskalandsmeistaratitilinn í handbolta í kvöld þegar liðið tekur á móti Lemgo en leikurinn verður í beinni útsendingu á Sýn. Logi Geirsson ferðaðist með Lemgo til Kiel en spilar ekki með sökum veikinda en hann er með sýkingu í hálsi og ætlar sér að taka lífinu með stóískri ró til að undirbúa sig sem best undir landsleikina gegn Svíum í júní.

„Ég verð ekki með gegn Kiel. Ég hitti samt sem áður lækni þar og fer í einhver próf og það er líklegt að hann segi að ég geti spilað. Það er ekkert skynsamlegt samt sem áður þar sem ég verð uppfullur af einhverjum lyfjum og rugli. Ég ætla að passa upp á heilsuna og fara mér ekki að neinum voða. Það er stutt í landsliðið og ég læt skynsemina ráða og tek engar áhættur í þessu. Landsliðið gengur fyrir núna, það er það sem skiptir öllu máli. Við ætlum okkur á HM,“ sagði Logi við Fréttablaðið í gær en hann var þá með félögum sínum í rútu á leiðinni til Kiel.

Lemgo er í fjórða sæti deildarinnar og á litla möguleika á því að ná upp í Meistaradeildarsæti þegar þrjár umferðir eru eftir. Lemgo á eftir að leika við Kiel, Lubbecke og Grosswaldstadt en þurfa að vinna sína leiki og treysta á að Flensburg eða Gummersbach tapi öllum sínum. „Við ætlum auðvitað að klára okkar leiki en það er leiðinlegt að þetta er ekki í okkar höndum lengur,“ segir Logi. „Það fer að líða að samningaviðræðum. Þeir vilja endilega halda mér áfram og ég er ekkert að hugsa mér til hreyfings. Ég á eitt ár eftir af samningnum en þetta kemur í ljós fljótlega,“ sagði Logi Geirsson, sprækur sem fyrr að lokum. **- hþh**



**LOGI Á FLUGI** Logi ætlar að taka sér frí frá leiknum í kvöld, en keppnisskapið gæti reyndar freistað hans til að spreyta sig lítillega gegn toppliðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/JÖRG HAGEMANN



**WAYNE ROONEY** Gerir allt til að verða klár fyrir HM. FRÉTTBLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Wayne Rooney:

## Á mjög góðum batavegi

**FÓTBOLTI** Enska knattspyrnuundrið Wayne Rooney er á mjög góðum batavegi og læknir enska landsliðsins, Leif Sward, er mjög bjartsýnn á að Rooney geti spilað með Englendingum á HM. Sward segir að bati Rooneys sé eins góður og hægt sé að vonast eftir.

„Hann fer í myndatöku á fimmtudag og þá vitum við trúlega hvort hann verði klár í fyrsta leik,“ sagði Sven-Göran Eriksson landsliðsþjálfari. **- hbg**



**GUNNAR ÞÓR** Er ánægður með veruna hjá Stoke en íslensku fjárfestarnir seldu Peter Coates sinn hlut í félaginu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Gunnar Gíslason, fráfarandi stjórnarformaður Stoke:

# Höfum gert mikið fyrir félagið

**FÓTBOLTI** Eftir sjö ár er stjórnartíð Íslendinga hjá enska klúbbnum Stoke City nú á enda runnin. Gunnar Þór Gíslason hætti sem stjórnarformaður í gær, og af því tilefni sendi hann frá sér yfirlýsingu á heimasíðu Stoke:

„Á þessum sjö árum höfum við farið í gegnum góða, og slæma tíma. Í fyrstu voru fjölmiðlar efins um íslensku fjárfestana sem komu eins og þruma úr heiðskíru lofti til næstelsta félagsliðs í heimi í nóvember 1999. Ég sagði alltaf að við myndum halda áfram að reka klúbbinn svo lengi sem okkur fyndist við vera að bæta félagið. Núna finnst okkur tími vera kominn til að leyfa öðrum að taka við,“ sagði Gunnar í yfirlýsingunni.

„Heilt yfir hefur vera Íslendinganna hér verið góð. Auðvitað gerðum við einhver mistök á leiðinni en það væri barnalegt að halda því fram að annað væri hægt í þessu ferli. Aðalmálið er að klúbburinn hefur tekið stór skref í rétta átt á þessum sjö árum og sterkur grunnur hefur verið lagður fyrir framtíðina,“ segir Gunnar.

„Við höfum bætt innviði klúbbsins, auk þess sem æfingaaðstaðan hefur stórbatnað. Þá hafa skuldirnar verið afnumdar, en þær voru þrjár milljónir punda fyrir þremur árum, en nú er félagið rekið með hagnaði. Við höfum verið gagnrýndir fyrir að eyða ekki nóg í leikmenn, og að fyrir að hafa selt okkar bestu menn, en það eru bjartir tímar framundan þegar skuldastaða klúbbsins er engin,“ sagði Gunnar meðal annars áður en hann þakkaði kærlega fyrir sig hjá Stoke City. **- hþh**


# Línurnar skýrast fyrir HM

**HITACHI** 42PD7200 býður upp á mestu upplausn í 42” plasma sjónvarpi í dag

- Yfir 1000 línur! Upplausn 1024 x 1024 punktar.
- 68,6 milljarðar lita. Nýr 1024 punkta myndkubbur gerir myndina ótrúlega skarpa og góða.
- Allar tengingar til staðar sem hægt er að hugsa sér fyrir sjónvarp.
- Uppfyllir öll skilyrði til að vera HD ready og gott betur.
- Snúningsfótur með rafmótor. Glæsileg hönnun.
- www.raunveruleikasjonvarp.is



Ef það á að vera stórt
– þá er það HITACHI

Ármúli 26 / Sími 522 3000 / www.hataekni.is

Hátækni



Trajet

Kr. 26.629 á mánuði*

- Sæti fyrir 7 fullorðna
- ABS bremsur
- 3 punkta öryggisbelti fyrir öll sæti
- Snúningsstólar að framanverðu
- Fáanlegur með díselvél

FJÖLSKYLDU- OG HÚSDÝRAGARÐURINN

Reynsluaktu Hyundai Trajet og fáðu miða í Fjölskyldu- og Húsdýragarðinn fyrir alla fjölskylduna.

HYUNDAI Official Partner

Með bílinn handa þér

Þægindin eru til að njóta þeirra



HYUNDAI hefur gæðin

* Bílasamningur til 84 mánaða með 30% útborgun. Mánaðarlegar greiðslur eru háðar vaxta- og gengisþróun.

B&L Grjóthálsi 1 110 Reykjavík 575 1200 www.bl.is

Umoðsmenn um land allt Keflavík 421 4444 Akranes 431 2622 Akureyri 461 2533 Egilsstaðir 471 2524




TAKMARKAÐ MAGN!

# 500.000 KR. VE

# NISSAN BERST Á MO

Vegna góðs stuðnings frá Nissan getum við nú boðið enn betra verð á Nissan Pathfinder og Nissan X-Trail í takmörkuðu magni. Gerðu samanburð! Þú gerir einfaldlega ekki betri kaup í dag á jeppum í sama stærðarflokki.

## KOMDU OG REYNSLUAKTU!

**Nissan Pathfinder SE sjálfskiptur**
**Verð aðeins 4.390.000 kr.**

Verð áður ~~4.890.000~~ kr.

**Ingvar Helgason** Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

| | | | |
|---|---|---|---|
| Umboðsmenn um land allt | Selfossi 482 3100 | Njarðvík 421 8808 | Akranesi 431 1376 |

ENNEMM / SÍA / NM21794




TAKMARKAÐ MAGN!

# ERÐLÆKKUN!

## ÓTI VERÐBÓLGUNNI

BORGAÐU MINNA FYRIR MEIRI LÚXUS

NISSAN

## TRYGGÐU ÞÉR EINTAK STRAX!

**Nissan X-Trail Elegance**
**Verð aðeins 2.990.000 kr.**

Verð áður 3.490.000 kr.

Önnur tilboð frá Nissan gilda ekki með þessu tilboði.

Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9.00 - 18.00 og laugardaga kl. 12.00 - 16.00

| | | |
|---|---|---|
| Höfn í Hornafirði<br>478 1990 | Reyðarfirði<br>474 1453 | Akureyri<br>461 2960 |

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„But I am mad about Jose. I honestly think I'd give up smoking if he asked me.“**

**Svar:**
Holly Golightly úr Breakfast at Tiffany's frá 1961

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ BORGHILDUR GUNNARSDÓTTIR SITUR DÁLEIDD FYRIR FRAMAN DIGITALIÐ**

# *Himneskir heimildarþættir*

Heimildarþættirnir um sögu dægurtónlistar blökkumanna halda mér upptekinni á mánudagskvöldum. Ég elska góða heimildarþætti og sérstaklega þá sem bjóða manni upp á gamlar klippur sem maður myndi annars aldrei sjá. Það er svo ótrúlega gaman að skoða gömlu tískuna, bæði í fötum og umhverfi. Auk þess er eitthvað svo ótrúlega sjarmerandi við svona gamlar upptökur sem státa ekki af eins hrikalega óaðfinnanlegum og um leið sterílum gæðum eins og sjónvarpsefni samtímans.

En talandi um gæði. Átti Digital dæmið ekki að vera eitthvað það rosalegasta gæðasjónvarp sem maður gæti nálgast. Engar truflanir og svona, enginn draugur í sjónvarpinu. Eitthvað rámar mig í það. Mitt Digital er þá ekki að standa sína pligt. Það höktir í sífellu og myndin er alltaf að stöðvast. Ég hef heyrt þetta frá fleirum og finnst þetta ekki kúl. Annars var ég ánægð með síðasta American Idol þar sem stjörnurnar tóku Elvis lög. Auðvitað náði enginn að gera lögunum eins góð skil og konungurinn en þetta var samt betri þáttur en margir. Elvis er kúl, ég elska Elvis. Ég er orðin þreytt á Taylor Hicks og mér finnst dökkhærða stelpan ótrúlega leiðinleg með sína trillandi rödd. Núna held ég með Elliott, gaurnum sem er alveg eins og álfur. Hann er algjör dúlla og tók lagið If I Can Dream sem er eitt uppáhalds Elvis lagið mitt, ég fæ alltaf hroll og verð pínu sorgmædd þegar ég heyri það. Vona að Elliott álfur taki þetta bara.



**HEIMILDARÞÆTTIR** Um sögu dægurtónlistar blökkumanna eru sýndir á Rúv á mánudagskvöldum.


▶ 20.20 *Drama*
GILMORE GIRLS


▶ 21.45 *Spenna*
PRISON BREAK


▶ 22.15 *Drama*
MEN OF HONOR


▶ 20.30 *veruleiki*
TOO POSH TO WASH


▶ 18.55 *Dægurmál*
ÍSLAND Í DAG

## SJÓNVARPIÐ

**16.40** Út og suður **17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Fræknir ferðalangar (37:52) **18.25** Draumaduft (12:13)

**18.30 Gló magnaða (52:52)** (Kim Possible)
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
▶ **20.20 Mæðgurnar (12:22)** (Gilmore Girls V) Bandarísk þáttaröð um einstæða móður sem rekur gistihús í smábæ í Connecticut-fylki og dóttur hennar á unglingsaldri.
**21.05 Taka tvö (2:10)** Ný syrpa af hinni vinsælu þáttaröð Töku tvö, þar sem Ásgrímur Sverrisson ræðir við íslenska kvikmyndagerðarmenn um myndir þeirra og hugmyndirnar á bak við þær.
**22.00 Tíufréttir**
**22.20 Víkingasveitin (3:4)** (Ultimate Force) Breskur spennumyndaflokkur um sérsveit innan hersins sem fæst við erfið mál.

**23.20** Dýrahringurinn (4:10) **0.10** Kastljós **0.55** Dagskrárlok

## STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Martha **10.20** My Sweet Fat Valentina **11.10** Missing (16:18)

**12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi 2005 **13.05** Home Improvement **13.30** Jack Osbourne – Adrenaline Rush **14.20** Amazing Race **15.15** Super-nanny **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.20** Bold and the Beautiful **17.40** Neighbours **18.05** The Simpsons

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
**19.50 Strákarnir**
**20.15 Amazing Race (9:14)**
**21.00 Las Vegas (13:22)** Bönnuð börnum.
▶ **21.45 Prison Break (17:22)** Lincoln fer að efast alvarlega um geðheilsu bróður síns þegar hann fer að gleyma mikilvægum upplýsingum um flóttaáformin. Bönnuð börnum.
**22.30 The Robinsons** (Robinsons) Breskur gamanmyndaflokkur um hina skrautlegu meðlimi Robinson-fjölskyldunnar. Hector og Pam eiga þrjú börn sem ættu að vera orðin meira en nógu gömul til að standa á eigin fótum.
**22.55 Twenty Four (16:24)** (24)

**23.40** Bones (4:22) **0.25** Hair **2.30** Kill Me Later (Bönnuð börnum) **3.55** Familjehemligheter **5.35** Fréttir og Ísland í dag **6.40** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

## SIRKUS TV

**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Ísland í dag**
**19.30 Sirkus RVK (e)**
**20.00 Friends (8:23)** Amy, hin sjálfselska systir Rachel, sem Christina Applegate leikur, tekst að eyðileggja þakkargjörðarhátíðina fyrir hópnum og er í ofanálag hundfúl yfir því að vera ekki valin guðmóðir barnsins.
**20.30 Tívolí**
**21.00 Bernie Mac (7:22)** Þriðja þáttaröðin um grínistann Bernie Mac og fjölskylduhagi hans.
**21.30 Supernatural (15:22)** (Benders)
▶ **22.15 Men of Honor** (Heiðursmenn) Gæðamynd um tvo sjóliða. Bönnuð börnum.

**0.20** Extra Time – Footballers' Wive **0.45** Friends (8:23) (e) **1.10** Tívolí

## SKJÁREINN

**7.00** 6 til sjö (e) **8.00** Dr. Phil (e) **8.45** Innlit / útlit (e)

**16.10** The O.C. (e) **17.05** Dr. Phil **18.00** 6 til sjö

**19.00 Frasier**
**19.30 All of Us (e)**
**20.00 How Clean is Your House** Bresku kjarnakonurnar Aggie MacKenzie og Kim Woodburn eru komnar vestur um haf.
▶ **20.30 Too Posh to Wash** Hreingerningardrottningarnar Aggie og Kim úr How Clean is your House hafa gerst enn nærgöngulli og taka nú fyrir persónulegri vandamál fólks en híbýli þess, það er komið að mannslíkamanum.
**21.00 Innlit / útlit**
**22.00 Close to Home** Í Close to Home er skyggnst undir yfirborðið í rólegum úthverfum, þar sem hræðilegustu glæpirnir eru oftar en ekki framdir.
**22.50 Jay Leno**

**23.35** Survivor: Panama – Tvöfaldur úrslitaþáttur (e) **1.20** Frasier – 1. þáttaröð (e) **1.45** Óstöðvandi tónlist

## NFS

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin fyrir hádegi **11.40** Brot úr dagskrá

**12.00** Hádegisfréttir/Markaðurinn/Íþróttafréttir/Veðurfréttir/Leiðarar dagblaða/Hádegið – fréttaviðtal. **13.00** Sportið **14.00** Fréttavaktin eftir hádegi **17.00** 5fréttir ▶ **18.00** Kvöldfréttir/Ísland í dag/Íþróttir/Veður

**19.40 Hrafnaþing** Ingva Hrafns Jónssonar gerir upp fréttir dagsins á tæpitungulausan hátt.
**20.10 Kompás (e)** Íslenskur fréttaskýringarþáttur í umsjá Jóhannesar Kr. Kristjánssonar. Í hverjum þætti eru tekin fyrir þrjú til fjögur mál og krufin til mergjar. Eins og nafnið gefur til kynna verður farið yfir víðan völl og verður þættinum ekkert óviðkomandi. Kynnar eru þulir NFS, Sigmundur Ernir Rúnarsson, Logi Bergmann Eiðsson, Edda Andrésdóttir o.fl.
**21.00 Fréttir**
**21.10 48 Hours** Bandarískur fréttaskýringaþáttur.
**22.00 Fréttir** Fréttir og veður
**22.30 Hrafnaþing**

**23.15** Kvöldfréttir/Ísland í dag/Íþróttir/Veður **0.15** Fréttavaktin fyrir hádegi **3.15** Fréttavaktin eftir hádegi **6.15** Hrafnaþing

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Finding Graceland **8.00** Triumph of Love **10.00** Virginia's Run **12.00** My Boss's Daughter **14.00** Finding Graceland **16.00** Triumph of Love **18.00** Virginia's Run **20.00** **Boss's Daughter** Tom Stansfield þykist hafa dottið í lukkupottinn þegar yfirmaður hans felur honum að líta eftir húsinu sínu. **22.00** **Thirteen** Margverðlaunuð og næsta óþægilega raunsönn mynd um líf unglingsstúlkna í Bandaríkjunum sem villst hafa af leið. Sagan er enda skrifuð af þrettán ára stúlku og fjallar einmitt um þrettán ára áhrifagjarna stúlku sem byrjar á því að gera að virðist saklausa uppreisn gegn móður sinni en leiðist svo út í óreglu, að virðist einungis til þess að geta fallið í hópinn. Stranglega bönnuð börnum. **0.00** In the Bedroom (B. börnum) **2.10** Taking Sides (B. börnum) **4.00** Thirteen (Str. b. börnum)

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## E! ENTERTAINMENT

**12.00** E! News **12.30** Style Star **13.00** 50 Best Chick Flicks: Sex, Cries & Videotape **15.00** 50 Cutest Child Stars: All Grown Up **17.00** Celebrity Friends Gone Bad **17.30** Number One Single **18.00** E! News **18.30** Gastineau Girls **19.00** The E! True Hollywood Story **20.00** 101 Most Shocking Moments in Entertainment **21.00** The Soup **21.30** 10 Ways **22.00** Number One Single **22.30** Number One Single **23.00** 101 Most Shocking Moments in Entertainment **0.00** The Soup **0.30** 10 Ways **1.00** The E! True Hollywood Story **2.00** 101 Craziest TV Moments

## AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15




## VIÐ MÆLUM MEÐ ...

Taka tvö Sjónvarpið kl. 21.05

### *Rætt við Ara Kristinsson*



Önnur þáttaröð spjallþátts Ásgríms Sverrissonar, Taka tvö, hófst í síðustu viku en þættirnir vöktu töluverða athygli í fyrra. Að þessu sinni fær Ásgrímur í heimsókn til sín Ara Kristinsson, leikstjóra og tökumann, en í síðustu viku var Egill Eðvarðsson í sviðsljósinu. Ari myndaði heimildarmynd Friðriks Þórs, Eldsmiðinn, og hefur síðan starfað sem myndatökumaður við fjölda íslenskra bíómynda. Hann á tvær bíómyndir að baki sem leikstjóri, Pappírs-Pésa frá 1990 og Stikkfrí sem frumsýnd var 1997. Báðar eru þær skemmtilegar barnamyndir sem nutu mikilla vinsælda.

## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | 7 | 5 | | |
| | | | 2 | 4 | | | | 3 |
| | 6 | 8 | | | | 9 | | |
| | | 6 | | | 3 | | 4 | |
| | | 1 | 8 | | 4 | 3 | | |
| | 7 | | 9 | | | 8 | | |
| | | 7 | | | | 2 | 1 | |
| 6 | | | | 2 | 1 | | | |
| | | 9 | 4 | | | | | |

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 3 | 2 | 5 | 1 | 8 | 9 | 4 | 6 |
| 5 | 1 | 9 | 3 | 4 | 6 | 2 | 8 | 7 |
| 6 | 8 | 4 | 9 | 7 | 2 | 5 | 3 | 1 |
| 4 | 5 | 1 | 8 | 9 | 3 | 7 | 6 | 2 |
| 2 | 7 | 8 | 6 | 5 | 1 | 3 | 9 | 4 |
| 3 | 9 | 6 | 7 | 2 | 4 | 8 | 1 | 5 |
| 9 | 6 | 5 | 1 | 3 | 7 | 4 | 2 | 8 |
| 1 | 2 | 7 | 4 | 8 | 9 | 6 | 5 | 3 |
| 8 | 4 | 3 | 2 | 6 | 5 | 1 | 7 | 9 |



▶ **21.00**

*Veiði*

SPORÐAKÖST II

SÝN besta sætið

**19.30 Gillette HM 2006 sportpakkinn** Öll liðin og leikmennirnir á HM 2006 í Þýskalandi teknir ítarlega fyrir. Frammistaða einstakra leikmanna í undakeppninni rifjuð upp, viðtöl við lykilleikmenn og þjálfarana, leikvangarnir skoðaðir og sérfræðingar spá í spilin.

**20.00 Meistaradeild Evrópu fréttaþáttur** Allt það helsta úr Meistaradeildinni. Fréttir af leikmönnum, liðum auk þess sem farið er í gegnum mörkin, helstu tilþrifin í síðustu umferð og spáð í spilin fyrir næstu leiki.

**20.30 Leiðin á HM 2006**

▶ **21.00 Sporðaköst II** (Vatnsá) Skemmtilegir veiðiþættir þar sem rennt er fyrir fisk víða um land. Umsjónarmaður er Eggert Skúlason en dagskrárgerð annaðist Börkur Bragi Baldvinsson.

**21.30 Þýski handboltinn (Kiel – Lemgo)**

**22.50 World Poker** (Heimsbikarinn í póker)

**0.20** UEFA Cup Final 2004/2005

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.30** Morguntónar **7.05** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.45** Morgunleikfimi **10.13** Sáðmenn söngvanna **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttayfirlit **12.03** Hádegisútvarp

**13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan **14.30** Miðdegistónar **15.03** Hið ómótstæðilega bragð **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Vitinn

**19.30** Laufskálinn **20.10** Kvöldtónar **20.20** Ástarbrall á Þingvöllum **21.00** Þau létu verkin tala **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Fiðlusnillingar barokksins **23.10** Til allra átta

**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum

### RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunútvarp Rásar 2 **9.05** Brot úr degi

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútvarpið

**18.00** Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Músík með Heiðu Eríks **20.30** Konsert **22.10** Rokkland **0.10** Popp og ról

### BYLGJAN FM 98,9

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi **13.00** Rúnar Róberts **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag **19.30** Bjarni Ólafur / Ívar Halldórs **1.00** Ragnhildur Magnúsdóttir

### AÐRAR STÖÐVAR

**FM 90,9 TALSTÖÐIN**
**FM 99,4 ÚTVARP SAGA**
**FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt Bylgjan** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 97,7 X-ið** / Enginn viðbjóður






## HRÓSIÐ

*... fær Þorvaldur Davíð Kristjánsson fyrir að sýna danshæfileika sína á sviði í sumar í leikritinu Footloose.*

## SNORRI HELGASON: GÍTARLEIKARI SPRENGJUHALLARINNAR

# Cohen, Motion Boys, Big Lebowski og Geisla-

**TÓNLISTIN**
Ég hef verið að taka smá rispu á Leonard Cohen upp á síðkastið. Svo verð ég að nefna Blur, Kinks og Dylan sem fara aldrei út hjá mér. Ég hef líka verið að tékka á Wire og fyrstu plötunni með Duncan Browne. Svo eru það náttúrlega Sprengjuhöllin og Motion Boys.

**BÓKIN**
Ég las ekki bók mér til skemmtunar fyrir utan Dabók Berts fyrr en ég var 19 ára. Síðan þá hef ég verið í massa átaki. Annars kæmi bara bókmenntaeftirlitið og sektaði mig fyrir heimsku. Það er reyndar svolítið kjánalegt en ég er að lesa mína aðra bók um Nick Drake þessa dagana.

**BÍÓMYNDIN**
Ég dýrka Pulp Fiction og Big Lebowski og allt þetta týpíska dót. Síðasta mynd sem ég sá og fannst mjög góð var örugglega Annie Hall sem ég sá á sunnudaginn í svona fimmta skipti. Ég dýrka Diane Keaton.

**BORGIN**
London er uppáhaldsborgin mín. Ég fíla attitjúdið hjá Bretum, matinn, tónlistarbúðirnar og svo náttúrlega Graham Coxon.

**BÚÐIN**
Eina búðin sem ég fíla virkilega stemninguna í er Laugarásvídeó, en það er nú varla búð. Reyndar selja þeir malt og svona. En svo er Geisladiskabúð Valda geðveik. Ég er löngu búinn að snúa bakinu við Skífunni og öllu sem henni tengist. Fer bara þangað í neyð, ef ég þarf að kaupa tónleikamiða eða eitthvað.

**VERKEFNIÐ**
Ég er annar tveggja aðalsöngvara og gítarleikara hljómsveitarinnar Sprengjuhallarinnar. Við erum að vinna í upptökum þessa dagana og stefnum á massa tónleikakeyrslu í sumar. Svo er ég á leiðinni í sagnfræði í HÍ í haust.



SNORRI HELGASON SÖNGVARI SPRENGJUHALLARINNAR

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2** súrefni **6** tveir eins **8** efni **9** trjátegund **11** ónefndur **12** tæla **14** hroki **16** bogi **17** fugl **18** reglur **20** tveir eins **21** sundfæri.

**LÓÐRÉTT**
**1** viðlag **3** tveir eins **4** rafall **5** utan **7** aðdragandi **10** ílát **13** frostskemmd **15** krakki **16** gól **19** tveir eins.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2** íldi, **6** tt, **8** lín, **9** eik, **11** nn, **12** fleka, **14** dramb, **16** ýr, **17** lóa, **18** lög, **20** rr, **21** uggi. **LÓÐRÉTT: 1** stef, **3** ll, **4** dínamór, **5** inn, **7** tildrög, **10** ker, **13** kal, **15** barn, **16** ýlu, **19** gg.








**DANSKT HÖNNUNARTEYMI** Hér má sjá dönsku stelpurnar Kristinu, Sus, Stine, Maju og Kamma Luise ásamt Rasmus Nielsen, stjórnanda

## DANSKI FATAFRAMLEIÐANDINN GENE: SÆKIR INNBLÁSTUR TIL ÍSLANDS

# Danir hanna á Íslandi

Í síðustu viku var hópur Dana staddur hér á landi á vegum Gene, sem er glænýtt danskt fatamerki. Fimm ungar stúlkur á þrítugsaldri hafa fengið það verkefni að hanna fyrstu línu fyrirtækisins sem á að vera tilbúin fyrir tískuviku í Kaupmannahöfn í ágúst. Voru þær hér á Íslandi í þeim tilgangi að fá innblástur og safna hugmyndum. Stelpurnar eru allar frekar óreyndar í þessum efnum en voru valdar úr stórum hópi umsækjanda.

„Þetta var engin skemmtiferð heldur voru stelpurnar á fullu að skissa og vinna hugmyndavinnu undir dyggri stjórn yfirhönnuðar fyrirtækissins, Cristinu Norre,“ segir Henrik Voigt sem var einnig með í för og sá um að allt ferðalagið var fest á filmu en áætlað er að búa til sex þætti fyrir sjónvarp undir heitinu Gene by young designers. „Við ferðuðumst um landið í viku og stelpurnar fengu innblástur að fatalínunni úr náttúru Íslands. Eftir nokkrar vikur fer hópurinn svo til Hong Kong og Indlands þar sem fatnaðurinn verður framleiddur og það ferðalag verður einnig allt tekið upp.“ Að sögn Henriks er ekki um raunveruleikaþátt að ræða þar sem stelpurnar reyna að ýta hvor annarri út heldur gengur verkefnið þvert á móti út á það að stelpurnar vinni saman að því sameiginlega markmiði að hanna flotta fatalínu fyrir fyrirtækið.

Gene fatnaðurinn er hugsaður fyrir 18-25 ára stelpur sem hafa ekki mikil fjárráð en langar samt í föt sem skera sig úr.

Áætlað er að línan fari fyrst í sölu í Danmörku en síðan verður stefnan sett á önnur lönd í Skandinavíu. Þrátt fyrir að fatnaðurinn sé langt frá því að vera tilbúinn var einnig verið að taka upp auglýsingar fyrir fyrirtækið hér á landi.

„Þetta eru ímyndarauglýsingar þar sem við nýttum okkur fyrirsætur frá Eskimo models og tökustaðirnir voru Gullfoss og Bláa lónið,“ upplýsir Henrik.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Umfjöllun Fréttablaðsins á laugardag um konurnar í lífi borgarstjóraefnanna vakti verðskuldaða athygli. **Guðrún Kristjánsdóttir**, unnusta **Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar**, var mynduð á heimili þeirra og sást glitta í fána með merki Reykjavíkurborgar í bakgrunni myndarinnar. Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson er þó ekki eini frambjóðandinn í Reykjavík sem tekur „vinnuna með sér heim“. Þannig hafa heyrst sögur af því í kosningabaráttunni að vinnuherbergi **Björns Inga Hrafnssonar** á heimili hans sé fagurlega málað með grænum lit, allt til þess að rétti andinn komi yfir Björn Inga þegar þess þarf með.

Fjöldi góðra gesta lét sjá sig í hádegisverðarboði sem Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík hélt á ströndinni í Cannes á sunnudag og **Hrönn Marínósdóttir**, framkvæmdastjóri hátíðarinnar, var hæstánægð með hvernig til tókst. **Dimitri Eipedes**, dagskrárstjóri hátíðarinnar, var í för með Hrönn og **Valgerður Sverrisdóttir**, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, ávarpaði samkomuna. Hrönn notaði tækifærið til þess að tilkynna að borgaryfirvöld hafi samþykkt að öll ljós í Reykjavík verði slökkt um stund fyrsta kvöld kvikmyndahátíðarinnar í september og kvöldhimininum verði þannig breytt í stærsta bíótjald heims þegar ljósmengunin hverfur. Hugmyndin er komin frá **Andra Snæ Magnasyni** rithöfundi og ætlunin er að fá stjörnuspeking til að lýsa því sem fyrir augu ber á himnum.



Virtir blaðamenn og kvikmyndamógúlar létu sjá sig og nægir þar að nefna **Derek Malcolm**, einn virtasta kvikmyndagagnrýnanda heims, en hann skrifaði um kvikmyndir fyrir The Guardian í 30 ár þar til hann flutti sig yfir á Evening Times. **Sigurjón Sighvatsson** og **Jón Ólafsson** létu sig heldur ekki vanta frekar en kvikmyndagerðarfólkið **Sólveig Anspach**, **Grímur Hákonarson**, **Ingvar Þórðarson**, **Snorri Þórisson** hjá Pegasus og fjölmargir aðrir Íslendingar sem staddir voru í Cannes.



**-hdm/-ÞÞ**






# List á Hegningarhúsinu



**FLOTTUR VEGGUR** Nemendur í málaradeild Iðnskólans eiga heiðurinn að þessari flottu veggskreytingu á Hegningarhúsinu sem var unnin að áeggjan Spron. Fyrirhugað er að tvö önnur verk bætist á vegginn. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Vegfarendur sem átt hafa leið um Vegamótastíg að undanförnu hafa horft með gleði á veggskreytingu á fangelsisvegg Hegningarhússins sem snýr út að götunni. Veggurinn er yfirleitt útkrassaður en nú þekja þrjú abstrakt málverk hann. Það er þó ekki Hegningarhúsið sem á heiðurinn af þessari skemmtilegu list sem nú er komin þarna á vegginn heldur nágrannar fangelsisins, Sparisjóður Reykjavíkur. Að sögn Ólafs Haraldssonar, framkvæmdastjóra Sparisjóðsstarfsemi Spron, voru starfsmenn bankans orðnir þreyttir á að horfa á útkrotaðan vegginn. Eftir að hafa fengið góðfúslegt leyfi frá fangelsisyfirvöldum um að taka vegginn í gegn var leitað til málaradeildar Iðnskólans í Reykjavík sem útskrifar bæði byggingarmálara og auglýsinga- og skiltamálara. 27 nemendur úr málaradeildinni komu með hugmyndir að verkum sem prýtt gætu vegginn og úr þeim voru þrjár tillögur valdar. Nemendur sáu í kjölfarið um að koma verkunum á vegginn undir dyggri stjórn Helga Grétars Kristjánssonar, deildarstjóra málaradeildarinnar. Það skal tekið fram að verkin tengjast starfsemi bankans ekkert, þau eru á engan hátt auglýsing fyrir bankann heldur einungis augnayndi bæði fyrir starfsmenn Spron sem og vegfarendur sem leið eiga um hverfið.

**- snæ**

# Margrét Sverrisdóttir er í baráttusætinu!



✓ Tryggjum kjör hennar á laugardaginn.

✓ Atkvæði þitt getur ráðið úrslitum.

FRJÁLSLYNDIR OG ÓHÁÐIR

Kosningaskrifstofa Aðalstræti 9, s. 552 2600 • flistinn@xf.is • www.f-listinn.is

ODDI VOA 9130

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**









**BAKÞANKAR**

**ÞÓRHILDAR ELÍNAR ELÍNARDÓTTUR**

## *Silvía Nótt í framboði*

Þá er Júróvisíon búið með hefðbundnum vonbrigðum fyrir okkur Íslendinga. Við þurfum samt ekki að detta úr keppnisgírnum alveg strax því næsta stigakvöld er á laugardaginn í kosningunum. Þá er aftur tækifæri fyrir Silvíu Nótt.

**EF** Silvía Nótt væri í framboði kæmumst við varla á milli póstnúmera án þess að sjá flettiskilti af henni víðsvegar sem væri hún ein í flokki. Enda léti hún eflaust ógert að kenna sig við flokk og væri bara Exenn svo fortíðin þvældist ekki fyrir henni. Í öllum slúðurblöðum sæjum við hvað hún er ógeðslega töff svo jafnvel smæstu útlitseinkenni heyrðu til tíðinda. Enda hefði hún lagt í töluverð útgjöld við búninga auk ómældrar vinnu við að mála á sig opinbera andlitið. Án efa tröllriði hún auglýsingatímum í sjónvarpi með glæsilegum myndum af sjálfri sér svo við vissum hvað hún er fræg.

**ÞVÍ** hvað sem um Silvíu Nótt mætti annars segja þá myndi hófsemisstefna hennar í málefnum bera nýtni og nægjusemi fagurt vitni. Að kunna að gera mikið úr litlu er dyggð hverrar hagsýnnar húsmóður, sérstaklega þegar gæði eru takmörkuð. Væri hún krafin svara segði hún eflaust best að hafa flugvöllinn á hafi úti, til dæmis á Lönguskerjum. Aðspurð um Sundabraut þætti henni örugglega flottast að fara langdýrustu leiðina sem allir hefðu löngu hafnað. Eða hún myndi bjóða pening þeim sem halda sig heima hjá börnunum svo konurnar séu ekki að þvælast fyrir á vinnumarkaði. Ef Silvía lenti í vanda með stefnumálin gæti hún alltaf lofað því að selja mjólkurkúna og gefa öllum kvartmilljón í vasann. Annars kallaði hún bara á pabba og hótaði að slíta sambandinu við kærastann ef bólugröfnu tíkurnar ætluðu að vera með eitthvað múður. Kannski væri það nóg til að fá stig í keppninni, því Silvía Nótt veit eins og allir skemmtikraftar að það er ekki endilega stærðin sem skiptir máli. Aðalatriðið er að vera með númer sem aðra gæti vantað í sitt sýningaratriði. Ef svo færi gæti hún dregið í land og látið ganga á eftir sér. Tekið svo hæsta tilboði og orðið loksins alvöru díva.

**VERST** að næsta laugardag eru það bara fullorðnir sem kjósa. Eins og Exenn er töff, skilurðu. Samt eitthvað svo glatað.





**KIA Sorento** er frábær jeppi byggður á grind með aflmikilli 140 hestafla turbo dísilvél, háu og lágu drifi og 5 þrepa sjálfskiptingu. Auk þess ríkulega búinn með ABS hemlakerfi, tvískiptum afturhlera, álfelgum, þakboga og mörgu fleiru. Þetta er jeppi sem þú verður að prófa.

**Taktu þátt í HM leik KIA** og þú átt möguleika á frábærri ferð fyrir tvo á úrslitaleik HM í sumar. Allir sem kaupa KIA bíl hjá KIA umboðinu til 15. júní eiga möguleika á þessari frábæru ferð.

*KIA umboðið er eini viðurkenndi sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi.*
*3 ára ábyrgð.*



**KIA fer fram úr helstu bílaframleiðendum heimsins**
Í nýrri gæðakönnun JD Power varð KIA Sorento sigurvegari í flokki aldrifsbíla og sá eini sem fékk 5 stjörnur.

KIA MOTORS

HEKLA KIA ***umboðið*** á Íslandi er í eigu Heklu hf. Laugavegi 172 • Reykjavík • sími 590 5700





*Hávaxtareikningar*

# Háir vextir og mikið öryggi!

Innlánsreikningar SPRON eru hugsaðir fyrir einstaklinga og fyrirtæki sem vilja háa vexti og mikið öryggi.
Kynntu þér málið á **spron.is**

spron – frelsi í bankaviðskiptum

ARGUS / 06-0288